allt

HRAFNHILDUR GUNNARSDÓTTIR

*Matargerð er grundvallarþörf*

• matur • tilboð

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



HLJÓMSVEITIN SIGUR RÓS

*Platan Takk er komin á netið mánuði fyrir áætlaðan útgáfudag*

FÓLK 42 ▶








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. ágúst 2005 - 208. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR

### Listasprengja í Hveragerði

Yfir tuttugu listamenn ætla að taka höndum saman og framkalla sannkallaða listasprengju á sýningunni Tívolí sem verður opnuð á sunnudaginn. Áætlað er að framkalla gleði gamalla tíma. Markús Þór Andrésson er sýningarstjóri.



MENNING 32

### Fer ekki vel af stað

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fer ekki vel af stað sem formaður Samfylkingarinnar, segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson. „Hún var valin í þessa stöðu, af því að flokksfólk taldi hana geta gegnt sama hlutverki á vinstri vængnum og Davíð Oddsson á hinum hægri. Það treysti sennilega á einhvers konar sögulega ljósritun“.



Í DAG 20

### Valur og Fram í úrslitum

Gömlu Reykjavíkurstórveldin Valur og Fram munu mætast í úrslitaleik bikarkeppninnar í knattspyrnu karla. Valur vann í gær 2–0 sigur á Fylki í undanúrslitum þar sem Garðar Gunnlaugsson skoraði bæði mörk liðsins.



ÍÞRÓTTIR 28

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJARTVIÐRI SYÐRA** Víða smá skúrir norðan og austan til. Hiti 5-15 stig, hlýjast syðra en svalast fyrir norðan.

VEÐUR 4






FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM GUNNARSSON

**EIGA VIÐ RAMMAN REIP AÐ DRAGA** Miklar framkvæmdir standa nú yfir við Miklubraut. Þessir fílefldu vegavinnumenn nýttu tækifærið meðan grænt ljós var á gangandi vegfarendur við Lönguhlíð og drógu fjögur hundruð metra langan streng í gegnum rör sem liggur þangað frá gönguljósunum við gatnamót Stakkahlíðar og Miklubrautar.

Stærri gatnaframkvæmdir í Reykjavík ganga samkvæmt áætlun:

# Umferðartafir í nokkrar vikur enn

**SAMGÖNGUR** „Framkvæmdum miðar að öllu leyti samkvæmt áætlunum og ekkert stórvægilegt hefur komið upp,“ segir Höskuldur Tryggvason hjá mannvirkjaskrifstofu framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar.

Unnið hefur verið hörðum höndum að breytingum á tveimur af mestu umferðaræðum höfuðborgarbúa í sumar með tilheyrandi truflunum á umferð. Þar er annars vegar um breikkun á öllum gatnamótum Kringlumýrar- og Miklubrautar að ræða sem á að ljúka í lok þessa mánaðar en gatnamótin eru þau fjölförnustu á landinu. Hins vegar eru framkvæmdir við Hringbraut sem eru einnig á áætlun en talsvert er þó enn í land þar og verða verklok vart fyrr en áætlað var, um miðjan október. Nú er unnið að gerð ganga undir Snorrabraut en hún er enn lokuð fyrir umferð af þeim sökum.

- aöe

# Hvalveiðimenn segja hrefnuna skorta æti

**Hrefnuveiðimenn hafa áhyggjur af holdafari hrefnunnar og óttast að hún hverfi á önnur mið fái hún ekki næga fæðu hér við land. Vísindamenn segja að bíða verði með ályktanir uns niðurstöður fitumælinga liggi fyrir.**

**HREFNUVEIÐAR** „Þær eru ósköp magrar í ár,“ segir Gunnar Bergmann, talsmaður Félags hvalveiðimanna, en hann segir hrefnuveiðimenn hafa áhyggjur af því að lítið æti sé hér á slóðum hrefnunnar.

„Menn hafa tekið eftir því að hún er mun spikminni en í fyrra,“ bætir Gunnar við. Hann segir að þar sem hrefnan sé flökkudýr geti vel farið svo að hún hverfi af Íslandsmiðum ef hún finni ekki næga fæðu hér við land.

Hrefnuveiðimaður sem Fréttablaðið talaði við segir að varla sjáist sandsíli, trönusíli eða sjófuglar á veiðislóð. Einn þeirra sagði að ef þessir smærri fiskar væru ekki til staðar færi hrefnan að leggja sér þorsk til munns í meira mæli eða koma sér hreinlega á önnur mið.

Davíð Gíslason, leiðangursstjóri á hvalveiðibátnum Nirði, segir erfitt að meta eftir auganu hvort hrefnan sé almennt rýrari nú en í fyrra. Hann segir að fram fari fitu- og orkumælingar á hrefnunum.



**HVALKJÖTIÐ KEMUR Í HÚS** Gunnar Bergmann, talsmaður Félags hrefnuveiðimanna, og Árni Níelsson kjötiðnaðarmaður taka við hvalkjöti til vinnslu.

Niðurstöður mælinganna muni liggja fyrir einhvern tímann í haust og fyrst þá verði hægt að draga ályktanir af holdafari hrefnunnar.

Hann segir að tíðarfar ráði miklu um það hvort síli og sjófuglar séu á kreiki. „Það var til dæmis mjög lítið um síli og sjófugla í byrjun júlí hér í Faxaflóa þar sem við erum við veiðar en svo var allt annað uppi á teningnum seinna í mánuðinum,“ segir hann.

Þorvaldur Gunnlaugsson, sérfræðingur á Hafrannsóknastofnuninni, segir fátt benda til þess að hrefnan sé í magrara lagi í ár. „Ég fór í eina veiðiferð þar sem veiddar voru þrjár skepnur og tvær þeirra voru nokkuð feitar en sú þriðja var frekar illa á sig komin en hún hefur sennilegast verið nýkomin úr suðurhöfum,“ segir hann.

Alls hafa veiðst 27 hrefnur í sumar af þeim 39 sem fyrirhugað er að veiddar verði á þessari vertíð. Dröfn veiddi tvær í fyrradag og Njörður eina í fyrradag og aðra í gær en Halldór Sigurðsson hefur ekki komist á miðin í allnokkra daga vegna brælu fyrir vestan.

Að sögn Gunnars hefur ekki komið til neinna árekstra milli hvalveiðimanna og hvalaskoðenda frá því veiðar hófust.

- jse

Sprengjutilræðið 21. júlí:

## Tvær systur ákærðar

**LONDON** Tvær systur, búsettar í Stockwell-hverfi í Lundúnum, hafa verið ákærðar fyrir að veita ekki upplýsingar eftir sprengjutilræðið 21. júlí. Systurnar tvær, Yeshshiembet Girma, sem er 28 ára og Muluemebet Girma, 21 árs, munu mæta fyrir rétti í dag.

Aðeins einn annar hefur verið kærður vegna tilræðisins, en hann er enn í haldi lögreglu, sakaður um að veita ekki upplýsingar um meintan hryðjuverkamann vegna tilræðisins við Shepherd's Bush. Maðurinn, Ismael Abdurahman, mætti fyrir rétti í gær, þar sem hann gaf einungis upp nafn sitt. Dómarinn samþykkti varðhald yfir honum til 11. ágúst.

Lögreglan í Lundúnum hefur nú fimmtán manns í varðhaldi vegna tilræðisins. ■

Fall hermanna í Írak:

## Stuðningur við Bush minnkar

**WASHINGTON, AP** Eftir að fjórtán bandarískir hermenn létu lífið þegar vegasprengja í Írak sprakk á miðvikudag, auk fjórtán hermanna sem létust á mánudag, hafa Bandaríkjamenn krafist þess í vaxandi mæli að George W. Bush forseti kalli hermennina heim.

Frá því innrásin í Írak hófst hafa 1.800 bandarískir hermenn látið lífið og samkvæmt nýrri könnun AP-fréttastofunnar eru einungis 38 prósent Bandaríkjamanna sátt við hvernig Bush hefur staðið sig í Íraksmálinu. Aldrei áður hefur hann mælst með jafn lítinn stuðning í því máli, en fyrir ári síðan voru jafn margir sáttir og ósáttir.

Bush sagðist í gær ekki hafa í hyggju að breyta um stefnu, en Bandaríkjamenn ætla næsta vor að fækka hermönnum sínum í Írak. ■




Þúsundir lögreglumanna eru enn á götum úti til að verja íbúa bresku höfuðborgarinnar:

# Al-Kaída hótar frekari árásum í Lundúnum

**LONDON, AP** Mikill viðbúnaður var hjá lögreglunni á lestarstöðum í Lundúnum í gær í kjölfar þess að frekari árásum hafði verið hótað. Fjórar vikur eru liðnar síðan 52 létust í sjálfsmorðssprengingum í lestum og strætisvagni í Lundúnum.

Næstráðandi al-Kaída, Ayman al-Zawahri, hótaði í gær frekari árásum í Lundúnum í ávarpi sem birt var á sjónvarpsstöðinni Al-Jazeera. Þá fagnaði hann árásinni fyrir fjórum vikum og sagði Tony Blair forsætisráðherra bera ábyrgðina, vegna þátttöku Breta í innrásinni í Írak. Al-Zawahri tók ekki fram hvort hann bæri ábyrgð á sjálfsmorðsárásunum í júlí. Þá sagði hann að tugþúsundir bandarískra hermanna myndu láta lífið í Írak.

Þrátt fyrir þessar hótanir og áberandi vopnaða lögreglumenn í miðborg London ferðuðust íbúar borgarinnar um eins og ekkert væri. Robert Allen, sem var að bíða eftir lestinni á King's Cross lestarstöðinni, sagðist þó vera svolítið óöruggur. Hann fylgdist betur með fólki sem væri í lestinni til að sjá hvað það væru að gera. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**VOPNAÐIR LÖGREGLUMENN Í LONDON** Fjöldi vopnaðra lögreglumanna vaktaði helstu lestarstöðvar Lundúna í gær.



## SPURNING DAGSINS

*Magnús Tumi, skiptir stærðin máli?*

„Stundum og stundum ekki."

Magnús Tumi Guðmundsson er formaður Jöklarannsóknafélags Íslands. Í gær var tilkynnt að Hvannadalshnúkur er 2.110 metrar á hæð en ekki 2.119 eins og talið var.

Danmörk:

## Þýskir ferðamenn drukkna

**DANMÖRK, AP** Tveir þýskir ferðamenn drukknuðu í gær, eftir að fimm meðlimir sömu fjölskyldu lentu í erfiðleikum vegna undiröldu þar sem þeir voru að synda í Norðursjónum við strendur Jótlands.

Móðirin í fjölskyldunni er enn í lífshættu á sjúkrahúsi en tvö börn hennar, 10 og 16 ára, lifðu einnig af. Hin látnu eru sögð vera fjölskyldufaðirinn og amman en nöfn þeirra hafa ekki verið gefin upp. Slysið átti sér stað í Nymindegab, sem er 230 kílómetrum vestan við Kaupmannahöfn. ■

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÓHULTIR EFTIR BÍLVELTU** Enginn slasaðist þegar bíll valt seinnipartinn í gær á Vatnsfjarðarnesi í Ísafjarðardjúpi. Tveir voru í bílnum og voru þeir báðir fluttir á sjúkrahús á Ísafirði, en fengu að fara heim eftir læknisskoðun.

### SJÚKRAFLUG

**SJÓMAÐUR DATT ÚR STIGA** Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LIF, sótti slasaðan mann um borð í togarann Akureyrina í fyrrakvöld, þar sem skipið var við veiðar á Halamiðum, 50 sjómílur norðvestur af Ísafirði. Eftir að læknir hafði fengið nánari upplýsingar um ástand mannsins, sem datt úr stiga, var ákveðið að sækja hann með þyrlu og var hann fluttur á Landspítala - háskólasjúkrahús.



# Djöfulleg breyting fyrir gamla fólkið

**Ellilífeyrisþegi í Árbæ segir að með nýju leiðakerfi Strætó bs. sé í raun búið að gera mörgum ófært að taka strætisvagn þaðan og niður í bæ. Hann segir þetta einkum bitna á gamla fólkinu og fólki með skerta hreyfigetu.**

**SAMGÖNGUR** „Þetta er djöfulleg breyting fyrir gamla fólkið," segir Eggert Magnússon, íbúi í Árbæ, um breytt leiðakerfi Strætó bs.

Eggert beið eftir strætisvagni í Rofabæ þegar Fréttablaðið hitti hann. Hann er níræður og segist vera algjörlega háður strætisvögnunum til að komast leiðar sinnar.

„Þetta nýja kerfi er svo margfalt verra heldur en það sem var áður, sérstaklega fyrir gamla fólkið," segir hann.

Samkvæmt gamla leiðarkerfinu voru vagnar 10 og 11 hringleiðir um Árbæjarhverfi sem tengdu saman Selás og Breiðholt og enduðu á Hlemmi. Leið 110 tók Selásbrautina, Rofabæ, Bæjarháls, Ártúnsholt, Miklubraut, Hringbraut, Háskólann og endaði á Lækjartorgi. Með nýja kerfinu voru þessar leiðir lagðar niður en í staðinn kom leið 25 sem fer um Rofabæ í Norðlingaholt og leið 5 sem fer frá Selási um Bæjarháls niður Vesturlandsveg, Miklubraut, Hringbraut niður í Lækjargötu og þaðan upp á Hlemm.

„Áður gat ég tekið vagninn í Ártún og þaðan gengu vagnar í allar áttir," segir Eggert. „Nú þarf ég að fara á skiptistöð, þar sem ég þarf að klifra þrjá stiga til að komast í vagninn niður í bæ. Ég sé ekki hvernig gamla fólkið og aðrir sem eru með skerta hreyfigetu eiga að komast þetta, sérstaklega eftir að fer að snjóa og svell sest í stigana. Ég kemst til að mynda ekki niður á Landspítala né í Skeifuna lengur."

Á næstu biðstöð í Rofabænum beið Aðalsteinn Guðmundsson. Hann er líka óánægður með nýja leiðakerfið.

„Ég er búinn að bíða hér í korter," segir hann. „Ég hefði heldur átt að labba þetta. Það var að öllu leyti miklu þægilegra að hafa gamla kerfið, bæði styttra á biðstöðina og svo þurfti ég ekki að ganga eins langt til að komast í vinnu og úr. Það finnst öllum í mínum kunningjahópi þetta alveg fáránlegar breytingar því við notum ekki strætó nema af því að við þurfum þess."

jss@frettabladid.is



**SKIPTISTÖÐIN** Klífa þarf brattar tröppur til að komast á skiptistöðina við Vesturlandsveg.



**EGGERT MAGNÚSSON** „Það er búið að gera þessar leiðir úr Árbænum ófærar fyrir marga."



**AÐALSTEINN GUÐMUNDSSON** „Það finnst öllum fáránlegt að þurfa nú að labba meira og bíða lengur."

Árásin í London:

## Heimatilbúnar sprengjur

**NEW YORK, AP** Þeir sem stóðu að sjálfsmorðssprengingunum í London fyrir fjórum vikum notuðust við heimatilbúið sprengiefni, eftir því sem lögreglan í New York-borg segir. Lögreglustjórinn í New York sagði þetta á fundi í gær með háttsettum aðilum í viðskiptalífinu. Þar kom fram að í fyrstu hefði verið talið að sprengiefnin sem notast var við hefðu verið svipuð þeim sem notuð eru í hernum. „Það er líklegra að þessir hryðjuverkamenn hafi farið í byggingavöruverslun eða apótek," sagði lögreglustjórinn.

Einnig kom fram að sprengjurnar hefðu verið fluttar í drykkjarkæli frá Leeds til London og að farsímar hefðu líklega verið notaðir til að virkja sprengjurnar. ■

Geimferjan Discovery:

## Frekari viðgerðir ekki nauðsyn

**HOUSTON, AP** Ákveðið hefur verið að ekki sé nauðsynlegt að fara út í enn eina geimgönguna til að gera við hitateppi, undir glugga flugstjórnanda geimferjunnar Discovery, sem rifnaði þegar flauginni var skotið frá jörðu.

Sérfræðingar NASA tilkynntu áhöfn geimferjunnar þetta í gær. Á miðvikudag var tækifærið notað til að kanna hvort hitateppið krefðist viðgerða þegar gert var við hitahlíf undir geimferjunni og voru myndir af skemmdunum sendar til jarðar.

„Við höfum góðar fréttir," sagði stjórnstöðin í Houston, þegar sérfræðingar NASA voru búnir að kanna myndirnar í þaula. „Þetta verður ekkert vandamál." Áhöfnin um borð fagnaði þessum fréttum, en áætlað er að geimferjan snúi aftur til jarðar snemma á mánudagsmorgun. ■

Vestmannaeyingar vilja fjölga ferðum Herjólfs:

# Bærinn gæti boðið í reksturinn

**SAMGÖNGUR** Lúðvík Bergvinsson, forseti bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar, útilokar ekki að bærinn bjóði í rekstur Vestmannaeyjaferju. Enn hafa þó engar ákvarðanir verið teknar í þeim efnum að hans sögn en málið verður skoðað.

Vegagerðin hefur boðið út rekstur ferjunnar árin 2006 til 2010 og gerir ráð fyrir að ferðum verði fjölgað í þrettán á viku milli lands og Eyja. Núgildandi sumaráætlun gerir ráð fyrir þrettán ferðum á viku en færri ferðir hafa verið farnar yfir vetrartímann.

„Verið er að auka og bæta samgöngur til Vestmannaeyja og við erum ánægð með það," segir Lúðvík en árlegum ferðum verður fjölgað úr 660 til 670 á ári í rúmlega sjö hundruð. „Þetta er skref í rétta átt," segir hann.

Samskip hafa séð um rekstur Herjólfs síðastliðin ár og ætla að skila inn tilboði fyrir áframhaldandi rekstur, að sögn Önnu Guðnýjar Aradóttur, markaðsstjóra Samskipa. „Við erum mjög ánægð með hvernig tekist hefur til með reksturinn og höfum átt gott samstarf við Vestmannaeyinga," segir hún.

- ht



**HERJÓLFUR** Samskip hafa séð um rekstur ferjunnar undanfarin ár og sækjast eftir að gera það áfram. Forsvarsmenn Vestmannaeyjabæjar hafa ekki ákveðið hvort boðið verði í reksturinn.

Alltaf hagstætt
ÓB
ódýrt bensín
14 stöðvar!
www.ob.is







Farðu inn á **landsbanki.is** og búðu til þitt eigið kort

**Solla**
Kiss-aðdáandi númer eitt

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 04.08.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,16 | 63,46 |
| Sterlingspund | GBP | 112,33 | 112,87 |
| Evra | EUR | 77,89 | 78,33 |
| Dönsk króna | DKK | 10,44 | 10,50 |
| Norsk króna | NOK | 9,91 | 9,96 |
| Sænsk króna | SEK | 8,32 | 8,37 |
| Japanskt jen | JPY | 0,57 | 0,57 |
| SDR | XDR | 92,53 | 93,09 |

*Gengisvísitala krónunnar*

108,5595

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hvannadalshnúkur er níu metrum lægri en áður var talið:

# Hæsti tindurinn er 2110 metrar

**LANDMÆLINGAR** Hvannadalshnúkur á Öræfajökli, hæsti tindur landsins, er níu metrum lægri en áður var talið. Niðurstaða GPS-mælinga á honum er sú að hnúkurinn sé 2109,6 metra hár, en ekki 2119 metrar eins og lengst af var talið. Hann er þó enn hæsti tindur landsins.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra kynnti þessa niðurstöðu ásamt Sigríði Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra á blaðamannafundi á tröppum Stjórnarráðsins í gær.

Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga, segir stefnt að því að mæla hæðina með reglulega héðan í frá, en áætlað er að gera það á tíu ára fresti. - grs

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR



**HALLDÓR OG SIGRÍÐUR ANNA KYNNA NIÐURSTÖÐUNA** Ráðherrarnir stigu út úr Stjórnarráðinu í fáeinar mínútur til að kynna blaðamönnum niðurstöðuna.

Björgun seglskútu:

# Mastur Svölu brotnaði af

**BJÖRGUN** Mastur seglskútunnar Svölu brotnaði af í fyrrinótt þegar báturinn Ársæll, sem kom að skútunni þar sem hana rak milli Færeyja og Íslands, dró hana í land.

Að sögn Finnboga Ólafssonar stýrimanns á Ársæli hrundi mastrið í kröftugri vindhviðu og tók það skipverja tvær klukkustundir að koma því um borð í fiskibátinn.

Garðar Jóhannsson, einn af eigendum skútunnar, segir að þegar skútan hafi verið skilin eftir á reki hafi bóma sem er áföst á mastrinu brotnað. Hann hafði þó enn vitneskju um hvort mastrið hefði brotnað þar eða hvort það hefði losnað og hrunið. - jse



**HINSEGIN DAGAR 2004** Í fyrra mættu yfir 40.000 manns til að berja gleðigönguna augum og samgleðjast samkynhneigðum.

Hátíð samkynhneigðra:

# Hinsegin dagar hófust í gær

**HÁTÍÐ** Hinsegin dagar í Reykjavík, Gay Pride, hófust með opnunarhátíð á skemmtistaðnum NASA í gærkvöldi. Hátíðin er nú haldin í sjöunda skipti og er hápunktur hennar sem fyrr gleðiganga og skemmtun á morgun.

Gleðigangan fer frá Hlemmi klukkan 15 á morgun og að henni lokinni klukkan 16.15 verða skemmtiatriði í Lækjargötu. Í fyrra komu rúmlega 40.000 manns á hátíðina og framkvæmdastjóri Hinsegin daga, Heimir Már Pétursson, gerir sér von um að enn fleiri fylgist með göngunni í ár. Fjöldi listamanna, íslenskra og erlendra, kemur fram á ýmsum viðburðum hátíðarinnar, sem lýkur á sunnudag. ■

## NORÐUR-ÍRLAND

**STANDIÐ VIÐ LOFORÐIN** Tony Blair hvatti IRA í gær til þess að standa við loforð sitt frá því í síðustu viku um að hætta vopnaðri baráttu. Orð Blairs féllu á blaðamannafundi eftir að hafa rætt við stjórnmálamenn á Norður-Írlandi um möguleika á því að endurreisa norður- írska stjórn. Einnig varði hann ákvörðun Breta um að fækka hermönnum á Norður-Írlandi eftir yfirlýsingu IRA.

MYND/AP



**FRÁ GUANTANAMO-FLÓA Á KÚBU** Samtökin Amnesty International hafa gagnrýnt fangelsi Bandaríkjamanna á Kúbu. Nú hafa þau skýrt frá því að ástæða sé til að ætla að Bandaríkjamenn starfræki leynileg neðanjarðarfangelsi víða um heim.

# Saka Bandaríkjamenn um leynilegar pyntingar

**Amnesty International segir að frásögn tveggja Jemena bendi til þess að Bandaríkjamenn starfræki leynileg neðanjarðarfangelsi þar sem mönnum sé haldið án ákæru. Bandaríkjamenn hafa ekki svarað ásökununum.**

**PYNTINGAR** Tveir Jemenar halda því fram að þeim hafi verið haldið föngnum í leynilegum bandarískum neðanjarðarfangelsum í eitt og hálft ár án ákæru. Mannréttindasamtökin Amnesty International skýra frá þessu og skora jafnframt á Bandaríkjamenn að veita upplýsingar um fangelsin, hætta að nota þau og gefa upp nöfn þeirra sem eru í haldi.

Fréttavefur BBC skýrir frá því að talsmenn Amnesty óttist að málið sé mun stærra og að Bandaríkjamenn reki víða leynileg fangelsi. Bandaríkjamenn hafa ekki svarað ásökununum.

Jemenarnir tveir voru handteknir hvor í sínu lagi en frásögn þeirra er nánast samhljóma. Annar segist hafa verið tekinn til fanga í Jórdaníu árið 2003 og hinn í Indónesíu sama ár, en sá segist hafa verið fluttur flugleiðis til Jórdaníu. Báðir segja jórdanska leyniþjónustumenn hafa pyntað sig í fjóra daga.

Þá hafi þeir verið fluttir í neðanjarðarfangelsi þar sem þeim hafi verið haldið í einangrun í sex til átta mánuði. Bandarískir fangaverðir hafi yfirheyrt þá daglega um ferðir þeirra í Indónesíu og Afganistan en síðan hafi þeir verið fluttir í annað neðanjarðarfangelsi. Mennirnir tveir voru fluttir í maí til Jemen, þar sem þeir eru enn í haldi án ákæru.

Sharon Critoph, sem ræddi við mennina í Jemen á vegum Amnesty, segir: „Við óttumst að það sem við höfum heyrt frá þessum tveimur mönnum sé aðeins lítill hluti miklu stærra máls og að Bandaríkjamenn starfræki leynileg fangelsi víða um heim.“

Amnesty hefur haldið því fram að Bandaríkjamenn beiti ítrekað pyntingum við yfirheyrslur fanga sem þeir hafa í haldi vegna gruns um tengsl við hryðjuverkahópa. Yfirmaður bandarísku leyniþjónustunnar, CIA, vísaði þessu þó á bug nýlega og sagði stofnunina ekki beita ofbeldi við yfirheyrslur.

Frásagnir fanga og fangavarða í bandarísku fangelsunum í Guantanamo-flóa á Kúbu og Abu Ghraib í Írak benda hins vegar eindregið til þess að fangaverðir beiti fanga ofbeldi, andlegu sem líkamlegu. - sda

Hlutabréfamarkaður:

# Sjaldan meiri viðskipti

**VIÐSKIPTI** Rúmlega nítján milljarða viðskipti voru með hlutabréf í Kauphöllinni í gær. Eru það þriðju mestu viðskipti á einum degi frá opnun Hallarinnar.

Langmest viðskipti voru með bréf í Íslandsbanka, upp á rúma 8,5 milljarða króna, verslað var með hlutabréf í KB banka fyrir tæpa fjóra milljarða og þá voru tæplega 2,5 milljarða viðskipti með bréf í Landsbankanum.

„Viðskipti með hlutabréf hafa vaxið mikið fyrri hluta árs og hafa verið að meðaltali 3,3 milljarðar á dag. Það voru mikil viðskipti í dag en metið stendur þó enn óhaggað í 24,8 milljörðum“, sagði Magnús Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs Kauphallarinnar.

Úrvalsvísitalan hækkaði um rúm tvö prósent í gær og stendur í sögulegu hámarki. - jsk

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** Viðskipti með hlutabréf í Kauphöll Íslands námu í gær rúmum nítján milljörðum króna. Eru það þriðju mestu viðskipti á einum degi frá upphafi.

## RÚSSLAND

**TÍU LÉTUST ÞEGAR BÍLSTJÓRI SOFNAÐI** Að minnsta kostu tíu létust, þar af fimm Þjóðverjar, þegar vörubíll skall á rútu á þjóðvegi í Síberíu í gær. Skyggni var mjög slæmt á þeim tíma sem slysið varð vegna þoku. Lögregluyfirvöld segja að líklega hafi bílstjóri vörubílsins sofnað við stýrið. Þá lést annar Þjóðverji í umferðarslysi í Moskvu í gær.


SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

MIKIÐ ÚRVAL

Enn meiri verðlækkun

Allir barnaskór á 995.-

Valmiki

Kringlunni • Sími 553 2888


## VEÐRIÐ Í DAG

**NORÐURLANDIÐ LÍTIÐ SPENNANDI** Sennilega verður það best í henni Reykjavík og þar í kring. Nú dregur hratt niður í hitanum fyrir norðan og er hann þar víðast undir tíu gráðunum í dag. Sem sagt napurt enda lítilsháttar væta þar af og til. Það er helst að sjá að syðra verði veðrið nokkuð bjart fram á laugardagskvöld en þá nálgast okkur vinkona, **lægð**, með rigningu og roki, einkum sunnan- og vestanlands. Þannig að norður er lítið að sækja, hafi menn áhuga á góðu og björtu veðri.




Á morgun




Yfirleitt hæglætisveður, síst þó með suðurströndinni.

Sunnudagur




Allhvasst sunnan og vestan til, annars hægari.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C skúrir | París | 23°C hálfskýjað | Alicante | 31°C heiðskírt |
| Ósló | 20°C heiðskírt | Berlín | 23°C heiðskirt | Milano | 27°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 20°C heiðskírt | Frankfurt | 24°C heiðskírt | New York | 35°C skúrir |
| Helsinki | 19°C heiðskírt | Madrid | 37°C heiðskírt | San Francisco | 20°C heiðskírt |
| London | 24°C hálfskýjað | Barcelona | 30°C hálfskýjað | Orlando/Florida | 35°C heiðskírt |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Frábær tilboð




**40% afsláttur við kassa**

**Helgarsteik**
með sólþurkuðum tómötum

**TILBOÐ**
**755** kr/kg
Merkt verð 1.258,-




**Jamie Oliver**
mælir með kaldpressaðri
Avocado olíunni

**Olivado Extra Virgin Avacado Olían** er einstaklega góð sem salatsósa, sem dýfa fyrir brauð og matreiðsluolía.




**40% afsláttur við kassa**

**Hamborgar-hryggur**

**TILBOÐ**
**880** kr/kg
Merkt verð 1.468,-

## Tyson álegg - beint frá Ameríku






**2 fyrir 1**

**Myllu** heilhveitibrauð 770 gr.




**TILBOÐ**
**299** kr/pk
Verð áður 399,-

**Findus** oxpytt 550 gr
- tilbúinn réttur á pönnuna



**Nýtt**
í Hagkaupum

**Earthbound Farm** lífrænt salat
- 5 tegundir

Gildir til 7. ágúst eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Ætlarðu að fá þér áskrift að enska boltanum hjá Skjá einum?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 13% |
| Nei | 87% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga Íslendingar að kaupa Tívolí næst?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Júlíus Vífill Ingvarsson lýsir yfir framboði:

# Stefnir á eitt af efstu sætunum

**BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR** Júlíus Vífill Ingvarsson lýsti í gær yfir framboði í eitt af efstu sætunum á lista Sjálfstæðisflokksins í prófkjöri fyrir næstu borgarstjórnarkosningar. Hann segir Reykjavík hafa orðið undir í samkeppni við nágrannasveitarfélögin. „Þeirri þróun þarf að snúa við. Ég vil beita mér fyrir því að Reykjavík verði fyrirmynd annarra sveitarfélaga og ávallt í forystu.“

Helstu stefnumál Júlíusar eru þróun íbúalýðræðis í Reykjavík, fjölgun valkosta í fræðslumálum og endurskipulagning á rekstri borgarinnar. „Það er ekki verkefni komandi kynslóða að hreinsa til eftir okkur eða þann slóðaskap sem R-listinn hefur skilið fjárhag borgarinnar eftir í.“

Júlíus fór í prófkjör fyrir kosningarnar árið 1998 og endaði þá í fjórða sæti, en hætti í borgarmálum eftir kjörtímabilið vegna anna. „Nú hefur fjölskyldufyrirtækið verið selt og ég hef betri kost á því að stjórna mínum tíma sjálfur eftir þörfum hverjum sinni.“

- grs



**JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON** Júlíus vill meðal annars að rekstur einkaskóla verði gerður hagkvæmari.

Yfirmaður ÁTVR:

## Ívar skipaður forstjóri

**RÁÐNING** Geir H. Haarde fjármálaráðherra hefur skipað Ívar J. Arndal í embætti forstjóra ÁTVR frá næstu mánaðamótum. Ívar var aðstoðarforstjóri fyrirtækisins frá árinu 2000 og var settur forstjóri í eitt ár, frá 2003 til 2004.

Ívar er vélaverkfræðingur og hefur meistaragráðu í opinberri stjórnsýslu auk þess að hafa sótt nám í viðskipta- og rekstrarhagfræði.

Ellefu sóttu um stöðuna en Höskuldur Jóhannesson núverandi forstjóri lætur af störfum 1. september næstkomandi.

- rsg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**SLASAÐUR SJÓMAÐUR SÓTTUR** Björgunarsveitin Víkverji frá Vík í Mýrdal sótti slasaðan sjómann um borð í fiskiskip skammt undan landi um ellefuleytið í gærmorgun. Læknir og sjúkraflutningsmenn fóru til móts við skipið á báti sem notaður er til útsýnissiglinga og var sjómaðurinn fluttur í sjúkrabifreið til Reykjavíkur. Hann var útskrifaður í lok dagsins.

**LEITAÐ Á SJÓ** Slysavarnafélagið Landsbjörg fékk boð frá lögreglunni í Reykjavík um að vera í viðbragðsstöðu á miðnætti aðfaranótt fimmtudags vegna manns sem var saknað. Maðurinn hafði farið út á bát frá Seltjarnarnesi snemma á miðvikudagskvöld og bíll hans og kerra fundust í landi, sem benti til þess að maðurinn væri enn á sjó þegar liðið var á nóttina. Nokkrir björgunarbátar hófu leit en um hálftvöleytið fannst hann heill á húfi heima hjá sér. Hann hafði þá verið sóttur á öðrum bíl.

Hringróðurinn heldur áfram:

## Lenti í vanda í briminu

**ÁHEITARÓÐUR** Kjartan Jakob Hauksson ræðari varð fyrir smávægilegum skakkaföllum þegar hann fór út úr briminu við Ingólfshöfða þaðan sem hann ýtti úr vör á ellefta tímanum í gærmorgun.



**KJARTAN JAKOB** Kjartan varð fyrir smá skakkaföllum þegar ýtt var úr vör í gær.

Kjartan var fyrir utan Skaftafellsfjöru þegar blaðamaður Fréttablaðsins náði tali af honum í gærkveldi. Hann sagði festingu fyrir sleða í sæti hafa brotnað í briminu en kvað bráðabirgðaviðgerð þó halda öllu í sínu horfi. Kjartan Jakob stefnir að því að ná landi í Vík um hádegisbil í dag en þá hefur hann róið í rúman sólarhring.

- jse



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HAUKUR ÍS 847** Fundur þýsku lögreglunnar á sjö kílóum af kókaíni og hassi sem ætlað var til dreifingar á Íslandi dugði ekki til sakfellingar ytra þar sem leitin í klefum mannanna var ekki gerð með löglegum hætti.

# Lausir allra mála þar sem leitin var ólögleg

**Tveir íslenskir skipverjar á Hauki ÍS, sem handteknir voru í Bremerhaven í Þýskalandi í byrjun ársins með mikið magn fíkniefna í káetum sínum, eru lausir allra mála eftir að þýskur dómstóll úrskurðaði að leit lögreglu hefði verið ólögleg.**

**LÖGREGLUMÁL** Skipverjarnir tveir af togaranum Hauki ÍS sem handteknir voru í Bremerhaven í byrjun janúar eftir að sjö kíló af kókaíni og hassi fannst í klefum þeirra eru lausir allra mála. Þýskur dómstóll komst að þeirri niðurstöðu að lögregla og tollgæsla hefðu ekki haft dómsúrskurð fyrir leitinni og hefði hún því verið ólögleg.

Rannsókn málsins hefur verið hætt í kjölfarið enda hafði lögregla engin önnur sönnunargögn en efnin sjálf þar sem mennirnir játuðu aldrei sök í málinu. Fimmtán ára fangelsi að lágmarki beið mannanna tveggja hefðu þýskir dómstólar komist að sekt þeirra en þess má geta að annar mannanna er kominn á sextugsaldur, en hinn tæplega fertugur.

Málið vakti talsverða athygli á sínum tíma enda magn fíkniefnanna mikið og um það var fjallað í þýskum fjölmiðlum. Togarinn var að ljúka við að landa karfa í Bremerhaven þegar fjörutíu manna leitarhópur lögreglu og tollayfirvalda gerði leit í skipinu. Það var á leið til Íslands og gerði lögregla ráð fyrir að smygla ætti efnunum hingað til lands til dreifingar. Sem fyrr segir fannst umtalsvert magn fíkniefna í klefum tveggja skipverja við leitina í skipinu og voru þeir hnepptir í sex mánaða varðhald í kjölfarið. Öðrum skipverjum var hins vegar leyft að sigla skipinu til Íslands.

Tvímenningunum var sleppt úr haldi í maí, þrátt fyrir að hafa verið úrskurðaðir í sex mánaða gæsluvarðhald, og fengu að fara úr landi. Á þeim tíma furðaði Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnalögreglunnar í Reykjavík, sig á stöðu mála, þar sem menn eru alla jafna ekki látnir lausir eftir að hafa verið teknir með svona mikið magn fíkniefna. Til stóð að óska aðstoðar lögreglu hérlendis vegna málsins, þar sem grunur lék á að mennirnir ættu sér vitorðsmenn á Íslandi, en til þess kom ekki.

albert@frettabladid.is





Tattú pennarnir vinsælu komnir aftur í verslanir!

Nú er ekkert mál að gera flott húðflúr á líkamann sem hægt er að þvo af aftur. Hálsband og 12 munstur fylgja með í pakkanum.

Sölustaðir: sjá www.amos.is

Heildsöludreifing: Kúndalíní ehf. S: 694-8737



www.icelandair.is/kaupmannahofn

Kaupmannahöfn



Flug og gisting í tvær nætur

Verð frá 34.900 kr.

Verð á mann í tvíbýli á Hótel Selandia
15.-17. okt., 12.-14. nóv., 14.-16. jan., 28.-30. jan. og 4.-6. mars.
Innifalið: Flug, gisting, morgunverður, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

Nú getur þú notað **10.000 Vildarpunkta** sem **5.500 kr.** greiðslu upp í fargjaldið.

VR orlofsávísun Munið ferðaávísunina

út í heim

ICELANDAIR
www.icelandair.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 29013 08/2005


Kínversk stjórnvöld herða reglur um slátrun svína og sölu svínakjöts:

# Reynt að hamla útbreiðslu sjúkdóms

**KÍNA** Kínverjar hafa fyrirskipað að strangara eftirlit verði á slátrun á svínum og sölu á svínakjöti, í von um að stemma stigu við útbreiðslu sjúkdóms sem berst með svínakjöti. Þegar hafa 38 látist af völdum sjúkdómsins.

Nokkrum opinberum embættismönnum var vikið úr starfi í gær fyrir að hafa heimilað flutning á sýktu kjöti. Ef embættismenn og bændur brjóta gegn nýju reglunum verður þeim refsað stórlega samkvæmt lögum, að því er fram kemur í frétt AP-fréttastofunnar.

Heilbrigðisráðuneytið í Kína skýrði frá því að staðfest væru 206 tilvik smits í Sichuan-héraði.

- sda



**VÍN Í STÍU** Kínversk stjórnvöld hafa látið gera fleiri þúsund tonna af svínakjöti upptæk á svæðum þar sem sjúkdóms sem breiðist út með svínakjöti hefur orðið vart.


Nettó Nettó Nettó
njóttu þess að versla í Nettó
Goði Gourmet
899 kr.kg.
Gourmet ungnautahakk
verð áður 1.338 kr.kg.
kraftmikil kjötsúpa
GOÐI -alltaf góður
399 kr.kg.
Goða súpukjötsveisla
verð áður 499 kr.kg.
Grand
30% afsl.
SS Grand Orange helgarsteik
Holta Kjúklingur
35% afsl.
Holta kjúklingaáleggin
Grillkjöt
sparar 420 kr.kg.
979 kr.kg.
Borgarnes pestó lambagrillsneiðar
verð áður 1.399 kr.kg.
SS
sparar 899 kr.kg.
1.999 kr.kg.
SS púrtvínslegið lambafille
verð áður 2.898 kr.kg.
40% afsl.
Íslandsfugls læri m. legg magnp.
35% afsl.
Eldfugls hjúpaðir bitar
PEPSI MAX
99 kr.
Pepsi Max 2 ltr.
GRILL PYLSUR
580 kr.kg.
SS Mexíkópylsur
Holta Kjúklingur
pylsu-dagar!
479 kr.kg.
Holta kjúklingapylsur
MEDESTERPYLSA
399 kr.kg.
BK Medesterpylsa
50% afsláttur
524 kr.kg.
BK morgunverðarpylsur
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 4. til 7. ágúst (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto

ALLT NÝJAR VÖRUR Í VERSLUNINNI



Nýr listi
Pantið í síma: 5 88 44 22

H&M ROWELLS

FÓLK ehf. www.hm.is

TÍSKA · GÆÐI · BETRA VERÐ

Ólafur Þór Gunnarsson vill fara aðrar leiðir í lóðaúthlutunum í Kópavogi:

# Vill taka upp punktakerfi

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Ólafur Þór Gunnarsson læknir, sem var efsti maður á lista Vinstri grænna í síðustu bæjarstjórnarkosningum í Kópavogi, segir aðalatriðið að úthlutunarkerfi sé gagnsætt og fyrirsjáanlegt. „Það er engin sanngirni í að þú getir fengið lóð út á það hver þú ert og hvað þú heitir.“

Lóðaúthlutun í Þingum við Elliðavatn hefur valdið deilum, ekki síst í ljósi þess að margt frægt fólk og skyldmenni bæjarfulltrúa fengu lóðir.

Að sögn Ólafs er hægt að nota þrjár leiðir í úthlutun: Happdrætti, lóðauppboð og punktakerfi. Í því kerfi fái maður ákveðna punkta fyrir búsetu, fjölskyldustærð, fyrir að hafa sótt um lóð áður og fleira. Til að mynda sé hægt að taka þætti eins og aldur inn í kerfið.

Hann segir þó að erfitt hafi reynst að gera punktakerfi sem þyki sanngjarnt. „Þá er í það minnsta hægt að gera fyrirsjáanlegar reglur. Það er verið úthluta verðmætum og fólk þarf að trúa því að kerfið sé þannig úr garði gert að allir sitji við sama borð.“

- grs



**ÞING VIÐ ELLIÐAVATN** Mikil óánægja virðist meðal bæjarbúa með úthlutunina.

Veiða má 198 þúsund tonn af þorski á næsta fiskveiðiári:

# Byggðakvóti til 41 byggðar

**SJÁVARÚTVEGUR** Veiða má 198 þúsund tonn af þorski og 105 þúsund tonn af ýsu samkvæmt reglugerð sjávarútvegsráðuneytisins um stjórn fiskveiða á næsta fiskveiðiári.

Þá verður úthlutað 4.010 tonnum af byggðarkvóta til byggðarlaga sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi eða skerðingar á heildaraflaheimildum. Þau byggðarlög sem fá mest eru Stykkishólmur, Súðavíkurhreppur og Siglufjörður, sem fá 210 tonn hver. Alls fá 41 byggðarlag í 32 sveitarfélögum kvóta.

Vegna hruns í skel- og innfjarðarækjuveiðum verður 3.100 þorskígildislestum skipt milli rækju- og skelbáta, en á yfirstandandi ári fengu þeir um 500 lestum meira í bætur.

Einnig hefur byggðarkvóti sem Byggðastofnun hefur til úthlutunar verið minnkaður um helming, úr 750 í 375 þorskígildislestir.

- grs



**SJÓMENN AÐ STÖRFUM** Alls má veiða 198 þúsund tonn af þorski á næsta fiskveiðiári.

**HEILDARAFLAHEIMILDIR NÆSTA FISKVEIÐIÁRS**

| | |
|---|---|
| Þorskur | 198.000 lestir |
| Ýsa | 105.000 lestir |
| Ufsi | 80.000 lestir |
| Steinbítur | 13.000 lestir |
| Karfi | 57.000 lestir |
| Grálúða | 15.000 lestir |
| Sandkoli | 4.000 lestir |
| Skrápflúra | 3.500 lestir |
| Skarkoli | 5.000 lestir |
| Þykkvalúra | 1.800 lestir |
| Langlúra | 2.400 lestir |
| Keila | 3.500 lestir |
| Langa | 5.000 lestir |
| Skötuselur | 2.500 lestir |

Heimild: sjávarútvegsráðuneytið

ÚTSALA
AFSLÁTTUR

ÚTSALA
AFSLÁTTUR

Valdar vörur allt að 50%
Sumarhúsgögn 10-40%
Sófar og svefnsófar 15-35%
Allar aðrar vörur 10%

ÚTSÖLUNNI LÝKUR 20. ÁGÚST.
FULL BÚÐ AF NÝJUM SÓFUM Á TILBOÐI

habitat
Þar sem hönnun, litir og efnisval mynda heild

Virka daga 10-18. Laugardaga 11-16.
Askalind 1 • Kópavogur • 568 9700 • www.habitat.net • habitat@simnet.is

HUGTÖK Ág. 05


SPARI DAGAR
2005
3.–20. ágúst
...í fjórum verslunum
og hjá umboðsmönnum
Pioneer
PIONEER DCS-222
HEIMABÍÓ
Tilboðsverð:
Kr. 39.900
SHARP
SHARP HT-CN400DVH
HEIMABÍÓ
Tilboðsverð:
Kr. 23.900
SHARP
SHARP XL-MP10H
HLJÓMTÆKJASTÆÐA
Tilboðsverð:
Kr. 9.900
Pioneer
PIONEER DV-370
DVD SPILARI
Tilboðsverð:
Kr. 9.900
LOEWE.
LOEWE SJÓNVÖRP
AVENTOS 29”
Var á kr.144.900
Nú: kr. 89.900
AVENTOS 32”
Var á kr.189.900
Nú: kr. 124.900
NEMOS 29”
Tilboð: Kr. 99.900
15-40%
afsláttur
SAMSUNG
SAMSUNG DVDV5450
VIDEO OG DVD SPILARI
Tilboðsverð:
Kr. 16.900
SHARP
SHARP LC-20SH1E
LCD VEGGSJÓNVARP
Tilboðsverð:
Kr. 74.900
OLYMPUS
OLYMPUS C760
STAFRÆN MYNDAVÉL
3.2 milljón punkta
Tilboðsverð:
Kr. 24.900
SAMSUNG
SAMSUNG LE26A41B
26˝ LCD
VEGGSJÓNVARP
Tilboðsverð:
Kr. 129.900
AEG
NÝJA ÍSLENSKA ÞVOTTAVÉLIN
OG ÞURRKARINN
Tilboðsverð:
Kr.159.000
AEG VEGGOFN
AEG HELLUR
OG HÁFUR
Tilboðsverð:
Kr. 89.000
AIRFORCE F3
VEGGHÁFUR
ÚR STÁLI
AEG B3051-4M
VEGGOFN
ÚR STÁLI
AEG 6000K-MN
HELLUBORÐ MEÐ
TÖKKUM, STÁL
Emile Henry
30%
AFSLÁTTUR
TEFAL
25%
AFSLÁTTUR
Solis
OF SWITZERLAND
Tilboðsverð:
Kr. 59.990
SOLIS VERÐLAUNAKAFFIVÉL
Tilboðsverð:
Kr.8.490
AEG ÖRBYLGJUOFN
AEG
Tilboðsverð:
Kr.8.990
AEG Turbo T2 rauð/svört
RYKSUGA 1600 W
Tilboðsverð:
Kr. 69.900
AEG LAVAMAT 52820
1200/1000/600 sn.6 kg.
www.ormsson.is
ORMSSON
LÁGMÚLA 8
Sími 530-2800
• Öll tækin í eldhúsið og þvottahúsið
SÍÐUMÚLA 9
Sími 530-2800
• Hljómtækin, sjónvörpin og allar hinar græjurnar
SMÁRALIND
Sími 530-2900
• Allt úrvalið í Ormsson Smáralind
RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000
• Allt úrvalið í Radíónaust
Opið í Lágmúla 8 og Síðumúla 9 virka daga frá kl. 9-18, laugard.frá kl. 11-15. Opið í Smáralind virka daga frá kl. 11-19 , laugard.frá kl. 11-18, sunnud.frá kl. 13-18
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



**KVEIKT Á KERTI FYRIR ÞÁ LÁTNU** Drengur frá Bosníu kveikti á kerti á minningarstund í Banja Luka þegar þess var minnst að tíu ár eru liðin frá átökum í borginni.

Fyrsti mánuður Neytendastofu og talsmanns neytenda:

# Hafa enn ekki fengið nein erindi

**NEYTENDUR** „Stefnumörkun stendur yfir þessa dagana og enn á eftir að ganga frá ýmsum lausum endum,“ segir Gísli Tryggvason, nýskipaður talsmaður neytenda.

Rúmur mánuður er síðan Neytendastofa tók formlega til starfa en talsmaður neytenda heyrir undir hana.

Að sögn Gísla hefur starf hans hingað til borið keim af því að um nýtt embætti er að ræða og í mörg horn að líta áður en tekið verður við beiðnum eða athugasemdum frá almenningi en engin slík erindi hafa enn borist. „Starfið snýst um að marka stefnu í samráði við Neytendastofu og eins munum við eiga samstarf við Neytendasamtökin þegar fram líða stundir.“

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir starfsemi sinna samtaka verða eins og verið hefur þrátt fyrir tilkomu Neytendastofu. „Það hefur farið fyrir brjóstið á okkur að hvorki Neytendastofa né embætti talsmanns neytenda munu leiðbeina eða aðstoða þá neytendur sem vita ekki rétt sinn en það er stór og dýr málaflokkur hjá okkur þannig að við stöðfum ótrauð áfram.“

-aöe



**TALSMAÐUR NEYTENDA** Verið er að skipuleggja hvernig og hvaða mál talsmaður neytenda eigi að einbeita sér að í framtíðinni en embættið er aðeins mánaðargamalt.

Sérfræðingar SÞ:

# Ísraelar brjóta mannréttindi

**GENF, AP** Hópur sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna sagði í gær að tálminn sem Ísraelar reisa nú umhverfis Vesturbakkann væri brot gegn mannréttindaskuldbindingum Ísraela. Því hvöttu þeir til að öll vinna við tálmann yrði stöðvuð og að Ísraelar borguðu Palestínumönnum skaðabætur fyrir skemmdir vegna hans.

Itzhak Levanon, sendiherra Ísraels hjá Sameinuðu þjóðunum, sagði það koma á óvart að sérfræðingarnir væru að leggja til pólitískar aðgerðir og með því væru þeir að fara út fyrir starfssvið sitt. ■




# Mótmælendur klifruðu upp í byggingarkrana

**Þrettán mótmælendur voru handteknir í Reyðarfirði í gærmorgun. Þrír þeirra klifruðu upp í byggingarkrana og dvöldu þar klukkustundum saman. Stöðva þurfti framkvæmdir á meðan leitað var að mótmælendum.**

**MÓTMÆLI** Þrettán mótmælendur voru handteknir eftir að þeir fóru inn á byggingarsvæði álvers Alcoa í Reyðarfirði á ellefta tímanum í gærmorgun.

Starfsmenn urðu varir við mótmælendurna laust fyrir klukkan hálf ellefu í gærmorgun og var lögregla umsvifalaust kölluð til að sögn Björns S. Lárussonar, samskiptafulltrúa Bechtel, sem stendur að byggingu álversins.

Lögregla kom fljótlega á vettvang og handtók í kjölfarið tíu mótmælendanna. Ein kona og tveir karlmenn klifruðu hins vegar upp í byggingarkrana og voru þar fram eftir degi. Kom sá síðasti ekki niður fyrr en eftir klukkan fjögur, en þá var komin helliriging. Fólkið var vel búið og hafði með sér nesti að sögn Ólafs Páls Sigurðssonar, talsmanns mótmælenda. Þá höfðu þau með sér borða með áletruninni „Alcoa græðir - Íslandi blæðir“ sem hengdur var uppi í krananum.

Stöðva þurfti alla starfsemi á byggingasvæðinu um fjögurra klukkustunda skeið meðan leitað var að mótmælendum, að sögn Björns. „Svæðið er hættulegt og var því rýmt af öryggisástæðum,“ segir hann. Talsvert fjárhagstjón hlaust að sögn Björns af töfum á framkvæmdum. Mótmælendur verða þó ekki kærðir, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Alcoa.



MYND/HEIÐUR ÓSK

**MÓTMÆLENDUR Í BYGGINGARKRÖNUM** Tveir karlmenn og ein kona klifruðu upp í byggingarkrana.

Mótmælendur segja fleiri aðgerða að vænta, sem beinist gegn Alcoa og sambærilegum fyrirtækjum, bæði hérlendis og erlendis. Þeir krefjast þess að bygging álvers í Reyðarfirði verði stöðvuð. „Tilgangur mótmælanna er að senda skýr skilaboð til álframleiðenda heimsins um að þeir séu óvelkomnir hingað til lands,“ segir Ólafur Páll.

Á annan tug lögregluþjóna tóku þátt í aðgerðunum. Lögregluþjónar á Eskifirði og Neskaupstað fengu liðsstyrk frá Egilsstöðum og sérsveitarmönnum frá Ríkislögreglustjóra. Einn Íslendingur var í hópi þeirra sem handteknir voru, en aðrir eru erlendir. Ekki lá ljóst fyrir í gærkvöld hvað gert verður við mótmælendurna, en þá voru þeir enn í haldi lögreglu.

helgat@frettabladid.is




Sala Toyota á breytingafyrirtækinu Arctic Trucks:

# Breytir engu um ábyrgð á bílum

**NEYTENDUR** „Ábyrgð Toyota helst óbreytt eins og verið hefur en viðurkennd breytingaverkstæði bera að sjálfsögðu ábyrgð á öllum breytingum sem gerðar eru,“ segir Bogi Sigurðsson, þjónustustjóri P. Samúelssonar, umboðsaðila Toyota á Íslandi.

Nokkrir hafa sett sig í samband við Fréttablaðið og lýst yfir áhyggjum af því að ábyrgð ökutækis falli úr gildi sé þeim breytt á einhvern máta en eins og mörgum er kunnugt seldi P. Samúelsson breytingafyrirtæki sitt Arctic Trucks fyrir skömmu. Bogi segir það af og frá. „Það er sem endranær þriggja ára ábyrgð á öllum seldum bílum og hún helst hvað sem gert er. Hins vegar getur hún fallið niður ef verkstæði sem við viðurkennum ekki breytir bílnum en það eru líka fjölmörg verkstæði sem starfa í samstarfi við okkur og með okkar samþykki. Viðkomandi verkstæði taka þannig ábyrgð á breytingum sínum eins og eðlilegt er og á þessu hafa engar breytingar orðið.“

- aöe



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**BREYTTUR TOYOTA JEPPI** Þriggja ára verksmiðjuábyrgð er á öllum nýjum bílum og fellur ekki úr gildi. Hins vegar bera breytingarverkstæði alla ábyrgð á breytingum sem gerðar eru síðar.



invent
Samvinna = árangur
Gæði, hugvit og gott verð
HP Compaq nx6125
AMD Sempron 3100+, 1,8GHz örgjörvi
15" skjár, 1024x768 upplausn
512MB vinnsluminni
60GB harður diskur
DVD±RW skrifari
ATI skjákort með allt að 128MB minni
Bíómetrískur fingrafaralesari
Minniskortalesari 6-in-1
Microsoft Windows XP Pro
2ja ára neytendaábyrgð
Verð kr. 99.900
HP Compaq nc6120
Intel Pentium M 750, 1,86GHz örgjörvi
15" skjár,1400x1050 upplausn
512MB vinnsluminni
60GB 5400 RPM harður diskur
LightScribe DVD±RW skrifari
Intel skjákort með allt að 128MB minni
Rafhlöðuending allt að 4,5 klst.
Microsoft Windows XP Professional
3ja ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum - „Engar áhyggjur ábyrgð"
Verð kr. 159.900
HP Compaq nx8220
Intel Pentium M750, 1,86GHz örgjörvi
15,4" skjár, 1680x1050 upplausn
512MB vinnsluminni
60GB 5400 RPM harður diskur
DVD±RW skrifari
ATI 64MB skjákort
Rafhlöðuending allt að 4,5 klst.
Þyngd: 2,77kg
Microsoft Windows XP Pro
2ja ára neytendaábyrgð
Verð kr. 179.900
Auglýsingasamkeppni – taktu þátt!
Taktu þátt í auglýsingasamkeppni.
Auglýsingin þín gæti birst í sjónvarpinu.
Sjá nánar á www.fartolvur.is
20 ÁR Á ÍSLANDI
+++1985-2005+++
OPIN KERFI
www.ok.is
HP Business Partners, sölu- og þjónustuaðilar:
HP Búðin Reykjavík sími: 568 5400
Samhæfni Reykjanesbæ sími: 421 7755
Tölvuþjónustan Akranesi sími: 575 9200
TRS Selfossi sími: 480 3300
Stefna Akureyri sími: 464 2288
Sjá einnig www.ok.is
HP Retail Partners, söluaðilar:
Oddi Reykjavík sími: 515 5105
Office1 Reykjavík sími: 550 4100
Penninn Reykjavík sími: 540 2000
Netx Egilsstaðir sími: 471 2011
Reyðarfjörður sími: 474 1511
Skagfirðingabúð Sauðárkróki sími: 455 4500
Bókav. Þórarins Húsavík sími: 464 1234




Tvö af hverjum þremur slysum sem aldraðir verða fyrir verða á eða við heimili þeirra:

# Daglega slasast fimm eldri borgarar

**HEILBRIGÐISMÁL** Tæplega tvö af hverjum þremur slysum sem eldri borgarar urðu fyrir árið 2003 áttu sér stað á eða við heimili þeirra. Flest slys innan veggja heimilisins urðu í svefnherbergi, stofu eða í eldhúsi.

Þetta kemur fram í skýrslu sem Landlæknisembættið hefur tekið saman. Hún er byggð á gögnum Slysaskrár Íslands og slysadeildar Landspítans.

Í skýrslunni kemur fram að árið 2003 leituðu samtals 1.835 einstaklingar 65 ára og eldri til slysadeildar Landspítala - háskólasjúkrahúss, eða fimm að meðaltali dag hvern.

Fall var langalgengasta orsök áverka sem fólkið hlaut, í rúmlega 67 prósentum tilvika. Alvarlegustu meiðslin voru beinbrot, oftast á framhandlegg en einnig á lærlegg. Nærri 600 manns í þessum aldurshópi hlutu beinbrot af einhverju tagi árið 2003.

Af þeim hópi eldri borgara sem leitaði til slysadeildar á árinu fór langstærsti hópurinn heim að lokinni skoðun eða 75 prósent. Leggja þurfti 18 prósent þeirra sem lentu í slysunum inn á spítala.

-jss




**SLASAÐIR EFTIR KYNI OG ALDRI Á 1.000 ÍBÚA** 65 ára og eldri árið 2003.



MYND/ÞÓR GÍSLA

**UNAÐSREITUR** Horft frá Ásbyrgi til Öxarfjarðar, Kelduhverfi á vinstri hönd. Sumarhúsabyggðin á Eyvindarstöðum verður í átta kílómetra fjarlægð frá Ásbyrgi.

# Keppt um jarðir í Kelduhverfi

**Þrír af forsvarsmönnum Húsavíkurbæjar hafa keypt jörðina Eyvindarstaði í Kelduhverfi og ætla að koma þar á fót sumarhúsabyggð. Lífsval ehf. á tvær jarðir í Kelduhverfi og sóttist einnig eftir Eyvindarstöðum með veiðiréttindi í Litluá í huga. Félagið íhugar fleiri jarðakaup í Kelduhverfi.**

**SUMARHÚSABYGGÐ** Hreppsnefnd Kelduneshrepps hefur samþykkt tilboð þriggja forsvarsmanna Húsavíkurbæjar og eiginkvenna þeirra í jörðina Eyvindarstaði í Kelduhverfi, sex milljónir króna. Alls bárust sex tilboð í jörðina og átti Lífsval ehf. næsthæsta tilboðið, 5,2 milljónir króna, en fyrirtækið hefur á undanförnum misserum keypt jarðir vítt og breitt um landið.

Þeir stjórnendur Húsavíkurbæjar sem áttu hæsta tilboðið í Eyvindarstaði eru: Reinhard Reynisson bæjarstjóri, Hreinn Hjartarson, veitustjóri Orkuveitu Húsavíkur, og bróðir hans Gaukur Hjartarson, framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdaráðs Húsavíkurbæjar.

Engar fasteignir eru á Eyvindarstöðum en jörðin er um 400 hektarar að stærð og henni fylgja smávægileg veiðiréttindi í Litluá.

Hreinn Hjartarson segir að nýir eigendur hyggist stofna félag um rekstur sumarhúsabyggðar á jörðinni og ýmist selja eða leigja út stórar sumarhúsalóðir. „Jörðin er í miðju Kelduhverfi, um fimmtíu kílómetra frá Húsavík og átta kílómetra frá Ásbyrgi, og því vel staðsett með tilliti til sumarhúsabyggðar. Líklega verða þar 20 til 30 sumarhúsalóðir en hluti svæðisins fer undir skógrækt,“ segir Hreinn.

Ingvar J. Karlsson, einn eigenda Lífsvals, segir félagið nú þegar eiga tvær jarðir í Kelduhverfi, Garð I og Garð II. „Samanlagt eru þessar tvær jarðir fleiri þúsund hektarar að stærð. Veiðiréttur í Litluá fylgir þeim báðum og tilgangurinn með því að bjóða í Eyvindarstaði var að auka okkar hlut í ánni. Það er vel hugsanlegt að við bjóðum í fleiri jarðir í Kelduhverfi með það fyrir augum að auka notkunarmöguleika jarðanna og réttlæta fjárfestingar á svæðinu,“ segir Ingvar.

Veiðifélagið Laxá selur veiðileyfi í Litluá og segir Ágúst Karl Ágústsson að í Litluá sé mikið af vænum urriða og bleikju. „Litlaá er eitt af best varðveittu leyndarmálum Norðurlands hvað snertir urriða- og bleikjuveiði,“ segir Ágúst.

kk@frettabladid.is






MYND/AP

**HUNDURINN SNUPPY ÁSAMT LÆRIFEÐRUM SÍNUM** Suður-kóreskir vísindamenn hafa klónað hund í fyrsta skipti. Hundurinn er af afganhundakyni og heitir Snuppy.

Suður-kóreskir vísindamenn:

## Klónuðu hund

**SEÚL, AP** Suður-kóreskum vísindamönnum hefur tekist að klóna hund. Hundurinn er nú fjórtán vikna gamall og hefur hlotið nafnið Snuppy. Snuppy er af afganhundakyni og þroskast eðlilega að sögn vísindamanna.

Vísindamönnunum tókst fyrr á þessu ári að einangra stofnfrumur úr fósturvísum til lækninga. Vonast þeir til að tilraunir þeirra skili sér í framförum við meðhöndlun sjúkdóma í mönnum.

Apar eru mjög mikilvægir í læknavísindum sökum skyldleika þeirra við menn. Vísindamennirnir segja þó enn tæknilega ómögulegt að klóna apa.

-ht



Viðræður um kjarnorkuafvopnun:

# Norður-Kóreumenn þráast enn við

**PEKING, AP** Bandaríkjamenn vilja fá nákvæmar upplýsingar um hvað Norður-Kóreumenn muni samþykkja í viðræðum um kjarnorkuafvopnun sem sex þjóðir taka þátt í. Bandaríkjamenn segjast hafa gert allt sem í þeirra valdi standi til að ná ásættanlegum markmiðum með viðræðunum en óttast að þær muni engu skila. Viðræðurnar hafa staðið yfir í tíu daga og Norður-Kóreumenn hafa ekki enn samþykkt að undirrita samkomulag sem allar hinar fimm þjóðirnar hafa þegar undirritað. Ekki hefur enn verið gefið upp hvað samkomulagið felur í sér.

Viðræðurnar eru þær fjórðu í röðinni frá 2003 en enn hafa þær engan árangur borið.

Kim Kye Gwan, aðstoðarutanríkisráðherra Norður-Kóreu og helsti fulltrúi landsins í kjarnorkuafvopnunarviðræðunum, sagði á þriðjudag að Norður-Kóreumenn myndu ekki eyða kjarnorkuvopnum sínum fyrr en ekki væri lengur hætta á því að Bandaríkjamenn gerðu kjarnorkuárás á Norður-Kóreu.

- sda



**AÐSTOÐARUTANRÍKISRÁÐHERRA NORÐUR-KÓREU** Kim Kye Gwan, fulltrúi Norður-Kóreu í kjarnorkuafvopnunarviðræðunum. Norður-Kóreumenn eru ein sex þjóða sem ekki hafa enn undirritað samkomulag um kjarnorkuafvopnun.




Kona í flugvél:

## Reyndi að opna dyr

**BANDARÍKIN, AP** Kona var handtekin í Bandaríkjunum fyrir að gera tilraun til þess að opna dyr flugvélar meðan hún var enn á flugi.

Vélin var í fjögur þúsund feta hæð og á leið inn til lendingar í Seattle þegar atvikið átti sér stað, að því er AP-fréttastofan skýrir frá. Konunni tókst ekki að opna dyrnar en tókst að snúa handfanginu nægilega langt til að viðvörunarljós kviknaði í stjórnklefa flugvélarinnar.

Flugþjóni tókst að sannfæra konuna um að snúa til sætis síns en farþegar sátu með beltin spennt það sem eftir var ferðarinnar. ■

Sprenging í Istanbúl:

## Tveir létust

**TYRKLAND, AP** Tveir létust og fleiri slösuðust í sprengingu í Istanbúl í Tyrklandi skömmu eftir miðnætti aðfaranótt fimmtudags.

Fregnum um orsök sprengingarinnar ber ekki saman. Vitni segja að sprengingin hafi orðið í ruslatunnu í vegkanti en önnur að bíll hafi sprungið í loft upp.

Nokkrar sprengjutilræði hafa verið gerð í Tyrklandi að undanförnu og kenna sumir kúrdískum öfgahópum um en aðrir segja að íslamskir öfgahópar beri ábyrgðina. ■

Bresk stjórnvöld:

## Seldu Ísraelum þungt vatn

**LONDON, AP** Bretar seldu Ísraelum á sjötta áratugnum nauðsynleg efni til að smíða kjarnorkusprengju. Þetta kemur fram í opinberum skjölum sem BBC hefur undir höndum.

Í þættinum Newsnight í breska ríkissjónvarpinu kom fram að samkvæmt opinberum skjölum frá árinu 1959, sem geymd eru á þjóðskjalasafninu, sendu Bretar tuttugu tonn af þungu vatni til Ísrael. Vatnið var nauðsynlegt til þess að framleiða plútóníum fyrir Dimona-kjarnakljúfinn í Negev-eyðimörkinni.

Þessar upplýsingar koma illa við bresk stjórnvöld, sem eru nú að reyna að semja við Írani um að hætta við kjarnorkuáætlun sína. ■

**NÍGERÍA**

**11,5 TONN AF FÍKNIEFNUM BRENND** Fíkniefnalögreglan í Nígeríu hefur brennt ellefu og hálft tonn af eiturlyfjum nærri alþjóðaflugvellinum í Lagos. Tilgangurinn er að sýna opinberlega hvernig gengur í baráttu við eiturlyfjabarónana, en stór hluti fíkniefna í heiminum fer í gegnum Nígeríu á leiðinni til áfangastaðar.





ARIETE kaffivél
Ítalir þekkja sitt kaffi. Ariete byggir á ítölskum kaffihefðum við framleiðslu á vönduðum og góðum expressó kaffivélum fyrir kröfuharða.
Fullkomin 2,2l Expresso kaffivél með kaffikvörn
* Malar kaffibaunir og býr til kaffið
* Hægt að stilla hve fín mölunin er
* Býr til gufu bæði til að flóa mjólk og fyrir heita drykki eins og te
* Cappuccino kerfi - blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært Cappuccino
EXPRESSÓ VÉL MEÐ KAFFIKVÖRN
29.900 KR.
Supréme DE LUXE
130 GRAND í potti KR.
Skynsemin
RAUÐ PAPRIKA
139 kg KR.
Rauð paprika
BROKKOLÍ/SPERGILKÁL
245 kg KR.
Ný íslensk uppskera!
Í POTTI
Grandsalat
ÍSLENSKAR RÓFUR
199 kg KR.
Gulrófur
Kína kál
ÍSLENSKT KÍNAKÁL
219 kg KR.
ÍSLENSKT BLÓMKÁL
245 kg KR.
ÍSLENSKT ÍSBERG
85 kg KR.
STYKKJAVERÐ
45 um 350g KR.
Blómkál
Ísberg/jöklasalat
EKKERT BRUÐL
SAMSONITE
Ferðataska
8990 SAMSONITE KR.
SAMSONITE
5990 SAMSONITE KR.
Tölvutaska
Öryggisskápur
4999 KR.
99 2 kælikubbar KR.
2 kæli kubbar
2x 100 ml
Tilvalin kælitaska
KÆLITASKA
699 KR.
132 x 203 SM
Regnslá
99 REGNSLÁ KR.
ERAN/Landlist
Tilboðin gilda til 7. ágúst eða á meðan birgðir endast
17 HLUTA TÍTAN golfsett
13900 KR.
SERVORU VERSLANIR
Dunlop
LOCO JUNIOR
Alvöru golfsett fyrir barnið
Tvær stærðir, eitt verð
5 - 8 ára og 9 - 12 ára
LOCO JUNIOR BARNAGOLFSETT
8900 KR.
Dunlop
ÚTILEGUSTÓLL
749 KR.
Snilld í helgartöskuna!
Glóandi flúor skartgripir í úrvali!
VELJIÐ SJÁLF!
149 KR.
2 TEGUNDIR
Regnhlífar
299 REGNHLÍFIN KR.
2 LÍTRAR
79 KR.
Helgartaskan!
1599 KR.
Ótrúlega rúmgóð 75x50x35 sm
-á hjólum...
SERVORU VERSLANIR
Hressandi í helgartöskuna!
BÓNUS


velur Bónus
Klementínur
NÝJAR KLEMENTÍNUR
109 Kg KR.
Plómur
NÝJAR OG FERSKAR
129 Kg KR.
NÝ EPLI
65 Kg KR.
Ný uppskera!
Rauð epli
2 LÍTRAR
198 KR.
Súkkulaðiís
NÝJAR APPELSÍNUR
65 Kg KR.
Vanillu ís 2 lítrar
BÓNUS
Appelsínur
139
250 GRÖMM KR.
Rabarbarasulta
BÓNUS - 900 GRÖMM
179
HÁLFT KÍLÓ KR.
6 Pancakes
RED DEVIL
79
250 ml KR.
Halta
Vöffluduft
PURREFNABLANDA
fyrir um 20 vöfflur
710 ml
259 KR.
199
900 GRÖMM KR.
Rabarbarasulta
Syrup
6 Í BRAUÐRISTINA
259 KR.
ENSKAR PÖNNUKÖKUR
6 skonsur
Bónus býður betur!
ALVÖRU HARÐFISKUR!
3999 Kg KR.
ÍSLANDS GRÍSASTEIK
978 Kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1398kr.
ÍSLANDS GRÍS
GRÍSASTEIK
VILLIKRYDDUÐ HELGARSTEIK
1199 Kg KR.
30% afsláttur
við kassann
Sveitabjúgu
KJARNAFÆÐI
139
1 LÍTRI KR.
milkfree drink
Soja
+ Calcium
KOFAREYKT BJÚGU!
299 Kg KR.
MEYRT OG GOTT NAUTAFILLE
1998 Kg KR.
Florida
BÓNUS
159
1 LÍTRI KR.
Soya
+ Calcium
ALVÖRU HARÐFISKUR!
Steinbítur og ýsa
VESTFIRSKUR ÓBARINN
MEYRT OG LJÚFFENGT
Nautafille
BÓNUS

## „ORÐRÉTT“

*„Miðað við þessi laun sem þau eiga að njóta eru þau 117 prósent undir lágmarkstaxtanum hjá mér.“*

GUÐBRANDUR EINARSSON, FORMAÐUR VERSLUNARMANNAFÉLAGS SUÐURLANDS, Í FRÉTTABLAÐINU.

*„Því miður er enginn nornaskóli til á Íslandi, en við höfum leitt hugann að því að bæta úr því einn góðan veðurdag.“*

EYRÚN SKÚLADÓTTIR OG EVA HAUKSDÓTTIR, VERSLUNARKONUR OG NORNIR, Í MORGUNBLAÐINU.

nær og fjær

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BIRNA BJÖRNSDÓTTIR DANSKENNARI

## *Dansar um með nýfæddan son*



„Það er allt gott að frétta og ég hef haft það rosalega fínt í sumar,“ segir Birna Björnsdóttir danskennari. Birna eignaðist sitt þriðja barn á dögunum og nýtur þess að vera móðir í þriðja sinn. „Ég er bara búin að vera hérna heima í sumar og reyni að njóta veðursins þegar hægt er. Ég var reyndar kominn á fremsta hlunn með að panta ferð fyrir alla fjölskylduna til Spánar en svo lagaðist veðrið í lok júlí og það bjargaði málunum,“ segir hún létt í bragði.

Birna getur ekki beðið eftir að byrja aftur að kenna dans, enda hefur hún varla tekið sporið síðan hún dansaði kasólétt yfir Eurovision. „Ég er á fullu við að undirbúa dansskólann fyrir haustið og setja upp sýningar. Ég vona að haustið verði frábært,“ segir Birna, sem finnst lítil ástæða til þess að hægja mikið á sér þótt hún sé nýbúin að eignast barn. „Það má segja að ég sé mjög virk kona,“ segir hún og hlær.

Birna á reyndar enn smá sumarfrí inni og segir ekki loku fyrir það skotið að hún reyni að líta út á land og kíkja í sumarbústað eða í heimsókn til vina. „Ég get í það minnsta alltaf dansað heima ef fráhvarfseinkennin verða of mikil. Það er mikið dansað á heimilinu og það æfa allir, nema kannski maðurinn minn en hann fylgist vel með okkur. Ég sé þó til þess að hann sé nógu liðtækur til þess að geta tekið sporið við mig af og til.“






**KOMNIR HEIM MEÐ SLITNA SKÓ** Ellefta skóparið sem Bjarki notaði á ferðinni var illa farið þegar hann kom á endastöð í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Ætla að taka sér frí hvor frá öðrum

**Eftir 46 daga og fjórtán skópör komu þeir félagar Bjarki og Guðbrandur til Reykjavíkur í gær og luku þar með hringferð sinni um landið. Svo var haldið á Ingólfstorg þar sem hátíð var haldin þeim til heiðurs.**

Göngugarparnir Bjarki Birgisson og Guðbrandur Einarsson komu til Reykjavíkur í gær og luku þar með 46 daga hringferð sinni um landið.

„Þetta hefur ekki verið svo erfitt líkamlega en það reynir á þolrifin að vera svona lengi frá sínu fólki,“ sagði Guðbrandur þegar þeir komu að Rauðavatni klukkan hálf fjögur í gær og lokuðu hringnum.

Bjarki neitaði því ekki að ferðin hafi tekið á, enda var skóþvengur hans til merkis um það en hann var tættur mjög. „Þetta er ellefta parið sem ég eyði í ferðinni en Guðbrandur hefur aðeins eytt þremur,“ upplýsti Bjarki blaðamann um.



**SÍÐUSTU SKREFIN** Félagarnir luku göngu sinni loks í gær, 46 dögum eftir að þeir lögðu af stað.

Þeir göngugarpar sögðust vera himinlifandi með viðtökurnar sem þeir hlutu víða um land. Reykvíkingar létu ekki sitt eftir liggja í þeim efnum og var slegið til veglegrar móttökuveislu við Ingólfstorg klukkan fimm í gær og voru tæplega tvö hundruð manns viðstaddir. Þar héldu Árni Magnússon félagsmálaráðherra og Alfreð Þorsteinsson borgarfulltrúi ræður ásamt fleirum og kórinn Blikandi stjörnur söng göngugörpunum til heiðurs.

Hvað tekur við hjá þeim að þessari göngu lokinni? „Ég verð að fara að huga að nuddstofunni minni. Svo ætla ég að bregða mér í sveitina og moka skít og skipta um þök á fjárhúsum,“ sagði Guðbrandur, og var greinilega ekki úr sér genginn.

Bjarka bíða mörg verkefni en hann ætlar að vinna að barnabók sem hann mun gefa út í vetur og svo ætlar hann að setjast á skólabekk. Þó sagðist hann umfram allt ætla að vara sig á því að fara ekki á næstunni í nudd til Guðbrands þar sem hætta væri á að þá myndu þeir félagar eggja hvorn annan upp í einhverju öðru eins brjálæði og að ganga í kringum landið. Það var einmitt í nuddtíma hjá Guðbrandi sem þessi hugmynd þeirra að göngunni kviknaði.

Annars segja þeir félagar samkomulagið vera hið þokkalegasta. „Við ætlum þó að taka frí hvor frá öðrum frá og með morgundeginum,“ sagði Bjarki en var þá minntur á að þeir félagar voru búnir að lofa því að koma fram í sjónvarpsþætti saman svo ekki yrði af þessu fríi strax.

jse@frettabladid.is



SONY

# Útsala í Sony Center




KV-32FQ86

**32" 100hz breiðtjaldssjónvarp**

- PicturePower
- 3 Scart tengi
- Mynd við mynd

**99.950 krónur**

**Áður 159.940 krónur**

**Standur fyrir KV-32FQ86**

**11.950 krónur**

**Áður 24.950 krónur**

**Komin aftur!**




DAV-SR2

**Heimabíó**

- 700W magnari RMS S-Master digital
- Útvarp FM/AM RDS
- Spilar SVCD/DVD-R-DVD-RW/JEPG og MP-3, Dolby Digital, DTS og PLII

**59.950 krónur**

**Verð áður 89.950 krónur**

DSC-P200 Svört eða silfur

**Staffræn myndavél**

- 7.2 megapixla myndavél
- 2" Skjár
- 3x aðdráttur um linsu
- Carl Zeiss linsa

**39.950 krónur**

**Verð áður 53.940 krónur**



like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

**SVONA ERUM VIÐ**

Algengustu karlmannsnöfn

Heimild: Hagstofan




# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** UMFERÐARSLYS

## *Umferðin á Íslandi milli ára*

Umferðin um verslunarmannahelgina var stórslysalaus. Þriðja árið í röð varð ekkert banaslys um þessa helgi og í fyrsta sinn í fimm ár varð ekkert alvarlegt umferðarslys um verslunarmannahelgina. Ekki er þó öll sagan sögð.

**Hvernig standa Íslendingar í umferðarmálum?**
Í samanburði við önnur lönd er Ísland rétt yfir meðallagi hvað varðar fjölda banaslysa. Bretland og Norðurlönd státa af fæstum banaslysum, en á Norðurlöndunum verða flest banaslys á Íslandi og Danmörku. Árið 2004 létust átta manns á Íslandi á hverja 100.000 íbúa (alls 23 í 20 slysum) og sama hlutfall var í Danmörku. Það ár létust sjö á hverja 100.000 íbúa í Finnlandi og sex í Noregi og Svíþjóð. Svipaða sögu er að segja síðustu tíu ár og rekur Ísland alltaf lestina í umferðarörygginu.

**Hvernig hefur þróunin verið á Íslandi?**
Umferðarslysum hefur fjölgað en að sama skapi hefur bílaflotinn stækkað. Fjöldi slysa á hver 1000 ökutæki hefur verið svipaður síðustu ár, var 36,7 prósent 2004 en 35,6 prósent 2003. Hlutfallsleg fækkun hefur orðið á umferðarslysum miðað við aukinn fjölda keyrðra kílómetra. Tala látinna á hvern milljarð ekinna kílómetra fór niður úr sextán manns árið 2000 í níu manns árið 2000.

**Hvað með banaslysin?**
Fjöldi látinna í umferðinni var sá sami árið 2003 og 2004, 23 en flest banaslys urðu á Suðurlandi, suðvesturhorninu og á Norðurlandi. Árið 2002 létust 29 í umferðinni, árið 2001 voru þeir 24 og árið 2000 týndu 32 lífi í umferðarslysi á Íslandi. Samkvæmt skýrslu Rannsóknarnefndar umferðarslysa um banaslys



í umferðinni árið 2004 kemur fram að helsta orsök banaslysa árið 2004 var að bílbelti var ekki notað og hægt væri að fækka umferðarslysum um fimmtung ef allir notuðu bílbelti.

**SPURT & SVARAÐ**

**ERFÐAMENGI ÍSLENDINGA KORTLAGT**



**AGNAR HELGASON** Mannfræðingur hjá Íslenskri erfðagreiningu.

## *Mannfræðirannsóknir*

Nýlega voru birtar niðurstöður úr rannsókn Agnars Helgasonar mannfræðings á erfðafræðilegum mun á Íslendingum eftir landsvæðum.

**Er merkjanlegur munur á Íslendingum eftir því af hvaða landshorni þeir koma?**
Já, það kom fram í þessari rannsókn. Munurinn er ekki mikill, en merkjanlegur. Það sýnir að fólk hefur flest haldið sig á slóðum sinna forfeðra og -mæðra, haldið sig í heimasveitinni. Það stangast svolítið á það sem sumir hafa haldið um Íslendinga fyrri alda. Ég held að það sé vegna þess að frásagnir frá fyrri tímum hafa yfirleitt verið af fólki sem flutti sig milli svæða. Sem var undantekningin. Þeir sem hvergi fóru þóttu síður í frásögur færandi.

**Ertu að fletta ofan af fleiri leyndardómum um erfðir Íslendinga?**
Almennt séð snúast rannsóknir mínar um að skilja erfðamengi Íslendinga, uppbyggingu þess, hvernig breytileiki erfðamengisins er, hvernig það skiptist upp eftir landsvæðum, hver saga þess er og hvaðan það kom. Mannfræðingar eru í auknum mæli að tengjast svona rannsóknum eins og fara fram hjá Íslenskri erfðagreiningu, af því að þessar upplýsingar eru í auknum mæli álitnar vera verðmætar. Þarna liggja upplýsingar sem geta hjálpað þeim sem eru að leita að orsökum sjúkdóma.

# Ólík sýn á launaþróun

**Gústaf Adolf Skúlason hjá Samtökum atvinnulífsins og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hjá Alþýðusambandi Íslands sjá launaþróun síðustu missera með mjög ólíkum hætti. Gústaf segir lægstu laun hafa hækkað mest en Sigríður segir vísbendingar um aukinn launamun.**

## Lægstu laun hafa hækkað mest



**GÚSTAF ADOLF SKÚLASON**
Mjög afmarkaður hópur fær hæstu launin.

„Sá hópur sem fær þau laun sem birt eru núna opinberlega í fjölmiðlum og er áberandi í umræðunni er mjög afmarkaður hópur. Þessi hópur er að stærstum hluta til að fá árangurstengdar greiðslur og það verður að hafa í huga að þessar greiðslur endurspegla árangurinn og verðmætasköpunina sem er í samfélaginu og sem þessi fyrirtæki hafa byggt upp,“ segir Gústaf Adolf Skúlason hjá Samtökum atvinnulífsins.

Hann segir aðspurður að honum finnist ekkert benda beint til þess að launaskrið sé að fara af stað þegar launatölur af þessu tagi eru skoðaðar og koma fram eins og þær gera um þetta leyti. „Launaskrið er allt annað mál. Það fer gjarnan af stað þegar það er lítið atvinnuleysi og þensla í þjóðfélaginu en við höfum ekki orðið varir við að það sé að fara af stað slíkt launskrið hér á landi,“ segir hann.

Gústaf segir að laun hafi hækkað mikið undanfarin ár og hann sjái engar áberandi launahækkanir nú milli ára. „Það eru fyrst og fremst lægstu launin sem hafa hækkað undanfarin ár. Þau hafa hækkað mest. Kaupmáttur þeirra hefur hækkað umfram kaupmátt annarra. Laun hafa almennt hækkað en ég held að það sé ekki sjáanlegt að þau hafi hækkað eitthvað sérstaklega milli ára,“ segir Gústaf. ■

## Launabil eykst milli ára



**SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR**
Verðbólga mun rýra kjör launþega verulega.

„Það eru vísbendingar um að launabil milli þeirra sem fá hæstu launin og láglaunafólks sé að aukast á íslenskum vinnumarkaði,“ segir Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands.

„Þetta leiðir af sér aukna misskiptingu í íslensku samfélagi. Það sem mér finnst ekki síður gefa vísbendingu til framtíðar er að nú er að þróast langtímaatvinnuleysi. Ástæðurnar fyrir því eru meðal annars að vinnumarkaðurinn er grimmari og eigendur fyrirtækjanna gefa meiri arðsemiskröfur. Þetta eru sömu fyrirtækin og eru tilbúin að greiða stjórnendum langt yfir milljón í laun á mánuði,“ segir Sigríður.

Hún segir erfitt að segja til um hvort launabil aukist í framtíðinni. „Fyrirtækin standa sig vel á hlutabréfamarkaði og ég hef ekkert nema gott um það að segja. Auðvitað getur svona þróun ekki verið endalaus en kominn er hópur sem verður bara ríkari og ríkari. Þetta eru fjármagnseigendur, nýr hópur sem verður ekkert gjaldþrota á einni niðursveiflu, þeir þola væntanlega meira en það. Þegar líður á hagsveifluna og verðbólguaukningin sem ASÍ hefur spáð gengur eftir mun það rýra kjör launþega verulega, bæði vegna minni kaupmáttar og vegna verðtryggingar lána.“ ■

**HLUTABRÉF Í SÍMANUM HRÍÐFALLA!**

Fjárfestar órólegir

Fyrirsagnir svipaðar þessari gætu hugsanlega prýtt forsíður dagblaða áður en langt um líður, sé tekið mið af þeirri gríðarlega öru þróun sem á sér stað í svokallaðri IP tækni.

IP tæknin gerir það að verkum að hægt er að njóta afburða gæða á símtölum á lægstu mögulegu töxtum eða jafnvel frítt, með því að flytja símtölin í gegn um internetið.

Með tilkomu nýrrar tækni og internetsins eru hefðbundin símafyrirtæki um allan heim að missa frá sér einkaréttinn á að flytja símtöl milli einstaklinga.

**Þetta er auglýsing!**

Ráðstefna um þróun í símamálum á heimsvísu verður haldin laugardaginn 6. ágúst á Grand Hóteli.

Heiðursgestur er Carlos H. Östby, stofnandi og einn af eigendum UbiFone, sem er alþjóðlegt internetsímafyrirtæki. UbiFone er að hasla sér völl víða um heim þ.á.m. á Íslandi og nýtir sér allra nýjustu tækni sem völ er á við flutning og tengingu á símtölum.

Frá kl. 13 – 16 verður opið hús fyrir almenning og eru þeir sem áhuga hafa á að kynna sér það allra nýjasta í símalausnum hvattir til að mæta tímanlega og nýta sér þetta einstaka tækifæri. Dagskráin hefst á því að fólk getur prófað að hringja ókeypis utanlandssímtöl hvert sem það vill.

Kl. 13.30 Carlos H. Östby kynnir gestum nýjungar í símamálum. Að kynningu lokinni gefst aftur kostur á að hringja ókeypis utanlandssímtöl til kl. 16.




Kl. 14.30 og 15 er kynning fyrir þá sem vilja gerast sjálfstæðir umboðsaðilar fyrir UbiFone til dreifingar út um allan heim.

Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Kynntu þér málið: **http://1fone.ws**

## Launaþróun og launabil

Tekjublað Frjálsrar verslunar kemur á hverju ári af stað umræðu um laun hinna launahæstu og þeirra sem lægst hafa launin. Umræðan um hina lægst launuðu er þó oftast takmörkuð við þjóðþekkta einstaklinga sem hafa samkvæmt álagningarskrám lægri laun en almenningur telur eðlilegt stöðu þeirra vegna.

Hafa ber þó í huga að tekjurnar miðast aðeins við tekjuskattsstofn en ekki fjármagnstekjur en stór hópur manna hefur aðeins fjármagnstekjur og stundar ekki fasta launaða vinnu.

Laun þeirra sem skipa efstu sætin á listum skattstjóranna hækka ár frá ári. Tölur sem þær sem nú birtast hafa aukist töluvert á þeim góðæristímum sem hafa verið hér á landi undanfarin ár. Engum dylst þó að launahækkanir hafa verið almennt miklar hér á landi á góðæristímum og kaupmáttur almennings hefur aukist mjög.

Á hverju ári vaknar einnig sú spurning hvort bilið milli hinna hæst og lægst launuðu sé að aukast eða hvort um sé að ræða almennar launahækkanir sem komi öllum á hinum almenna vinnumarkaði til góðs.

Hagstofan birti í gær launavísitölu fyrir annan ársfjórðung og kemur fram að vísitalan var í 140,9 stigum en var 132,3 stig á sama tímabili árið 2004 og 126,5 stig árið 2003.

Samkvæmt vísitölunni hækka því laun ár frá ári en enginn mælikvarði er þó til á hvort launabilið sé að aukast. ■


Smábílakeppni
Hagkaupa og VDO
í Smáralind
Gasblöðrur fyrir börnin á meðan birgðir endast.
Smábílakeppni Hagkaupa verður haldin laugardaginn 6. ágúst á bílaplaninu í Smáralind á móti Shell.
REVO
Dagskráin hefst með sýningu á vegum Hagkaupa og VDO kl. 12:00 (keppendur mæta kl. 9:00)
Keppni hefst kl. 13:00 og lýkur kl. 16:00
Coca Cola Light og SS pylsur á boðstólum í hádeginu.
VERÐLAUN
1. Verðlaun: T-Maxx bensínbíll
2. Verðlaun: Fjarstýrð flugvél
3. Verðlaun: Nikko fjarstýrður bíll
6.-14. ágúst verður veittur 20% afsláttur af bensínbílum og öllum fylgihlutum.
30% afsláttur af Nikko fjarstýrðum bílum
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

SJÓNARMIÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Áþreifanlegar aðgerðir leysa hefðbundin mótmæli af hólmi.

## Nýjar aðferðir mótmælenda

Einn liður í því að vera þegn í lýðræðisríki er tjáningarfrelsið. Það hefur almenningur meðal annars notað til að mótmæla ákvörðunum og aðgerðum stjórnvalda, stundum með árangri og stundum ekki.

Fyrstu verulega kunnu mótmæli síðustu aldar voru líklega þegar bændur riðu til Reykjavíkur til að mótmæla lagningu símans. Umfangsmestu mótmæli aldarinnar sem leið voru áreiðanlega Keflavíkurgöngurnar sem farnar voru til að mótmæla setu Bandaríkjahers í Keflavík og veru Íslands í NATO. Þessar göngur voru gengnar alloft á nokkurra áratuga bili og voru býsna fjölmennar á blómaskeiði sínu um miðjan áttunda áratuginn.

Mótmæli 20. aldarinnar fólust yfirleitt í því að fólk sýndi samstöðu um ákveðið málefni með því að koma saman, oft með áletruðum mótmælaspjöldum, hlýddi á ræður og kallaði slagorð. Með fáum undantekningum voru þessi mótmæli friðsamleg. Á 21. öldinni hafa mótmæli tekið á sig nýja mynd og einkennast fremur af aðgerðum, eða nokkurs konar skærum, en áður. Þessi mótmæli eru líka yfirleitt friðsamleg og þróunin er í samræmi við það sem gerist í öðrum löndum.

Í anda þessara aðgerðamótmæla eru búðirnar sem stofnað var til í landi Valþjófsstaðar fyrr í sumar en hafa nú verið fluttar að Vaði í Skriðdal. Búðir þar sem óformlegur hópur fólks er saman kominn til að mótmæla bæði virkjunarframkvæmdunum við Kárahnjúka og stóriðjuframkvæmdunum á Reyðarfirði. Tjaldbúðafólkið hafði hægt um sig í fyrstu en efndi í síðustu viku til aðgerða við virkjunina og í gær á Reyðarfirði. Aðgerðirnar felast í að koma í veg fyrir að vinnu vindi fram, með því til dæmis að hlekkja sig við vinnutæki. Þessi tegund mótmæla er ný á Íslandi, þótt íslenskir hvalfriðungar hafi reyndar gefið forsmekkinn þegar þeir festu sig við mastur hvalbáta uppi í Hvalfirði fyrir um það bil aldarfjórðungi. Í anda þeirra aðgerða voru einnig mótmæli vörubílstjóra vegna hækkunar vörugjalds á dísilolíu þegar þeir töfðu umferð á leið út úr borginni fyrir mestu ferðamannahelgi ársins.

Önnur breyting sem orðið hefur felst í alþjóðavæðingu mótmælanna. Fólk hikar ekki við að ferðast milli landa til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þetta sáum við þegar liðsmenn Falun Gong fjölmenntu til Íslands um árið og aftur í mótmælabúðunum á Vaði.

Ljóst er að mótmæli sem felast í aðgerðum vekja athygli. Ekki er til dæmis að efa að málstaður mótmælendanna á Vaði hafi fengið mun meiri athygli en ef fólki hefði verið safnað saman á torgi og haldnar baráttuæður. Það sama á við um mótmæli bílstjóranna í liðinni viku. Hitt er annað mál hversu ágengt mótmælendunum verður. Næsta víst er að enginn árangur er mælanlegur strax. Hins vegar ber ekki að vanmeta gildi mótmæla sem þessara til lengri tíma litið. Þótt afar ólíklegt verði að teljast að hætt verði við framkvæmdir við Kárahnjúka, sem þegar eru langt á veg komnar, og byggingu og rekstur álvers á Reyðarfirði verður ekki litið framhjá þeim áhrifum sem mótmælin við Kárahnjúka nú kunna að hafa á virkjana- og stóriðjuáform í framtíðinni, beint eða óbeint. Sömuleiðis ber að hafa í huga að í lýðræðisríkjum er tjáningarfrelsi og þeir sem vilja tjá sig með aðgerðamótmælum hafa til þess fullan rétt, hvort sem þeir eru í eigin landi eða langt að komnir, meðan ekki eru brotin landslög. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Til grafar?

Ýmsir lesenda Morgunblaðsins hafa líklega staldrað við heilsíðugrein í viðskiptakálfi blaðsins í gær undir fyrirsögninni „Óskabarn þjóðarinnar frá vöggu til grafar". Þar var fjallað um Eimskipafélag Íslands og af fyrirsögn og niðurlagi, „Eimskipafélagið í fyrri mynd horfið af sjónarsviðinu eftir níutíu ára starfsemi", var ekki hægt að ráða annað en að félagið væri hætt starfsemi. Þetta líktist sem sagt minningargrein, efni sem Morgunblaðið sérhæfir sig í, og falleg og litrík myndskreytingin minnti ýmsa lesendur á þann hlýhug sem blaðið hefur alla tíð borið til Eimskipafélagsins, sérstaklega síðustu fimmtán árin.

### Við hestaheilsu

Við ímyndum okkur að það hafi gefið samantekt Morgunblaðsins í gær aukið vægi að margsinnis var vitnað í ritið *Eimskip frá upphafi til nútíma* eftir Guðmund Magnússon sagnfræðing. Hæg eru heimatökin, og hafði þessi dálkur samband við höfundinn og spurði hvort önnur útgáfa, sem gæti þá heitið *Eimskip frá upphafi til enda*, væri væntanleg. Ekki vildi höfundurinn meina það. Hann kvaðst ekki vita betur en að Eimskip væri við hestaheilsu sem fyrr. Hann taldi að hér hlyti að vera einhver misskilningur á ferð, því ekki gæti verið um óskhyggju eða útúrsnúning að ræða hjá hinu virðulega blaði.

### Aldrei fleiri

Frekari könnun leiddi í ljós að Morgunblaðið var með það í huga að allt frá stofnun Eimskips 1914 hefur það verið svokallað almenningshlutafélag með þúsundir eigenda að baki sér. Eftir uppstokkun er eigandi þess aðeins Avion Group, sem tiltölulega fáir standa að baki. En blaðið var of fljótt á sér, gleymdi að lesa smáa letrið. Þar stendur nefnilega skýrum stöfum að hluthafar hins sameinaða Straums-Burðaráss, um 20 þúsund manns, muni innan tíðar eignast beinan hlut í Avion Group, og verða þannig óbeinir eigendur Eimskips. Þetta á að gerast ekki síðar en næsta sumar, þegar Avion Group fer á markað. Eftir þá breytingu verða eigendur Eimskips fleiri en nokkru sinni fyrr.

gm@frettabladid.is

# Hvenær eru tengsl óeðlileg?

Í DAG
SALA SÍMANS



HANNES H. GISSURARSON

Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur gremst, hversu vel sala Símans tókst. Hún ræðst þessa dagana með ósmekklegum dylgjum á tvo dugnaðarmenn úr hópi kaupenda, Bakkavararbræður, þá Ágúst og Lýð Guðmundssyni, og Brynjólf Bjarnason, forstjóra Símans. En kaupendurnir buðu sjö milljörðum meira en þeir, sem áttu næsthæsta tilboð. Söluferlið var gagnsætt og engum hyglað. Erlendir fjárfestar hurfu á braut, af því að þeir treystu sér blátt áfram ekki til að kaupa Símann á eins háu verði og hinir innlendu.

Brynjólfur Bjarnason er ekki sekur um neinn glæp, þótt hann hafi í mörg ár verið samstarfsmaður Bakkavararbræðra og raunar líka Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns KB-banka, en sá banki keypti talsvert í Símanum. Þetta eru allt snjallir, áræðnir kaupsýslumenn og hafa nýtt sér vel þau tækifæri, sem hér sköpuðust með frjálsara atvinnulífi.

Lítum þó aðeins betur á málflutning Ingibjargar Sólrúnar. Hún segir grunsemdir vakna, vegna þess að Brynjólfur Bjarnason hafi verið í tengslum við Bakkavararbræður. En ef eitthvað er, þá hefur það hækkað söluverð Símans, því að hinir nýju eigendur hafa haft fullt traust á Brynjólfi. Seljandinn hagnaðist, án þess að kaupandinn tapaði.

Almenningur hefur þó ekki alltaf hagnast á tengslum fólks, og þau hafa ekki öll verið jafneðlileg. Eitt dæmið er, að Ingibjörg Sólrún þáði í borgarstjóratíð sinni margvíslega greiða frá Sigfúsi Sigfússyni í Heklu. Henni var nokkrum sinnum boðið til Japans, og Sigfús lánaði henni mánuðum saman glæsibíla úr flota sínum, þegar hún þurfti þess við. Ingibjörg Sólrún lét sem kunnugt er Nesjavallavirkjun kaupa Mitsubishi-vélar af Sigfúsi. Komst kærunefnd útboðsmála að þeirri niðurstöðu, að borgin hefði staðið óeðlilega að þeim kaupum.

*Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fer ekki vel af stað sem formaður Samfylkingarinnar. Hún var valin í þessa stöðu, af því að flokksfólk taldi hana geta gegnt sama hlutverki á vinstri vængnum og Davíð Oddsson á hinum hægri. Það treysti sennilega á einhvers konar sögulega ljósritun.*

Annað dæmið er, að Ingibjörg Sólrún þáði sem frambjóðandi og borgarstjóri margvíslega greiða af Jóni Ólafssyni í Skífunni. Hann lét ráða eiginmann hennar á Stöð tvö sem yfirþýðanda, þótt gengið hefði verið munnlega frá ráðningu annars manns í það starf. Hann lánaði R-listanum fyrir öllum auglýsingum á Stöð tvö fyrir kosningarnar 1994, eins og hann sagði mér hróðugur. Hvernig fékk hann þær síðan greiddar? Að minnsta kosti reyndi Ingibjörg Sólveig tvisvar að úthluta honum verðmætum lóðum undir kvikmyndahús, fyrst í Mjóddinni, síðan í Laugardal, þótt hún yrði í bæði skiptin að hætta við vegna háværra mótmæla. Henni tókst loks að gera Jóni vænan greiða með því að kaupa af honum eitthvert lóðadrasl við Laugaveg, langt yfir markaðsverði.

Ósvífnust var þó Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þegar hún dylgjaði um það í Borgarnesræðu sinni fyrir kosningarnar 2003, að skattrannsókn á Jóni Ólafssyni væri runnin undan rifjum Davíðs Oddssonar forsætisráðherra. Þessi rannsókn beindist gegn manni, sem hafði í mörg ár lifað óhófslífi, en greitt vinnukonuútsvar. Það þurfti ekkert annað tilefni, enda kom á daginn, að skattsvikamál Jóns var þá hið stærsta í Íslandssögunni, þótt sennilega eigi einhverjir aðrir eftir að reyna að slá það met.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fer ekki vel af stað sem formaður Samfylkingarinnar. Hún var valin í þessa stöðu, af því að flokksfólk taldi hana geta gegnt sama hlutverki á vinstri vængnum og Davíð Oddsson á hinum hægri. Það treysti sennilega á einhvers konar sögulega ljósritun. Ingibjörg Sólrún vann vissulega borgina 1994 eins og Davíð hafði gert tólf árum áður. En mikill munur er á þeim tveimur.

Davíð kom fjármálum borgarinnar í lag. Ingibjörg Sólrún safnaði skuldum. Davíð útrýmdi lóðaskortinum. Ingibjörg Sólrún skapaði hann aftur. Davíð var framkvæmdasamur borgarstjóri. Ingibjörg Sólrún sat í Ráðhúsinu að skrafi með öðrum unnendum umræðustjórnmála. Davíð lét gera Viðeyjarstofu upp. Helsta afreksverk Ingibjargar Sólrúnar í menningarmálum var að láta taka niður málverkið af Bjarna Benediktssyni í Höfða. Davíð einkavæddi Bæjarútgerðina. Ingibjörg Sólrún jós milljörðum í línu.net. Davíð segir skoðun sína tæpitungulaust. Ingibjörg Sólrún dylgjar. Davíð lætur enga misindismenn komast nálægt sér. Ingibjörg Sólrún lætur taka myndir af sér að skála við Jón Ólafsson. Og síðast, en ekki síst: Davíð gætir sín á að vera engum háður. Hann hefur aldrei verið falur. ■



VIÐEY - NÁTTÚRA OG MENNING
VIÐEY ISLAND - NATURE AND CULTURE COMBINED IN ONE
VIÐEYJARFERJAN SIGLIR ALLA DAGA Í SUMAR
Upplýsingar og pantanir
ferja@ferja.is • www.ferja.is
Minjasafn Reykjavíkur

Launamunur kynjanna
Er femínismi gamaldags?
Eftir skattaútreikninga bendir allt til þess að konur hafi ennþá mun lægri laun en karlar.
LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Fjölmiðlar eru ekki hluti dóms- og refsikerfis

**UMRÆÐAN**
FJÖLMIÐLAR



**JAKOB BJARNAR GRÉTARSSON**
BLAÐAMAÐUR

Arna Schram, blaðamaður á Morgunblaðinu og nýr formaður Blaðamannafélags Íslands, svarar Illuga Jökulssyni stuttlega í greinarkorni í Fréttablaðinu laugardaginn 30. júlí. Illugi hafði spurt Örnu hvort skoðun hennar sé sú að fjölmiðlar eigi ekki að fjalla um sakborninga í dómsmálum fyrr en „þar til bær yfirvöld“ hefðu kveðið upp sinn dóm.

Arna segir svo vera: „Já, skoðun mín er óbreytt. Fjölmiðlar eiga að fara varlega í mynd- og nafnbirtingum eða að kveða upp „dóma“ um fólk áður en sekt þess er sönnuð fyrir dómstólum, það er þar til bærum yfirvöldum. Fjölmiðlar eiga að taka tillit til meðal annars laga, dóma og almenningsálits.“

Við þetta er ýmislegt að athuga. Ekki verður betur séð en Arna telji fjölmiðla eins konar hluta dóms- og refsikerfisins. Að vísu ekki til þess bærir en engu síður á valdi þeirra að kveða upp „dóma“. Fjölmiðlar hafa ekkert slíkt umboð. Vont er ef almenningur telur þetta viðhorf ríkjandi meðal blaðamanna. Og verra ef blaðamenn ganga um með slíka óra í kollinum. Enda heldur þetta sjónarmið engu vatni og brýtur til dæmis algerlega í bága við það sem stundum er sagt á tyllidögum að fjölmiðlar eigi að veita hinu opinbera aðhald. Mynd- og nafnbirting jafngildir á engan hátt dómsorði. Hæpið er að vísa til einhvers óskilgreinds hóps sem enginn veit hver er og segja: Fólkið er búið að dæma! Enginn kannast við að geta ekki farið með þessar upplýsingar en ýmsir virðast þó ætla náunganum blinda dómhörku.

Fjölmiðlar eiga ekki að taka tillit til laga, dóma og því síður einhvers sem Arna kallar almenningsálits umfram aðra þætti þjóðlífsins.

Starf blaðamanna gengur fyrst og fremst út á að safna upplýsingum og miðla til almennings. Þeir sem starfa við þetta fag og vilja skammta lesendum/áhorfendum/hlustendum upplýsingar með tilliti til þess hvort þeir hafi gott af því að vita þetta og hitt eru á villigötum.

Í undirbúningi er nýtt fjölmiðlafrumvarp. Ekki hafa verið færð nein rök fyrir nauðsyn þess heldur byggir tilurðin á þeim misskilningi stjórnmálamanna að fjölmiðlar séu stjórnvaldstæki. Stjórnarandstaðan fær að vera með núna og því má búast við að frumvarpið, sem byggir á meingölluðum forsendum, fljúgi í gegnum þingið. Persónuvernd sendi nýverið frá sér óumbeðið álit og vekur upp hauslausan draug sem er Karólínu-dómurinn frægi. Hér er verið að véla um afstæð hugtök á borð við „almannapersónur“ - það er hver er nógu frægur til að um hann sé fjallað! Eða hvort þessi frétt eða hin á erindi við almenning. Hver er „til þess bær“ að kveða úr um það?

Að nýr formaður BÍ sé, að því er virðist, sáttur við þessa þróun veldur mér sem félaga í Blaðamannafélaginu áhyggjum.

*Höfundur er félagi í Blaðamannafélagi Íslands.*

# Mótmæli látin bitna á almenningi

Mótmæli flutningabílstjóra á föstudaginn (þó vitanlega ekki allra flutningabílstjóra) voru alveg svakalega sniðug. Þeir mótmæltu hækkun á olíugjaldi með því að eyða olíu, en mótmælin gengu út á það eins og kunnugt er að aka löturhægt um miklar umferðargötur í Reykjavík og þá einkum þær leiðir sem íbúar borgarinnar notuðu til að aka út úr bænum á leið á útihátíðir eða eitthvert annað sem þeir kusu að halda um verzlunarmannahelgina.

**UMRÆÐAN**
MÓTMÆLI
FLUTNINGABÍLSTJÓRA



**HJÖRTUR J. GUÐMUNDSSON**
SAGNFRÆÐINEMI

Mótmælin voru því ekki bara þannig úr garði gerð að þau bitnuðu á almennum borgurum, sem ekkert höfðu til saka unnið, heldur má gera ráð fyrir að þau hafi haft með því að mótmælendurnir fylltu á olíutanka flutningabifreiða sinna. Ýmsar yfirlýsingar talsmanns mótmælendanna í fjölmiðlum voru síðan oftar en ekki vægast sagt stórundarlegar. Allt frá því að gera því skóna að fjármálaráðherra hefði skipað fulltrúum mótmælendanna að koma til fundar við sig (síðar kom í ljós að mótmælendur höfðu sjálfir óskað eftir fundi með ráðherra en síðan afþakkað hann) yfir í að segja að það yrði bara að hafa það ef mótmælin leiddu til þess að slys yrðu á fólki eða einhvers þaðan af verra. Sagði talsmaðurinn í sjónvarpsfréttum að slys yrðu í umferðinni og ef fólk vildi forðast þau ætti það að halda sig í rúminu.

Svona lagað nær auðvitað engri átt. Það gildir einfaldlega það sama um þessi mótmæli eins og þau við Kárahnjúkavirkjun og önnur slík að það er í góðu lagi að fólk mótmæli svo lengi sem það er gert á friðsaman og lýðræðislegan hátt og án þess að saklaust fólk verði fyrir barðinu á þeim. Hvort sem um er að ræða fólk á leiðinni í sumarfrí eða fólk sem er að sinna vinnunni sinni. Annað er auðvitað ekkert annað en ofbeldi sem er ekki bara algerlega óásættanlegt heldur líka afskaplega ólíklegt til að vekja samúð almennings með umræddum aðgerðum. ■

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



# Rangfærslur í skrifum um prestamál Garðasóknar

**HELGI K. HJÁLMSSON**
SKRIFAR UM DEILUR Í GARÐASÓKN

Mig rak í rogastans þegar ég las grein í Fréttblaðinu föstudaginn 29. júní sl. undir fyrirsögninni „Er Garðasókn í gíslingu?“. Ég varð kjaftstopp. Þvílíkar og aðrar eins rangfærslur hefi ég aldrei áður séð. Hvernig hægt er að setja svona pistil saman er fjarri mínum skilningi. Áður hafa ýmsar greinar birst frá svokölluðum stuðningsmönnum sr. Hans Markúsar Hafsteinssonar, sóknarprests í Garðasókn, og eru með endemum, en þessi síðasta slær öll met.

Þetta er allt ein sorgarsaga.

Í umræðu stuðningsmanna sr. Hans Markúsar Hafsteinssonar er sannleikanum snúið við. Staðreynd málsins er sú að það var sóknarpresturinn, sr. Hans Markús Hafsteinsson, sem kærði samstarfsfólk sitt og það var hann, sem krafðist þess að djákninn yrði rekinn þegar djákninn kallaði á hjálp og bað sóknarnefndina um aðstoð, eftir að sóknarpresturinn hafði ítrekað hindrað djáknann í störfum sínum og gripið fram fyrir hendurnar á djáknanum. Sóknarnefnd, prófastur Kjalarnesprófastsdæmis og Biskup Íslands hafa allir ítrekað reynt sættir, sem sr. Hans Markús Hafsteinsson hefur í hvert sinn hafnað.

Allir aðilar, sem að málinu hafa komið, hafa komist að sömu niðurstöðu, sem er að vandinn liggi hjá sr. Hans Markúsi Hafsteinssyni. Hann virðist ekki sjá galla í eigin ranni. Allir sem hafa komið að málinu, eru sammála því að eina lausn málsins sé sú að sr. Hans Markús Hafsteinsson verði færður til í starfi. Ef um einelti er að ræða þá er það einelti af hálfu sr. Hans Markúsar Hafsteinssonar á hendur samstarfsfóki sínu. Það er hreint með ólíkindum hvernig sannleikanum er snúið við í þessu máli öllu. Hafi allir skömm af, sem með framferði sínu eru að kljúfa Garðasöfnuð í herðar niður og eyðileggja safnaðarstarfið með slíku framferði. Þessu máli öllu hefði verið hægt að ljúka fyrir löngu síðan, ef um eðlilegt samstarf og samvinnu úr hendi sóknarprestsins hefði verið að ræða.

Það kann ekki góðri lukku að stýra að setja ávallt eigin hagsmuni í forgang og koma ekki auga á galla í eigin fari og slá stöðugt á útrétta sáttarhönd. Ég ítreka það og fullyrði, í ljósi þess að ég þekki málið frá fyrstu hendi, að allir, sem að málinu komu, vildu sættir og að því yrði lokið á eðlilegan hátt. Sóknarpresturinn sr. Hans Markús Hafsteinsson neitaði öllum sáttum og handleiðslu og kærði samstarfsfólk sitt. Það var sr. Hans Markús Hafsteinsson, sem kærði samstarfsfólk sitt til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar þegar Biskup Íslands var að vinna að lausn málsins og hafði boðið honum tilfærslu í starfi. Það var sr. Hans Markús Hafsteinsson, sem kærði málið áfram til áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar þegar úrskurðarnefndin hafði komist að þeirri niðurstöðu að leggja til við Biskup Íslands, að sr. Hans Markús Hafsteinsson yrði færður til í starfi. Þegar áfrýjunarnefnd þjóðkirkunnar kvað upp sinn úrskurð um að sr. Hans Markús Hafsteinsson skyldi færður til í starfi, þá neitar hann enn og kærir málið nú til íslenskra dómstóla.

*Mér er það gjörsamlega hulin ráðgáta hvernig sr. Hans Markús Hafsteinsson ætlar að starfa, sem sóknarprestur, áfram í Garðasókn, eftir allt það sem á undan hefur gengið.*

Mér er það gjörsamlega hulin ráðgáta hvernig sr. Hans Markús Hafsteinsson ætlar að starfa, sem sóknarprestur, áfram í Garðasókn, eftir allt það sem á undan hefur gengið. Ástæðan fyrir að aðalsafnaðarfundur var ekki haldinn í mars var, að í samráði við Biskup var ákveðið að ljúka tilfærslu sr. Hans Markúsar Hafsteinssonar og ljúka öllu því máli áður en fundurinn yrði haldinn. Það var ekkert verið að fela. Það er engum haldið í gíslingu. Það er ekki um neina geðþóttaákvörðun að ræða. Allt er unnið samkvæmt réttum lands og kirkjulögum og langlundargeð sóknarnefndar og allra aðila sem að málinu koma hefur verið teygt til hins ýtrasta. Svo svarið við spurningunni „Er Garðasókn í gíslingu?“ er jú ef til vill en ekki af þeim sem greinarhöfundar gefa í skyn heldur sr. Hans Markúsi Hafsteinssyni og stöku stuðningsmanni hans, sem eru á villigötum.

*Höfundur er gjaldkeri sóknarnefndar.*




# Heppileg samkeppni

**UMRÆÐAN**
LJÓSLEIÐARA-VÆÐING



**SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR**
VARAFORMAÐUR STJÓRNAR OR

Orku- og vatnsöflun auk veitustarfsemi er og verður grunnstarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Í því felst öflun raforku, heits og kalds vatns til heimila og fyrirtækja. En undir veituhlutann fellur lagning og rekstur vatns- og rafmagnslagna, gagnaveitu og á næstunni fráveitu. Það er stefna OR eins og margoft hefur komið fram að tryggja eigendum sínum, það er almenningi á eigendasvæði sínu, þjónustu fyrirtækisins á sem hagkvæmustu verði.

Orkuveita Reykjavíkur er í almannaeigu, Reykjavíkurborg á 93,539%, Akranesbær 5,525%, Borgarbyggð 0,761% og Borgarfjarðarsveit 0,172%. Engar fyrirætlanir eru um að einkavæða fyrirtækið. Gagnaveita er í nútímaþjóðfélagi ein af grunnveitum samfélaga og ætti því að vera í almannaeigu. Aðgangur að hagkvæmri gagnaveitu er samfélagi nútímans mjög nauðsynlegur og getur skipt sköpum um samkeppnishæfni einstaklinga, fyrirtækja og þjóða.

Framkvæmdarlega og rekstrarlega fer rekstur gagnaveitu mjög vel saman við aðra veitustarfsemi, mikil samlegðaráhrif eru af lagningu ljósleiðara samfara öðrum veitulögnum hvort sem um er að ræða nýlagnir eða lagnir vegna viðhalds. Rekstur rafmagnslagna og ljósleiðara er heldur ekki svo ólíkur, annars vegar fer um leiðslurnar rafmagn og hinsvegar upplýsingar.

Rétt eins og OR selur ekki eldavélar og þurrkara mun OR ekki selja efni inn á ljósleiðarann, heldur selja smásöluaðilum aðgang að kerfinu, síma og netfyrirtækjum, sjónvarpsstöðvum og hverjum þeim öðrum sem vilja selja þjónustu sína í gegnum ljósleiðara.

Ef menn eru á annað borð á því að gagnaveita samræmist starfssviði OR, vaknar spurningin um það hvort ljósleiðari sé heppilegasta form slíkrar gagnaveitu. Vísindum fleygir fram og einhverjir kunna að óttast að tæknin úreldist fljótt. Ljósleiðari hefur gríðarlega flutningsgetu auk þess sem upplýsingar berast þar á hraða ljóssins og hraði ljóssins er mesti hraði sem við þekkjum. Þörfin fyrir bandbreidd er sívaxandi og til dæmis er reiknað með að hvert heimili fái 100 MB tengingu með ljósleiðara Orkuveitunnar.

Eina fyrirtækið á Íslandi annað en OR sem hefur lagt út í lagningu ljósleiðara í verulegum mæli er Síminn. Eins og allur almenningur veit er Síminn á flestum ef ekki öllum sviðum í samkeppni við þá smásöluaðila sem hugsanlega vildu kaupa sig inn á gagnaveitu um ljósleiðara. Síminn rekur símaþjónustu, Síminn rekur internetþjónustu, Síminn rekur breiðbandið og Síminn á stóran hlut í Skjá einum.

Af þessum sökum finnst mér ljóst að OR sé mun betur til þess fallin en Síminn að reka grunnnet sem allir hafa jafnan aðgang að og viðskiptavinir geta treyst.

Nú liggur það fyrir að búið er að selja Símann með öllum grunnkerfum fyrir 66,7 milljarða króna og er fyrirtækið eftir það einkarekið fyrirtæki. Eigendurnir þurfa að fá arð af þessari miklu fjárbindingu sinni og því má búast við að arðsemiskrafa af gagnaveitu þeirra verði hærri en hjá fyrirtæki sem er í eigu almennings.

OR hefur sýnt það og sannað með lágu verði á rafmagni og heitu og köldu vatni til almennings að fyrirtækið tekur þá stefnu sína mjög alvarlega að selja á sem hagstæðustum kjörum til almennings. Verð á þessari þjónustu er eitt það lægsta sem gerist í heiminum á þjónustusvæði OR. Það sama verður ekki sagt um símakostnað, sérstaklega ekki þegar Landssíminn sat einn að framboði á þeirri þjónustu. Þess ber þó að geta að við eigum alveg eftir að sjá hvernig nýir eigendur Símans munu standa sig í þessum efnum og vona ég svo sannalega að von sé á verðlækkunum á þjónustu Símans.

Gagnrýnisraddir hafa verið uppi um að óhagkvæmt sé að bæði þessi fyrirtæki standi í lagningu ljósleiðara. Auðvitað má halda því fram um alla skapaða hluti að hagkvæmast sé að samnýta allt. Hafa bara eitt af öllu, eitt flugfélag, eitt skipafélag, eitt dagblað, einn flokk og einn ljósleiðara. Slíkar hugmyndir hafa þó fram til þessa verið á hröðu undanhaldi. Mér er því ekki ljóst hvaðan þessi ótti við samkeppni á þessu sviði er sprottinn.

Ég tel OR mjög vel í stakk búna að mæta ljósleiðarasamkeppni frá Símanum og að þeir sem vilja selja þjónustu sína í gegnum ljósleiðara muni líta hýru auga til OR sem ekki er í samkeppni við viðskiptavini sína í smásölu líkt og Síminn er.

OR á í dag ljósleiðaragrunnnet í borginni sem nýtist stærri fyrirtækjum, stjórnsýslustofnunum, heilbrigðis- og menntastofnunum í borginni og reyndar í öðrum sveitarfélögum líka. Þar sem ljósleiðari OR hefur staðið til boða hefur verð á gagnaflutningi til fyrirtækja og stofnana lækkað verulega og er margfalt ódýrari í dag en hann var fyrir tilkomu ljósleiðara OR. Þá er engin spurning að tilkoma ódýrari leiðar til mikilla gagnaflutninga hefur hraðað allri framþróun á þjónustu eins og hýsingu, sjálfsafgreiðslu yfir internetið ofl. Jafnframt hefur OR lagt ljósleiðara í nýbyggingarhverfi borgarinnar og gert samninga við Seltjarnarnesbæ og Akranesbæ um lagningu ljósleiðara í þeim bæjarfélögum. Nú í haust verður svo Fossvogurinn ljósleiðaravæddur og munu önnur eldri íbúahverfi borgarinnar fylgja í kjölfarið. ■

# Spurning ítrekuð

**UMRÆÐAN**
FJÖLMIÐLAR



**ILLUGI JÖKULSSON**
ÚTVARPSSTJÓRI TALSTÖÐVARINNAR

Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands, fer þá billegu leið í svari við spurningu minni hér í Fréttablaðinu að láta eins og spurningin hafi snúist um nafn- og myndbirtingar í fjölmiðlum. Og það þótt ég hafi tekið sérstaklega fram að spurningin snerist EKKI um það. Spurningin snerist einfaldlega um hvort það væri skoðun formannsins að úrskurðir og/eða álit einhverra „þar til bærra yfirvalda“ ættu að hafa áhrif á hvernig blaðamenn haga störfum sínum. Því hún hafði í að minnsta kosti tvígang tekið svo til orða.

Fyrst þegar hún sagði að fjölmiðlar ættu ekki að birta nöfn sakaðra manna fyrr en „þar til bær yfirvöld“ væru búin að segja sína skoðun á því hvort þeir væru sekir eða ekki. Og síðan er hún sagði það „ekki við hæfi“ að hún segði skoðun sína á álitamáli varðandi störf blaðamanna fyrst málið væri – að sögn – komið í hendur „þar til bærra dómsvalda“.

Mér finnst einfaldlega brýnt að frétta um skoðun formanns Blaðamannafélagsins á þessu mikilsverða atriði. Fyrst svar fékkst ekki ítreka ég spurninguna. ■

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 4.47 | 13.34 | 22.18 |
| AKUREYRI | 4.47 | 13.34 | 22.18 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


# allt

FRÉTTABLAÐIÐ


**tilboð** o.fl.
Fartölvur víða á tilboði
BLS. 4




**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is**

*Góðan dag!*
Í dag er föstudagurinn 5. ágúst, 217. dagur ársins 2005.

## KRÍLIN




## Smáauglýsingar


**Flokkar**
Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar



**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**
vísir




Hrafnhildi Gunnarsdóttur langar stundum að söðla um og gerast kokkur.

# Matargerð er grundvallarþörf

***Hrafnhildur Gunnarsdóttir er kvikmyndakona og formaður samtakanna 78. Hún er mikið fyrir íslenskan fisk og á stundum myndi hún glöð gefa allt upp á bátinn til að vera kokkur.***

Hrafnhildur er tiltölulega nýflutt heim frá Kaliforníu og er ánægð yfir því hvernig matarmenningin á Íslandi hefur breyst á þeim tíma sem hún bjó erlendis. Þegar hún velur í matinn verður kjúklingur oftar en ekki fyrir valinu og er á borðum hjá henni helst einu sinni í viku. „Svo borða ég líka mikinn fisk. Það er einn staður í bænum þar sem maður getur fengið alveg rosalega góðan Húsavíkurræktaðan lax,“ segir Hrafnhildur, sem er að tala um verslunina Gallerý fisk sem er við Nethyl.

„Ég gæti alveg hugsað mér að hætta að gera allt til að gerast kokkur, þó að ég sé kannski ekki alveg viss um að það sé jafn sjarmerandi og þegar maður er bara að elda fyrir sjálfan sig og lítinn hóp af fólki,“ segir hún.

Það heyrist vel á því hvernig Hrafnhildur talar að hún hefur ástríðu fyrir mat. „Í matreiðslu þarf maður þolinmæði og athygli á því sem maður er að gera. Það er rosalega þægilegt þegar maður er frá degi til dags í bransa eins og kvikmyndabransanum - þar sem allt er svo óáþreifanlegt - að gera áþreifanlegan hlut eins og að elda mat sem maður getur klárað á klukkutíma og allir fara svo bara heim sælir og glaðir,“ segir Hrafnhildur, sem er nú um þessar mundir að ljúka við verkefni sem hún hefur verið að vinna að í tíu ár. „Matargerðin fullnægir einhverri grundvallarþörf,“ bætir hún síðan við.

Hún lumar á mörgum góðum uppskriftum og getur ekki valið á milli tveggja til að ljóstra upp. „Ég er með eina einfalda kjúklingauppskrift og aðra laxuppskrift. Ég veit ekki alveg hvora ég á að velja,“ segir hún hálfvandræðaleg. Þegar til kemur er hún ekki tilbúin að láta kjúklingaréttinn af hendi en uppskrift af laxi með batenjan be thini eða líbönsku tilbrigði af eggaldin í tahini er að finna á síðu 6. ■

## LIGGUR Í LOFTINU
### *í tilboðum*

**Sony Center** er með útsölu um þessar mundir og þar eru ýmis spennandi tilboð í gangi. Heimabíó er á 35 prósenta afslætti og hágæða breiðtjaldssjónvarp sem áður kostaði 159.940 krónur kostar nú aðeins 99.950 krónur. Stafræn Sony myndavél sem áður kostaði 53.940 krónur er nú á 25 prósenta afslætti og kostar aðeins tæp 40 þúsund.

**Útsalan** í Vogue hófst í gær. Þar má fá góð efni í hvers konar fatnað á allt að 70 prósenta afslætti. Það er því tilvalið að birgja sig upp af skemmtilegri vefnaðarvöru og setjast við saumavélina þegar dimma fer. Verslanir Vogue eru tvær, í Reykjavík og á Akureyri, og gilda tilboðin að sjálfsögðu á báðum stöðum.



**Málningavörur** eru á góðu verði í Múrbúðinni. Þar má fá allt sem þarf til að mála innandyra eða utan, svo sem málningu, bakka og pensla. Málningin er á góðu verði og kosta 10 lítrar af hágæða útimálningu aðeins 2.890 krónur. Úrvalið er mikið og hægt er að fá málningu í öllum regnbogans litum.

**Fartölvur** eru á sérstöku tilboði hjá EJS. Nýjar tölvur frá Dell eru á góðu verði og til að mynda kostar Dell Latitude 110L aðeins 84.900 krónur.

*tilbod@frettabladid.is*


# útsala
**glæsileg vara - gerið góð kaup!**

Vandaðir Lúxus-hægindasófar og stólar með stillanlegu baki og skemmli.
Frábærir sjónvarps-sófar og stólar. **Frábært verð**



Sófi með **leðri** aðeins kr.
**149.000.-**



Stóll með **leðri** aðeins kr.
**54.000.-**

**Chesterfield**




3ja sæta + 2ja sæta
**148.000.-**

**Opið**
Virka daga kl.10-18
Laugard. kl. 11-16
Sunnud. kl. 13-16

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

## Stoðmjólk

Í verslun Spar í Bæjarlind í Kópavogi má þessa dagana fá stoðmjólk á 75 prósenta afslætti. Stoðmjólk í 500 ml umbúðum kostar nú 18 krónur en kostaði áður 75 krónur. Lítraverðið er því aðeins 36 krónur.

**75%**


Landsins mesta úrval af yfirhöfnum

S: 588 5518 Opnunartími • Mörkinni 6
mán. – fös. 10 – 18 • lau. 10 – 16

Topp HÚSIÐ





40-75%
afsláttur

| | Áður | Nú |
|---|---|---|
| Brjóstahaldari | 3.990,- | 1.197,- |
| G-strengur | 1.790,- | 537,- |
| Sundbolur | 6.990,- | 3.495,- |

CHANGE
SMÁRALIND
Sími 517 7007



| | | |
|---|---|---|
| Veggflísar | 20x25 | verð 1490.- |
| Veggflísar | 20x20 | verð 990.- |
| Parketgólfflísar | 33x33 | verð 1500.- |

Fjölbreytt úrval af gólf og veggflísum

HÚSHEIMAR
Lækjargötu 34c • 220 Hafnarfirði • S:553 4488



ROPE YOGA
stöðin Bæjarhrauni 22

ROPE YOGA WORKOUT

KENNSLA HEFST MÁNUDAGINN 8. ÁGÚST
FRÁBÆRT TILBOÐ Á ÁRSKORTUM

Kennari Guðbjörg Ósk Friðriksdóttir. Skráning er hafin í síma 555-3536 eða 695-0089 ropeyoga@internet.is
Bæjarhraun 22 / 220 Hafnarfjörður / 3. hæð til vinstri






TILBOÐ
*29 kr.
myndin 10x15
*gildir til 31.08.2005
www.myndval.is
Myndval
Álfabakka 14 s. 557 4070
myndval@myndval.is



GÍTARINN ehf.
Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • Sími: 552-2125
gitarinn@gitarinn.is • www.gitarinn.is

*** NÝ SENDING ***






Þjóðlagagítar
poki, ól, DVD kennsludiskur, neglur, stilliflauta, auka strengir
kr. 12.900,-
Opið: Mán-Fös kl. 10-18 • Lau kl. 11-16


### FJARÐARKAUP

Tilboðin gilda til 6. ágúst

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ali Mexico svínakótilettur | 1.049 | 1.498 | 1.049 | 30 |
| Kryddaður svínahnakki, sneiddur | 1.198 | 1.398 | 1.198 | 15 |
| Fjallalambs grillsneiðar | 898 | 1.298 | 1.298 | 30 |
| FK grill ofnsteik | 1.108 | 1.584 | 1.108 | 30 |
| Tex mex læri/leggir | 419 | 599 | 419 | 30 |
| FK jurtakryddað lambalæri | 995 | 1.659 | 995 | 40 |
| FK hrásalat 320 g | 88 | 148 | 275 | 40 |
| FK kartöflusalat 320 g | 88 | 148 | 275 | 40 |
| Íslenskt blómkál | 249 | ný uppskera | 249 | |
| Íslenskt hvítkál | 169 | ný uppskera | 169 | |
| Íslenskt kínakál | 229 | ný uppskera | 229 | |
| Íslenskt spergilkál | 249 | ný uppskera | 249 | |

### KRÓNAN

Tilboðin gilda til 9. ágúst

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| SS rauðvínsl. helgarsteik | 947 | 1.579 | 947 | 40 |
| SS Caj P´s lærissneiðar | 1.199 | 1.998 | 1.199 | 40 |
| Móa kjúklingur, grillaður | 454 | 699 | 454 | 35 |
| Krónu skinka 279 g | 149 | 198 | 534 | 25 |
| Stórt Krónubrauð, gróft 770 g | 99 | 129 | 129 | 25 |
| Vínber, rauð | 148 | 199 | 148 | 25 |
| Maískorn 300 g | 29 | 49 | 97 | 40 |
| Náttúrusafi, epla/appelsínu/ACE 1 l | 99 | 119 | 99 | 15 |
| Jöklasalat | 99 | 134 | 99 | 25 |
| Harboe epla- eða perucider 2 l | 199 | 249 | 99 | 20 |

### NÓATÚN

Tilboðin gilda til 10. ágúst

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ungnautahakk | 599 | 1.198 | 599 | 50 |
| SS rauðvínslegið lambalæri | 1.249 | 1.668 | 1.249 | 25 |
| SS osta grillpylsur | 599 | 888 | 599 | 30 |
| SS lambasúpukjöt | 399 | 558 | 399 | 30 |
| Móa rauðvínsl. kjúklingalæri/leggir | 399 | 499 | 399 | 20 |
| GM Cheerios, tvöfaldur | 499 | 549 | 475 | 10 |
| Bounty select eldhúsrúllur 3 stk. | 299 | 489 | 100 | 40 |
| Kellogg´s bar 2 teg. 6 stk. | 199 | 299 | 33 | 35 |
| Frissi fríski 2 l | 149 | 249 | 75 | 40 |
| Fynbo grautar 4 teg. 500 g | 99 | 159 | 198 | 40 |

### Nettó

Tilboðin gilda til 7. ágúst

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Borg morgunverðarpylsur | 524 | 1.047 | 524 | 50 |
| Borg medisterpylsa | 399 | 799 | 399 | 50 |
| Goða lambasúpukjöt blandað | 399 | 499 | 399 | 20 |
| Gourmet nautahakk, prepack | 899 | 1.338 | 899 | 30 |
| Bautabúrs grísasnitsel, prepack | 959 | 1.599 | 959 | 40 |
| Kjúklingapylsur 10 stk. | 479 | 799 | 479 | 40 |
| Íslandsfugls kjúklingal. m. legg, magnkaup | 359 | 599 | 359 | 40 |
| Íslensk agúrka | 29 | 59 | 29 | 50 |
| Íslenskir tómatar | 99 | 159 | 99 | 40 |
| Iceberg salat | 89 | 158 | 89 | 45 |

### KASKO

Tilboðin gilda til 7. ágúst

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| SS Mexíkó lærisneiðar | 1.399 | 1.998 | 1.399 | 30 |
| Borg jurtakryddaðir lambagrillleggir | 699 | 999 | 699 | 30 |
| Bökunarkartöflur | 39 | 59 | 39 | 35 |
| Súkíní | 99 | 145 | 99 | 30 |
| Matfugls BBQ kjúklingaleggir/læri | 299 | 499 | 299 | 40 |
| Appelsín 2 l | 99 | 169 | 50 | 40 |
| Lambasúpukjöt, blandað | 399 | 499 | 399 | 20 |
| Gourmet nautahakk, prepack | 799 | 1.338 | 799 | 40 |
| Bautabúrs grísasnitsel, Prepack | 1.039 | 1.599 | 1.039 | 35 |

### SPAR Bæjarlind

Tilboðin gilda til 9. ágúst

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Dreitill 1 l, D-vítamínbætt mjólk | 59 | 79 | 59 | 25 |
| Stoðmjólk 500 ml | 18 | 75 | 36 | 75 |
| Lamba grill framhr.sneiðar, kryddaðar | 989 | 1.598 | 989 | 40 |
| Lamba grill kótilettur, kryddaðar | 1.098 | 1.698 | 1.098 | 35 |
| Lamba grill lærisneiðar, kryddaðar | 1.198 | 1.798 | 1.198 | 35 |
| Lamba grill sirlonsneiðar, kryddaðar | 989 | 1.298 | 989 | 25 |
| Kötlu vöffluduft 500 g | 299 | 386 | 598 | 20 |
| Clubs saltkex 200 g | 89 | 124 | 445 | 30 |
| Maarud flögur 175 g, 3 teg. | 164 | 328 | 937 | 50 |

### Þín verslun

Tilboðin gilda til 10. ágúst

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Tex Mex kjúklingavængir | 250 | 499 | 250 | 50 |
| Kjúklinga grillleggir m. jurtakryddi | 350 | 699 | 350 | 50 |
| Þurrkryddaðar lambaframhr. sneiðar | 1.491 | 1.864 | 1.491 | 20 |
| Ostapylsur | 838 | 1.047 | 838 | 20 |
| Crawforda vanillukex 500 g | 229 | 299 | 458 | 25 |
| Freschetta roma pizzur 400 g | 459 | 499 | 1.147 | 10 |
| Freschetta hvítlauksbrauð 2 stk. | 279 | 327 | 697 | 15 |
| Tívolí lurkar 4 stk. í pakka | 239 | 315 | 59 | 25 |

### BÓNUS

Tilboðin gilda til 7. ágúst

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambasneiðar frá Kjarnafæði | 699 | 1.169 | 699 | 40 |
| Sítrónulegin langa | 719 | Nýtt | | |
| Nautafille | 1.998 | Nýtt | | |
| Grandsalat í potti | 130 | 159 | 130 | 20 |
| Plómur | 129 | 199 | 129 | 35 |
| Bónus grillsósur, kaldar 270 g | 139 | 159 | 514 | 10 |
| Ávaxtasalat 280 g | 259 | 289 | 925 | 10 |

### HAGKAUP

Tilboðin gilda til 7. ágúst

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Bezt helgarsteik m. sólþurrk. tómötum | 754 | 1.258 | 754 | 40 |
| Óðals hamborgarhryggur m. beini | 880 | 1.468 | 880 | 40 |
| Myllu heilhveitibrauð 770 g 2 fyrir 1 | 209 | 418 | 135 | 50 |
| Findus oxpytt 550 g | 299 | 399 | 543 | 25 |





FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS

Talstöðin
FM 90,9



# Tölvunámskeið á góðu verði

***Í ágúst er veittur 15 prósenta afsláttur af tölvunámskeiðum hjá Tölvu- og verkfræðiþjónustunni.***

Tölvu- og verkfræðiþjónustan hefur um nokkurt skeið starfrækt tölvuskóla TV og haldið skemmtileg tölvunámskeið fyrir fólk á öllum aldri. Í ágúst er veittur sérstakur haustafsláttur af námskeiðunum og því um að gera að nota haustið til að auka við þekkingu sína á tölvum. Veittur er 15 prósenta afsláttur af öllum námskeiðunum en verðið er misjafnt eftir námskeiðum.

Meðal námskeiða má nefna Fingrasetningu, námskeið í Word og almennri ritvinnslu, Photoshop námskeið, Freehand námskeið, internetið frá A til Ö, stafræn ljósmyndun og vefsíðugerð í Front Page.

Athugið að flest stéttarfélög styrkja félagsmenn sína til náms í tölvuskólanum og einnig fá félagar í VR, Eflingu og ýmsum öðrum stéttarfélögum afslátt. Nánari upplýsingar um námskeiðin má nálgast á heimasíðu Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar: www.tv.is.



# Unglingatilboð á pítsum

***Pizza Hut býður unglingum upp á gott tilboð.***

Þeir unglingar sem leggja leið sína á Pizza Hut þessa dagana geta keypt pítsu og gos á sérstöku unglingatilboði. Lítil margaríta og stór flaska af pepsí kosta aðeins 800 krónur. Tilboðið gildir fyrir krakka á aldrinum 12 til 18 ára.

Athugið að tilboðið gildir einungis í veitingasal en ekki þegar pantað er í heimsendingu. Veitingasalir Pizza Hut eru á Nordica, Sprengisandi og í Smáralind.

**Kastsýning**
**með Klaus Frimor**

Klaus Frimor kastkennari hjá Loop í Svíþjóð verður með kastsýningu á Klambratúni föstudaginn 5. ágúst kl 18:30. Enn fremur verður hann með kastkennslu dagana 6-7 ágúst.

Klaus er án efa einn besti skotlínu kastkennari sem hefur komið til Íslands. Hann er af mörgum kunnur sem leiðsögumaður og hefur hjálpað mörgum að ná í lax og silung bæði hér á landi og erlendis.

Áhugasamir geta snúið sér til Útivistar og veiði til skráningar á námskeið hjá honum, eða sent meil á ***benni@utivistogveidi.is***




ÚTSÖLULOK
um helgina
30-60% afsláttur




CENTRUM
KRINGLUNNI s. 512 1730 www.ntc.is



ÚTSÖLULOK
UM HELGINA
allt að
70%
afsláttur

Kultur
Kringlunni s. 512 1765 www.ntc.is


FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Í Erninum er geysilega mikið úrval af alls kyns reiðhjólum.

# Kostakaup á reiðhjólum

***Góður afsláttur af reiðhjólavörum í Erninum.***

Nú fer útsölum að ljúka og hver að verða síðastur að gera kostakaup. Í Erninum er til dæmis feikigóð útsala og tuttugu til fimmtíu prósenta afsláttur af hjólum, línuskautum, hjólafatnaði, rafmagnshlaupahjólum og fleiru sem tengist útiveru og skemmtilegheitum.

Enn fremur eru allir reiðhjólahjálmar á 1.990 krónur en eins og flestir vita er skylda að vera með hjálm þegar hjólreiðar eru stundaðar.

Hægt er að skoða heimasíðu Arnarins á www.orninn.is en verslunin er staðsett í Skeifunni 11d í Reykjavík. ■

# Fartölvur á skólatilboði

***Penninn býður skólafólki góðan afslátt af fartölvum.***

Skólarnir eru að byrja og eflaust eru margir nemendur í fartölvuhugleiðingum. Penninn býður þessa dagana upp á sérstakt skólatilboð á fartölvum sem ætti að henta skólafólki vel.

Fujitsu Siemens, Toshiba, HP og IBM fartölvur eru á góðu verði og þeir sem kaupa fartölvur hjá Pennanum geta fengið fylgihlutapakka á aðeins 3.000 krónur sem er áttatíu prósenta afsláttur af upprunalegu verði.

Tölvudeildir Pennans eru til húsa í Hallarmúla í Reykjavík og Hafnarstræti á Akureyri og þangað er hægt að leita eftir nánari upplýsingum um tölvurnar. ■




NÚ er rétti tíminn fyrir TEMPUR

Betra BAK




Ágústtilboð á Tempur heilsudýnum og stillanlegum rúmum



Að sofa er eitt, að hvílast er annað.

Í ágúst bjóðum við Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og kodda á frábæru tilboði.

Yfir 30 þúsund læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur. Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarksslökun, hvíld og svefni sem er lykillinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™

EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG SKJALFEST AF GEIMFERÐASTOFNUN BANDARÍKJANNA

AÐEINS FRÁ TEMPUR® ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI

www.design.is @ 2005

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Opið á laugardögum frá og með 13. ágúst, frá 11-16



# Heimilistæki á góðu verði

***Þessa dagana er risa útsala í Heimilistækjum og hægt að fá góð tæki á frábæru verði.***

Útsalan í Heimilistækjum stendur nú sem hæst og eru vörur þar á allt að 75 prósenta afslætti. Úrvalið er mikið en í verslun Heimilistækja má fá flest þau tæki sem heimilið þarfnast, allt frá ísskápum til reiknivéla.

Ýmis smátæki eins og brauðristar og kaffivélar kosta ekki nema tæpar þúsund krónur og pottar og pönnur eru á 30 prósenta afslætti. Þá er heimabíó frá Philips á 56 prósenta afslætti og sjónvörp eru á góðu verði.

Verslun Heimilistækja er til húsa að Sætúni 8 í Reykjavík. ■




ÍSLENSK HÖNNUN & FRAMLEIÐSL
Laugavegi 59 • 3. hæð Kjörgarði • 561 55

# Sparidagar hjá Ormsson

***Spennandi tilboð á flestum vörum verslunarinnar.***




Nú standa yfir Sparidagar í fjórum verslunum Ormsson og hjá umboðsmönnum. Á Sparidögum er til dæmis hægt að gera góð kaup á heimabíóum, hljómtækjastæðum og sjónvörpum fyrir veturinn. Þá eru myndavélar, DVD-spilarar, eldavélar og þvottavélar á miklum afslætti svo og smávara eins og pottar, pönnur, skálar, kaffivélar og örbylgjuofnar. Afslátturinn er allt frá 15 prósentum og upp í 40 prósent. Verslanir Ormsson eru í Lágmúla 8, Síðumúla 9, Smáralind og Radíónausti á Akureyri. Sparidagarnir standa til 20. ágúst. ■



# Honda í sumarskapi

***Borgarjeppinn frá Hondu, HR-V Sport, er nú fáanlegur á sérstöku sumartilboði.***

Fyrir bílaáhugamenn í kauphugleiðingum býður Bernhard nú upp á Hondu HR-V sport með sóllúgu á sérstöku sumartilboði. Bíllinn er sparneytinn og hentar innra rýmið vel hvort sem á að fara út úr bænum eða fara í stutta bíltúra innanlands. Bíllinn hefur gott grip og mikinn kraft og er því þægilegur og öruggur í flestar ferðir.

Sumartilboðið á HR-V Sport hljóðar upp á aðeins 2.149 þúsund krónur. ■

!
Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.



Vorum að taka upp nýjar vörur
tvö líf
Holtasmári 1 • Sími 517 8500




ÚTSÖLULOK
gs skór kringlunni
GÖTUMARKAÐUR
föstud. laugard. sunnudag
3 verð
skór
stígvél
sandalar
990kr 1.990kr 2.990kr
allt að 70% afsláttur



gs skór
kringlunni s. 512 1760 www.ntc.is

LÁTTU DRAUMINN RÆTAST Í RÚMI FRÁ STEARNS & FOSTER




NÝ KYNSLÓÐ FRÁ STEARNS & FOSTER
Bandarísku hágæðarúmin frá Stearns & Foster eru heimsþekkt á meðal vandlátra kaupenda fyrir gæði og glæsileika. Rúmin eru hönnuð fyrir fólk sem vill aðeins það besta. Þau veita réttan stuðning og tryggja vellíðan á hverri nóttu með sérhönnuðu gormakerfi, bólsturslögum og einstökum frágangi. Bandaríska neytendasamtökin hafa í mörg ár útnefnt rúmin frá Stearns & Foster sem „bestu kaupin".
Yves Delorme PARIS
Frá einu virtasta tískuhúsi Frakklands: Rúmteppi, sængurverasett, lök, handklæði, frottésloppar, ilmsápur, ilmkerti, ilmvatn o.fl.
rúmco
Langholtsvegi 111 • 104 Reykjavík • Sími 568 7900

**Egg**
Til að athuga hvort egg sé harðsoðið eða ekki er gott að leggja það á eldhúsbekkinn og ýta við því þannig að það snúist hring eftir hring eins og skopparakringla. Ef eggið snýst vandræðalaust er það harðsoðið en ekki ef það stoppar eða vagar til og frá.



## PEARLY BAY:
# Frísklegt hvítvín frá S-Afríku

Rauðvín frá Suður-Afríku hafa verið mjög vinsæl á Íslandi síðustu ár en þaðan koma einnig frísk ávaxtarík hvítvín, oft blönduð vín úr dæmigerðum þrúgum heimamanna. Þau eru jafnan þurr og grösug og svona í léttari kantinum. Pearly Bay Dry White er frískandi vín með ilmi af sumarblómum og nýslegnu grasi. Ávaxtaríkt með vott af sítrónum í eftirbragði. Afbragðs gott eitt og sér eða með léttum réttum, s.s. brauði, osti og salati. Tilvalið sumarvín sem er með ódýrustu kassavínum.

*Verð í Vínbúðum 2.990 kr.*




# Sérlega gott í súpur

***Íslenska kínakálið getur verið aðaluppistaða í réttum og er gott í salöt.***

Nýtt íslenskt kínakál fæst nú í verslunum. Það hentar vel í salöt af ýmsu tagi en það er ekki síður gott að léttsteikja það og nota í ýmsa austurlenska rétti. Það getur verið aðaluppistaðan í grænmetisréttum en svo má einnig nota það með öðru grænmeti eða snöggsteiktu kjöti.

Kálið er líka sérlega gott í súpur og svo má súrsa það, til dæmis með hvítlauk og chili, og búa til verulega sterkt og gott meðlæti. ■

### KÍNAKÁLSSALAT MEÐ STEINSELJUPESTÓI



1 kínakálshöfuð, meðalstórt
3-4 tómatar, þroskaðir
1/2 gúrka
100 g fetaostur
1 knippi steinselja
2 hvítlauksgeirar
2 msk. furuhnetur
3 msk. nýrifinn parmesanostur
Rifinn börkur af 1/2 sítrónu
100 ml ólífuolía
Pipar
Salt
1 dós hrein jógúrt

Skiptið kálinu í blöð og takið nokkur fallegustu blöðin frá - best er að þau séu sem jöfnust að stærð. Raðið þeim á fat. Saxið afganginn af kálinu smátt. Skerið tómatana í geira eða bita og gúrkuna í litla bita. Blandið káli, gúrku og fetaosti saman í skál. Fjarlægið stönglana af steinseljunni en setjið blöðin í matvinnsluvél eða blandara, ásamt hvítlauk, furuhnetum, parmesanosti og sítrónuberki. Látið ganga þar til allt er orðið að mauki. Þeytið þá olíunni saman við og kryddið með pipar og salti eftir smekk. Blandið helmingnum af pestóinu saman við jógúrtina, hellið yfir grænmetið í skálinni og blandið vel. Hrúgið svo blöndunni á salatblöðin. Dreypið afganginum af pestóinu yfir eða berið það fram með salatinu.

### STEIKT KÍNAKÁL MEÐ NÚÐLUM



1 kínakálshöfuð, stórt
3 pakkar skyndinúðlur (súpunúðlur)
3 msk. olía
1-2 hvítlauksgeirar, saxaðir smátt
2 cm bútur af engifer, saxaður smátt
100 g sykurbaunir
2 msk. sojasósa, eða eftir smekk

Kálið skorið, um það bil í tvennt þvert yfir. Efri hlutinn (blöðin) skorinn í mjóar ræmur og geymdur en hitt skorið í breiðari ræmur. Núðlurnar settar í skál, heitu vatni hellt yfir og látið standa í nokkrar mínútur, samkvæmt leiðbeiningum á umbúðum. Olía hituð í wok eða á stórri pönnu. Hvítlaukur og engifer sett á pönnuna og andartaki síðar kálræmurnar. Steikt við góðan hita í 3-4 mínútur og hrært oft á meðan. Sykurbaunum og sojasósu bætt á pönnuna og látið malla í eina mínútu í viðbót. Afganginum af núðlunum hellt í sigti og látið renna vel af þeim en síðan er þeim hvolft á pönnuna, afganginum af kálinu dreift yfir, og blandað vel. Bragðbætt með meiri sojasósu eftir smekk og borið fram strax.

### KJÚKLINGUR MEÐ KÍNAKÁLI OG SVEPPUM



1/2 kínakálshöfuð, meðalstórt
3 msk. olía
2 cm bútur af engifer, saxaður smátt
2 hvítlauksgeirar, saxaðir smátt
2 kjúklingabringur, skornar í þunnar sneiðar
250 g sveppir, gjarna kastaníusveppir, skornir í sneiðar
1/2 chilialdin, skorið í örþunnar sneiðar
3 msk. saxaður graslaukur eða vorlaukur
1 msk. sojasósa, eða eftir smekk

Kálið skorið í mjóar ræmur. Olían hituð í wok eða á pönnu og þegar hún er vel heit er engifer og hvítlaukur sett á pönnuna og steikt í fáeinar sekúndur en síðan tekið upp með gataspaða og geymt. Kjúklingurinn settur á pönnuna og steiktur við háan hita í 1-2 mínútur. Sveppum og chili bætt á pönnuna, steikt áfram í 2-3 mínútur og hrært oft á meðan. Káli, graslauk og sojasósu bætt á pönnuna, steikt í 2-3 mínútur, bragðbætt með sojasósu eftir smekk og síðan borið fram strax, til dæmis með soðnum hrísgrjónum eða núðlum.



Bláberin sem fást í verslunum núna eru stór og safarík.

# Himneskur bláberjaís

Útlendu bláberin sem fást í verslunum núna eru stór og safarík og góð til að stífa úr hnefa. Þau henta þó að sjálfsögðu vel í alla matargerð og Ásgeir Sandholt konditorímeistari notar þau gjarnan í ísrétti. Hér er uppskrift að ljúffengu bláberjagelato eins og Ásgeir gerir það.

### BLÁBERJAGELATO
fyrir ca 4-6

400 g mjólk
200 g rjómi
4 eggjarauður
165 g sykur
300 g fersk bláber
safi úr sítrónu (eftir smekk)

**Aðferð:** Hitið mjólk, rjóma og sykur í potti að suðu og bætið upphrærðum eggjarauðum saman við. Sigtið strax í kalda skál og setjið til hliðar.

Maukið bláberin algerlega í matvinnsluvél og sigtið í fínu sigti. Blandið maukinu saman við heitt eggjakremið og kælið. Frystið í ísvél eða frystikistu í nokkrar klukkustundir og hrærið rösklega 3-4 sinnum á klukkutíma fresti. Frystið svo yfir nótt. Til að ísinn verði fullkomlega mjúkur og laus við alla ískristalla er mjög gott að losa hann úr skálinni meðan hann er vel frosinn og skera í bita og keyra í gegnum matvinnsluvél.

Þá er hann settur í box í frysti. Takið ísinn úr frystinum klukkutíma áður en hann er borinn fram og hafið í kæli. Berið svo fram með ferskum bláberjum og myntu.

## Pólsk rabarbarakaka

ÞESSI RABARBARAKAKA ER GÓÐ BÆÐI HEIT OG KÖLD - MEÐ RJÓMA EÐA ÍS.

100 g smjör eða smjörlíki
3 dl sykur
1 egg
1 1/2 dl rjómabland eða mjólk
1 1/2 dl kókosmjöl
1 1/2 dl hveiti
1 tsk. lyftiduft
4 stórir rabarbaraleggir

Allt sett í eina skál nema rabarbarinn og hrært um stund. Deigið er síðan sett í smurt mót eða eldfast form. Rabarbarinn skorinn í bita og þrýst ofan í deigið. Kakan er bökuð í ca 40-50 mínútur við 175 gráður.




# Líbanskur lax með eggaldin í tahini

***Hrafnhildur Gunnarsdóttir hefur orðið fyrir arabískum áhrifum og þá sérstaklega líbönskum, eins og sést glögglega í þessari uppskrift.***

### LAX MEÐ BATENJAN BE THINI EÐA LÍBÖNSKU TILBRIGÐI AF EGGALDIN Í TAHINI

2-3 miðlungsstór eggaldin
2 hvítlauksrif
Safi úr einni sítrónu
Salt
3-5 msk. tahini
3-4 msk. extra virgin græn ólífuolía
Myntulauf
1 laxaflak
2-3 msk. maldon salt
Hickory viðarspænir

Eggaldinið grillað á öllum hliðum í 45 til 60 mínútur eða þangað til það er mjúkt og vel soðið. Áður en eggaldinið fer á grillið þarf að stinga í það nokkur göt með gaffli því annars springur það með hvelli. Þegar eggaldinið hefur kólnað aðeins er hýðið tekið utan af og það síðan kramið mjög vel með kremjara eða botni á glasi þangað til það er orðið að mauki. Tahini bætt út í miðast við stærð eggaldisins. Sítrónunni og ólífuolíunni síðan bætt við og hvítlauksrifin pressuð út í og hrært þangað til allt hefur blandast vel.



Hrafnhildur Gunnarsdóttir við grillið.

Saltað eftir smekk. Maukið er fært yfir á grunnan disk og pínulítilli ólífuolíu hellt yfir og nokkur myntulauf sett í miðjuna til skrauts.

Laxinn er þakinn maldon-salti og grillaður á grillgrind fyrir fisk á miðlungsheitu grilli í örskamma stund. Gott er að pensla teinana fyrst með pínulítilli olíu. Síðan er spæninum bætt á grillið og hitinn minnkaður eins og mögulegt er og fisknum leyft að reykjast í fimm til tíu mínútur á hvorri hlið, alls ekki of lengi. Með þessu er gott að bera fram basmati eða jasmin hrísgrjón og létt grænt salat með myntulaufum og einfaldri dressingu úr ólífuolíu og sítrónu. Batenjan be thini eða eggaldin í tahini er stundum borið fram sem hliðardiskur en má einnig nota arabískt brauð, stundum nefnt pítubrauð, skera það í þríhyrning og dýfa út í.

Sachtein - verði ykkur að góðu.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


# GOLF

*[ slá í gegn ...*



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

FRÉTTABLAÐIÐ

Sérblað um golf. Föstudagur, 5. ágúst



## Club Car Golfbílar

**Club Car er leiðandi framleiðandi í heiminum á smábílum**

Bensín eða rafmagn. Tæknilega fullkomnir, öruggir og liprir í notkun
Nýir eða notaðir. Með ábyrgð frá verksmiðju

Sölu og þjónustuaðili: Vetrarsól EHF., Hamraborg 1-3 sími: 564 1864. Netfang: vetrarsol@vortex.is



# Konur vilja vera með

**_Golfið var í eina tíð íþrótt sem konur fylgdust með úr fjarlægð. Það er löngu liðin tíð og konurnar kjósa nú í auknum mæli að vera þátttakendur í þessari skemmtilegu íþrótt._**

„Við erum líklegast um þrjár konur sem erum í IPGA-samtökunum á Íslandi (samtökum golfkennara). Karlarnir eru miklu fleiri, þeir skipta ábyggilega tugum,“ segir María Guðnadóttir, leiðbeinandi í golfi.

Það er liðin tíð að golf sé talin vera íþrótt fyrir karlmenn, konum sem stunda íþróttina hefur farið ört fjölgandi á undanförnum árum. „Áhugi kvenna fyrir golfinu hefur aukist mikið á undanförnum árum og miklu meira um að þær vilji vera þátttakendur. Áður fyrr var algengt að þær drægju kerrurnar fyrir karlana, en nú vilja þær í auknum mæli vera með. Þar af leiðandi er aukin ásókn kvenna í námskeið og þær kjósa oftast að koma til kvenleiðbeinenda. Við konurnar tölum kannski sama tungumál og þess vegna höfum við kvenleiðbeinendurnir haft nóg að gera.“



María Guðnadóttir, leiðbeinandi í golfi, segir að konur sem séu að byrja vilji yfirleitt frekar fá leiðbeiningar frá konum.

María einskorðar sig þó ekki við konurnar, karlar hafi einnig sótt hjá henni námskeið. „Oft hef ég verið með blönduð námskeið, bæði fyrir karla og konur. Körlunum finnst ekkert athugavert við það að taka við leiðbeiningum frá konum, að minnsta kosti hef ég ekki orðið vör við það. Ég hef ekki fundið fyrir fordómum karla, mér finnst þeir taka leiðbeiningum vel og þeir hafa verið mjög áhugasamir á námskeiðum hjá mér.“

María hefur boðið upp á fjögurra daga námskeið í Kópavogi á túni við Kópavogshælið. „Konur kjósa yfirleitt að vera dálítið sér áður en þær hella sér út í golfíþróttina. Á fyrstu þremur dögum námskeiðsins er farið yfir grunnatriðin og á fjórða deginum er farið upp á Ljúfling, golfvöll uppi í Heiðmörk og spilað þar lítið golfmót þar sem kennd er spilamennska og umgengni við völlinn. Áhugi kvenna á golfíþróttinni einskorðast ekki við höfuðborgarsvæðið, ég hef oft verið með námskeið úti á landi, til dæmis á Selfossi og Hveragerði. Að sjálfsögðu reynum við að sinna fyrirspurnum kvenna utan af landi um námskeið í golfinu. Ég hef sjálf mjög gaman af því að skreppa út á landsbyggðina til að leiðbeina áhugasömum konum.“

ECCOES OF THE WORLD

ALLIR HELSTU GOLFSPILARAR LANDSINS NOTA ECCO

Nr. 39124
Stærðir: 40 - 47

Nr. 39883
Stærðir: 35 - 42
Litir: svart/hvítt/ljósbrúnt

Nr. 39543
Stærðir: 35 - 42

Nr. 39194
Stærðir: 40 - 47
Litir: svart/hvítt

Kringlan 553 8050

ecco



Burberry bolur á 10.900 og Lindeberg der á 3.200, Hole in one.

Peysa á 7.900, buxur á 6.400, Nevada Bob.

Hippo Hybrid golfsett á tilboðsverði 32.625, Markinu.



Pútter á 10.900 í Hole in one.

# Nýjungar í bland við hefðir í herratískunni

**_Golfarar klæða sig gjarnan upp í sérstakan fatnað sem fylgir þeirri íþrótt. Þar koma nýjungar við sögu jafnframt því sem haldið er í hefðir._**

Við litum inn í nokkrar búðir sem selja golffatnað og sett og skoðuðum úrvalið í herratískunni. Svo byrjað sé á fótabúnaðinum þá eru vandaðir lágir leðurskór sem gilda. Svartir, brúnir og rauðbrúnir eru algengastir en hvítir þykja flottastir. Þeir sem stunda golfið af alvöru eiga flestir slíka. Vellir eru flestir lagðir dreni svo lítil hætta er á stórum pollum en stígvél með tökkum fást líka til að nota í viðlögum. Þykkir og hlýir sokkar eru nauðsynlegir og þeir fáu sem nota pokabuxur í golfinu eru í hnéháum sokkum. Gallabuxur eru ekki vel séðar af golfurum, né heldur hlaupabuxur eða annars konar íþróttabuxur heldur eiga þeir að vera í snyrtilegum og vönduðum taubuxum og hananú. Stuttbuxurnar verða að vera bermúda buxur sem ná niður að hnjám.



Der á 1.790, Hole in one.

Einkennisbúningur golfaranna er tvímælalaust stuttermabolir með kraga, svokallaðir pólóbolir. Lacoste, Burberry og Lindeberg eru vel þekkt merki á þeim. Tiger hefur þó innleitt boli með standkraga og þeir virðast komnir til að vera, að sögn afgreiðslufólks. Þægileg peysa er yfirleitt nauðsynleg á Íslandi á flestum árstímum og þá er mikilvægt fyrir golfara að eiga góðan vindþéttan galla. Flestir vilja hafa hann vatnsheldan svo það megi nú koma skúr. Sunderland er skoskt merki sem er vel þekkt í göllum. Svo verða derhúfur eða bara der að fylgja golfaranum til að bægja birtunni frá augum hans. Að sögn Gunnars Þór Gunnarssonar landsliðsmanns í golfi er minni hefð fyrir golffatnaði á Íslandi og víða erlendis. „Í Bretlandi fær enginn að koma inn í klúbbhúsið í íþróttaskóm, hvað þá með húfu á hausnum og talandi í síma. Þeim er bara vísað út,“ nefnir hann sem dæmi.



Bolur á 7.900, buxur 8.900 og der 1.400, Nevada Bob.



Proquip goretex jakki á 18.900 og buxur á 15.900 Hi-Tex skór á 14.900, Markinu.

Goritex jakki 29.800 og Ekkó goretex golfskór á 19.900, Hole in one.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA, E. ÓL OG HEIÐA

# KRAFT Í DRÆVIÐ

Flestir kylfingar vilja slá langt og þá helst með drævernum. Golfkennarinn David Leadbetter leggur áherslu á úlnliðinn í aftursveiflunni. Hann segir að kylfingurinn eigi að ímynda sér að hann sé að slá inni í herbergi með mjög lítilli lofthæð. Kylfan má ekki snerta loftið og til þess að það sé mögulegt verður kylfingurinn að sveigja (brjóta) úlnliðinn í aftursveiflunni. Efst í aftursveiflunni á kylfingurinn að finna mikla teygju í vinstri þumalfingri. Þá á tilfinningin einnig að vera eins og sveiflan sé stutt og þétt.



**David Leadbetter** Leadbetter er einn frægasti golfkennari í heimi. Hann hefur þjálfað marga af allra bestu kylfingum veraldar.

www.gbferdir.is • www.icelandair.is

# 38 GOLFVELLIR

## EITT SÍMANÚMER: 534-5000

Golfpakkar Icelandair og GB ferða eru komnir í sölu. Pakkarnir veita aðgengi að frábærum hótelum og bestu golfvöllum Skotlands og Englands. Ferðirnar eru á tímabilinu 1.október - 1.júní 2006. Þú ræður hvenær þú ferð, hvað þú vilt vera lengi og hvaða velli þú spilar. Við skipuleggjum allt fyrir þig. Pakkarnir eru 2-4 nætur. Verð frá kr. 39.900.- á mann í tvíbýli (flug innifalið).




### The Rusacks, St.Andrews

(120 mínútur frá Glasgow flugvelli)

Rusacks Hótelið er fyrir löngu orðið frægt golfhótel. Hótelið liggur við 18. holuna á St.Andrews Old course. Við erum sérstaklega stolt að geta boðið íslenskum kylfingum upp á frábært hótel í hjarta St.Andrews, þar sem við bjóðum upp á rástíma á 20 golfvöllum í bænum og nágrenni hans.

**Verð frá kr. 39.900-**

*Innifalið: Flug, gisting í tvær nætur með morgunverðarhlaðborði. Ekki innifalið: Flugvallaskattar kr. 6.570-*

### The Marine, North Berwick

(90 mínútur frá Glasgow flugvelli)

Hið sögufræga Marine hótel er á einu frægasta golfsvæði Skotlands, East Lothian. Hótelið hefur verið endurnýjað og opnar á ný eftir 8 milljón punda endurbætur. Frá mörgum herbergjum er fallegt útsýni yfir 16.holuna á hinum fræga North Berwick velli, sem liggur við hótelið. Aðrir frægir vellir nálægt hótelinu eru m.a. Muirfeld og Gullane No.1. Einnig eru aðrir ódýrari en frábærir vellir í boði.

**Verð frá kr. 39.900-**

*Innifalið: Flug, gisting í tvær nætur með morgunverði og aðgengi að heilsulind hótelsins. Ekki innifalið: Flugvallaskattar kr. 6.570-*







### Cardrona, Edinborg

(70 mínútur frá Glasgow flugvelli)

Cardrona hótelið er steinsnar frá Edinborg. Þetta er virkilega þægilegt hótel með 18 holu golfvelli. Hönnuðurinn er Dave Thomas fyrrum Ryder Cup leikmaður, sá sami og hannaði Brabazon völlinn á Belfry. Ekki má gleyma fyrirtaks heilsulind sem er á hótelinu.

**Verð frá kr. 39.900-**

*Innifalið: Flug, gisting í tvær nætur með morgunverði og aðgengi að heilsulind hótelsins. Ekki innifalið: Flugvallaskattar kr. 6.570-*

### The Grove, London

(30 mínútur frá Heathrow)

The Grove er eitt glæsilegasta hótelið á öllu London svæðinu. Opnaði í september 2003 og er nú vinsælasta helgarhótel fræga fólksins í London. Staðsett aðeins 30 mínútur frá Heathrow og 20 mínútur frá miðborg Lundúna. Á hótelinu er þrír veitingastaðir, þrír barir, tvær sundlaugar, fjölmörg fundarherbergi, stór veislusalur, fullkomin líkamsræktarsalur og heilsulind. The Grove mun halda American Express World Golf Championships árið 2006.

**Verð frá kr. 70.000-**

*Innifalið: Flug, gisting í tvær nætur með morgunverði, 2x18 holur og frítt aðgengi að heilsulind hótelsins. Ekki innifalið: Flugvallaskattar 6.660-*







### The Springs, Oxfordshire

(45 mínútur frá Heathrow)

The Springs Hotel er í London, á fallegri landareign í Oxfordshire sem samanstendur af fallegum görðum, vatni og skóglendi. Hótelið er byggt 1874 í Viktorískum Tudor stíl. Golfvöllurinn hentar vel byrjendum sem og lengra komnum. Þetta er staður þar sem hægt er að slappa af og njóta lífsins á mjög hagstæðu verði.

**Verð frá kr. 60.000-**

*Innifalið: Flug, gisting í tvær nætur með morgunverðarhlaðborði, 3x18 holur, þriggja rétta a la carte kvöldverði öll kvöldin og frítt aðgengi að heilsulind hótelsins. Ekki innifalið: Flugvallaskattar kr. 6.660-.*

St.Andrews - Old • St.Andrews Dukes • St.AndrewsNew • St.Andrews Jubilee • St.Andrews Eden • Gleneagles PGA • Gleneagles • Kings Gleneagles Queens Kingsbarns • Devlin (St.Andrews Bay) • Torrance (St.Andrews Bay) • Carnustie • Scotscraig • Ladybank • Crail • Lundin Links • Leven • Elie • Drumoig Balbirnie • Craigielaw • Dunbar • Gullane 1 • Gullane 2 • Gullane 3 • Kilspindie • Longniddry • Luffness North Berwick East • North Berwick West • Cardrona Royal Musselburgh • Whitekirk • The Roxburghe • The Grove • The Springs • Turnberry The Ailsa cou rse • Turnberry The Kintyre course

GB FERÐIR ICELANDAIR

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Einbeittur Nicklaus** Nicklaus segir að ef farsími eða myndavél trufli menn þegar þeir eru úti á golfvelli þá séu þeir ekki nógu einbeittir.

# Ég trúi ekki á heppni

Jack Nicklaus er án efa einn besti kylfingur sögunnar ef ekki sá besti. Í viðtali við Golf Digest tímaritið í fyrra sagði Nicklaus ýmislegt skemmtilegt sem sýnir á margan hátt hvernig hann lítur á golfíþróttina og hvaða mann hann hefur að geyma. Hér koma nokkrar tilvitnanir úr viðtalinu:

„Ég vil frekar hafa tveggja högga forystu fyrir lokadag móts en að vera tveimur höggum á eftir efsta manni. Reyndar verð ég að segja að það er líklega auðveldara að vinna mót þegar maður eltir forystusauðinn. Það er enginn ótti fólginn í því að elta menn - aftur á móti getur maður orðið skíthræddur þegar maður er eltur.“

„Ég trúi ekki á heppni. Ekki í golfi. Vissulega getur boltinn skoppað vel fyrir mann eða illa en boltinn er kringlóttur eins og holan. Ef maður er í þeirri aðstöðu að óska eftir smá heppni til að höggið takist þá er maður í virkilega vondum málum.“

„Maður verður að útiloka efann. Efinn er ömurlegur.“

„Það er nauðsynlegt að kunna að tapa. Faðir minn kenndi mér það. Sá sem vann hlýtur að hafa verið ansi góður víst hann sigraði þig.“

„Ef farsími eða myndavél truflar þig þegar þú ert úti á golfvelli þá ertu ekki nógu einbeittur. Ef þú ert algjörlega einbeittur að því að slá næsta högg læturðu ekkert trufla þig - þú heyrir ekkert.“

„Eins og þú veist þá er engin leið að losa sig við lag sem maður fær á heilann strax þegar maður er á fyrsta teig. Maður verður bara að vona að lagið sé gott. Ég hef leikið mjög vel með 'Jamaica Farewell' (Harry Belafonte) glymjandi í hausnum á mér. Þá er mjög erfitt að leika illa með 'Raindrops Keep Falling on My Head' á heilanum.“

„Þegar ég flýg í þyrlu óska ég alltaf eftir því að fá að sitja við hliðina á flugmanninum með stjórntæki fyrir framan mig ef það skyldi eitthvað koma fyrir flugmanninn. Ég er engin sérfræðingur, en ég kann nóg til að geta lent þyrlu. Ég hræðist ekkert meira en að hafa ekki stjórn á hlutunum.“

„Ég held að ég eigi eftir að leika tennis löngu eftir að ég hætti í golfi. Golf er líkamlega mikið erfiðari íþrótt en tennis.“

„Ég er ekki mikill drykkjumaður í dag. Ég fæ mér kannski þrjá bjóra á ári, ef þá það. Vissulega var þessu aðeins öðruvísi farið þegar ég var yngri. Þegar ég var í háskóla reyndi ég að drekka allan bjór í Columbus í Ohio.“

## JACK EÐA TIGER?

*Þegar Lee Trevino var spurður að því hvor væri betri Nicklaus þegar hann var upp á sitt besta eða Tiger Woods sagði hann: „Tiger eða Jack - það er mjótt á munum. Ef það væri hægt að koma því í kring að þeir léku átján holur báðir á toppi ferilsins þá myndi ég veðja á Jack. Hann sló lengra en Tiger, var betri púttari og hafði alltaf betra leikskipulag en andstæðingurinn. Þegar Nicklaus var uppi á sitt besta fann hann alltaf leið til að sigra.“*








**Michelle Wie** Bandaríska undrabarnið hefur mjúka og fallega sveiflu.

# Fimmtán ára og hræðist ekki neitt

Hin fimmtán ára gamla Michelle Wie er undrabarn í golfi. Í fyrra, þegar hún var aðeins fjórtán ára, lék hún í móti á bandarísku mótaröðinni. Hún komst reyndar ekki í gegnum niðurskurðinn á mótinu, sem var haldið á Hawaii, en það munaði grátlega litlu. Hún var aðeins einu höggi frá því.

Parið á vellinum var 70 högg. Hún lék á 72 höggum fyrsta daginn en 68 annan daginn. Samtals var hún því á pari en þurfti að vera einu höggi undir pari til að komast áfram. Já, svo við höfum það á hreinu þá erum við að tala um mót á bandarísku karlamótaröðinni. Hún lék með mörgum af bestu karlkylfingum veraldar.

Það er oft sagt um ungt fólk að það hræðist ekki neitt. Hvaða kylfingur hefur ekki séð átta ára gutta ganga að boltanum og taka nokkrar æfingasveiflur með drævernum. Þegar maður horfir á sveifluna hefur maður á tilfinningunni að pjakkurinn ráði ekkert við þetta. En annað kemur í ljós, hann gengur að boltanum og slær hundrað metra. Þetta er svo einfalt. Wie er einmitt gædd þessum kost. Hún er ung og hræðist ekki neitt. Hún mætir full sjálfstrausts á fyrsta teig.

„Mér er alveg sama þó ég slái boltann út í skóg,“ segir Wie. „Ég lít bara á það sem lítið ævintýri. Þegar boltinn liggur í þykku grasi milli trjáa verður leikurinn fyrst spennandi. Ernie Els kenndi mér líka frábært golfhögg á Sony-mótinu. Hann sagði að ef boltinn lægi í mjög þykku grasi fyrir utan flöt ætti ég ekki að slá niður á hann til að reyna að koma honum einhvern veginn út úr því eða verða pirruð. Ernie sagði að ég ætti að slaka vel á og taka 60 gráðu 'wedge' úr pokanum. Síðan ætti ég að taka langa mjúka sveiflu og slá aðeins fastar en ég raunverulega héldi að þyrfti og fylgja vel á eftir. Ég prófaði þetta og það er ótrúlegt hvað þetta virkar vel. Boltinn flýgur úr karganum og á flötina.“



*Phil Mickelson*
Fyrir Masters árið 2001 sagði Mickelson að hann vildi vinna og komast í sögubækurnar. Íþróttasálfræðingurinn Gio Valiante segir þetta rangan hugsunarhátt. Mickelson hafi ekki einbeitt sér á réttan hátt enda hafi hann ekki unnið mótið. Þremur árum seinna var viðhorf Mickelson allt annað og hann vann.

# HVERNIG Á AÐ LEIKA ÁN ÓTTA

## Galdurinn er að einbeita sér að næsta höggi og engu öðru.

Eitt eiga allir kylfingar sameiginlegt og það er að hafa einhvern tímann leikið golf sífellt hugsandi um hvað geti farið úrskeiðis. Allir kylfingar kannast við að standa við boltann og vera að rembast við að einbeita sér að högginu en á sama tíma hugsandi um hvað meðspilararnir hugsi ef höggið klúðrist. Þegar kylfingur leikur golf hræddur við að gera mistök, hræddur við að verða sér til skammar, hræddur við hið óvænta, hræddur við að taka vitlausa ákvörðun, hræddur við að leika með einhverjum ákveðnum, hræddur við langa braut, hræddur við þrönga braut, sandgryfju eða tjörn, þá er fjandinn laus. Sjálfstraustið er ekkert.

Íþróttasálfræðingurinn Gio Valiante segir að kylfingar, bæði háforgjafakylfingar og lágforgjafakylfingar, verði að ná tökum á óttanum. Fyrsta skrefið sé að vera fullkomlega einbeittur. Hvatinn við að leika golf á fyrst og fremst að vera sá að vilja læra og bæta sig. Ekki vera að hugsa um skorkortið heldur um næsta högg og bara næsta högg. Valiante segir að kylfingar eigi ekki að hugsa um hvað aðrir segji, hvort sem þeir hrósi eða segi eitthvað annað. Fókusinn eða einbeitingin á að vera á næsta högg. Valiante leggur mikla áherslu á það. Hann segir að það sé ekki gott að mæta á fyrsta teig og hugsa: „Nú ætla ég að leika undir 90 eða á 68.“ Heldur eigi kylfingar að mæta á fyrsta teig og hugsa: „Ég ætla að leika þennan hring högg fyrir högg og eins vel ég tel mig geta.“ Síðan þegar komið er inn í klúbbhús er í lagi að setjast niður og telja höggin.


# OPNA FRÆGA RJÚPUMÓTIÐ

**verður haldið hjá golfklúbbnum Oddi á Urriðavelli laugardaginn 20. ágúst 2005**

Leikinn verður 18 holu höggleikur með og án forgjafar

**VERÐLAUN**

- Veglegir vinningar fyrir þrjú efstu sætin, með og án forgjafar
- Glæsileg verðlaun fyrir högg sem næst er holu á öllum par 3
- Verðlaun fyrir lengsta teighögg á 14. braut
- Dregið verður úr skorkortum í mótslok og fá nokkrir keppendur óvæntan glaðning.
- Þeir sem vinna til verðlauna án forgjafar, geta ekki unnið til verðlauna með forgjöf

**Þátttökurétt hafa allir sem náð hafa 20 ára aldri.**
**Mótsgjald 3.000 kr.**
**Mótið hefst kl. 8**
**Skráning hjá vallarverði í síma 565 9092 og á www.golf.is**




Léttar veitingar í boði

The Famous Grouse



# Golfskór

## frá Etonic á ótrúlegu tilboði

**Öllum Etonic skóm fylgir sett af tökkum + lykill, verðmæti 1.200 kr.**

**verð áður 7.900 nú 3.700 afsl. 55%**
Etonic Stabilite leðurskór (kvenna og karla)

**verð áður 5.900 nú 2.700 afsl. 55%**
Etonic Lite (karla)

**Mikið úrval af Golfkerrum á 30% afsl.**



Mynd:
þriggja hjóla kerra
verð kr. 14.900,-
**30% afsláttur**
**kr. 10.500,-**

Golfbúðin
Dalshrauni 13 Hafnarfirði
Sími 565 1402 | Fax 564 1467 | golfbudin.is



David Barnwell kennir réttu handtökin á golfvellinum Básum í Grafarholti.



Íslendingar innan GSFÍ eiga marga flinka golfiðkendur sem eiga fullt erindi á alþjóðleg mót.

# Eiga fullt erindi í alþjóðakeppni

***Golfíþróttin er ekkert síður fyrir fatlaða en ófatlaða og mikil fötlun kemur ekki í veg fyrir að hægt sé að stunda íþróttina.***

„Ég hef verið formaður Golfsambands fatlaðra frá stofnun þess árið 2001 en lengra er síðan hugmyndin um sérstakt golfsamband fatlaðra kom fram. Um tíu ár eru síðan stofnuð var nefnd á vegum Íþróttasambands fatlaðra og Golfsambands Íslands um golf fyrir fatlaða,“ segir Hörður Barðdal, formaður GSFÍ (Golfsambands fatlaðra á Íslandi).

„Í ár hafa golfkennararnir David Barnwell og Þorsteinn Hallgrimsson séð um kennslu hjá sambandinu. Magnús Birgisson hefur jafnan verið golfkennarinn okkar, en hann er í ársleyfi. Þorsteinn var með námskeið í sumar fyrir þroskahefta sem er rétt nýlokið. Námskeiðið var haldið á Bakkakotsvelli í Mosfellssveit. Síðan vorum við með sérstakt barnanámskeið fyrir hreyfihömluð börn á aldrinum tíu til sextán ára uppi í Básum í Grafarvogi og þar kenndi David Barnwell. Núna erum við með námskeið fyrir hreyfihamlaða á golfvellinum í Básum í Grafarholtinu alla miðvikudaga klukkan 17.00. Við höfum verið með nokkra skaðahópa sem koma þangað, meðal annars blindan einstakling, CP-sjúkling og einstaklinga sem hafa misst útlimi.“

GSFÍ á aðild að Evrópusambandi fatlaðra í golfi *European Disabled Golf Association*. „Þessi alþjóðasamtök halda mót á hverju ári og núna í september er Evrópumeistaramót á Ítalíu og við stefnum að þátttöku þar. Við höfum verið þátttakendur í þessum mótum undanfarin ár og fyrir tveimur árum fengum við verðlaun í öðrum flokki. Við vorum mjög ánægðir með það. Ljóst er að Íslendingar eiga mjög flinka golfiðkendur sem hafa ekki gefið kost á sér en eiga fullt erindi á þessi mót. Það yrði mikil lyftistöng ef við gætum sýnt unga fólkinu að það er til einhvers að vinna og að það sé eitthvað í boði fyrir hreyfihamlaða í þessari íþrótt.“


GISTING OG GOLF
ALLAN HRINGINN






Njóttu þess að ferðast um landið og spila golf eftir góða nótt á Hótel Eddu. Sláðu til og kynntu þér sértilboðin okkar.

**Gisting, morgunverður, teiggjöf og golf, verð frá aðeins**

**4.550 kr.**

**á mann í tveggja manna herbergi**

Allar nánari upplýsingar: **www.hoteledda.is | Sími 444 4000**

**Hótel Edda + golf býðst hjá eftirtöldum Edduhótelum:**

ML Laugarvatn · ÍKÍ Laugarvatn · Nesjaskóli · Neskaupstaður · Egilsstaðir · Vopnafjörður · Stórutjarnir · Akureyri · Húnavellir · Ísafjörður · Hellissandur

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Einbeitingin er nauðsynleg er í golfinu og hana á Ragnhildur í ríkum mæli.

## Var treg í taumi í byrjun

***Ragnhildur Sigurðardóttir Íslandsmeistari á marga titla í golfinu, allt frá því hún varð Íslandsmeistari stúlkna árið 1983.***

Ragnhildur telur golfið stórkostlega íþrótt sem allir geti tekið þátt í á jafnréttisgrundvelli. Áhugann kveðst hún eiga Sigurði bróður sínum að þakka því hann hafi dregið hana útá völl með sér, frekar trega í taumi í byrjun. Um fermingu hafi hún verið komin með ólæknandi golfbakteríu og ekki átt sér viðreisnar von eftir það. Reyndar segir hún Sigurð eiga stóran þátt í því að henni hafi tekist að hala inn Íslandsmeistaratitlinum í Leirunni um daginn enda hafi hann verið kylfusveinn hjá henni á síðasta degi mótsins og sannarlega haldið systur sinni við efnið. „Siggi er ótrúlegur keppnismaður og hefur unnið ófáa titlana í hestamennskunni. Hann er núna að keppa á heimsmeistaramótinu í Svíþjóð og það kæmi mér ekkert á óvart þótt hann kæmi heim með heimsmeistaratitil í hnakktöskunni,“ segir hún.

Sjálf hefur Ragnhildur fengið sinn skerf af keppnisskapinu og er stöðugt að bæta árangur sinn, búin að lækka sig um einn heilan í forgjöf í sumar og er komin niður í + 2. En hvað skyldi vera framundan hjá henni núna?

„Ég reyndi fyrir mér í úrtökumótum fyrir Evróputúrinn haustið 2003 og 2004 en hafði ekki erindi sem erfiði. Ég er þó ekki hætt og ætla að láta vaða aftur í haust,“ svarar hún. „Ef andlega hliðin verður eins og hún á að vera á ég góðan séns á að komast í gegn og ætla að gera allt sem ég get til að byggja upp sjálfstraust og sigurvilja.“

# Að leika sér í golfi og njóta lífsins

***Heiðar Davíð Bragason er nýkrýndur Íslandsmeistari karla í golfi. Hann byrjaði tólf ára að munda kylfurnar norður á Blönduósi og síðan hefur leiðin legið upp á við.***

Heiðar bjó á Blönduósi þar til fyrir fimm árum og kveðst hafa haft ágæta æfingaraðstöðu þar enda fáir í klúbbnum. „Menn voru ekkert að pirra sig á því þótt ég væri að fylla flatirnar af boltum og það kom sér mjög vel fyrir mig,“ segir hann. Upphaflega kveðst hann hafa smitast af félaga sínum sem var að skipta um golfsett. „Hann dró mig út á völl og mér fannst þetta svo gaman og ég fékk pabba til að kaupa gamla settið,“ rifjar hann upp. Hann segist hafa verið í öðrum íþróttum með og ekki byrjað að æfa golfið á fullu fyrr en 18 eða19 ára. Árið 2003 small allt hjá Heiðari Davíð fyrir alvöru. Í ár hefur hann verið á topp tíu listanum á þeim mótum sem hann hefur keppt á erlendis auk þess að vinna þau mót sem hann hefur tekið þátt í hér heima. Hann hefur þó ekki áhuga á atvinnumennskunni að sinni heldur vill halda í keppnisferðirnar með landsliðinu og fá meiri reynslu út úr þeim. Hann vinnur hjá golfklúbbnum sínum, Kili í Mosfellsbæ yfir sumarið en á veturna bjargar hann sér með öðrum hætti. Hann býst jafnvel við því að fara að mála í vetur. Fram undan er þó úrtökuskóli fyrir Evrópumótaröðina og úrtökumót fyrir sænsku atvinnumannamótaröðina því þar má hann spila sem áhugamaður. „Það er ágætur peningur í því ef maður kemst inn og stendur sig vel. Að minnsta kosti nóg til að þrauka,“ segir hann og bætir við. „Stefnan er að halda áfram að leika sér í golfi og njóta lífsins. Þetta er ekkert flókið.“



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heiðar Davíð segir atvinnumennskuna í golfinu harðan heim og vill keppa sem áhugamaður enn um sinn.







# Öryggi og hraði

Það skiptir höfuðmáli að mikilvægar sendingar lendi á réttum stöðum.
Þegar kemur að hraðsendingum erum við sérfræðingarnir.
- Láttu okkur sjá um allan pakkann.

PÓSTURINN
allur pakkinn

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22**

**TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN:**
**MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8–18**
**FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8–19**
**LAUGARDAG 9–17 SUNNUDAG 11–16**

brimborg Taktubíl


Renault Megane Scenic, skrd. 12/1999 ek. 109.000 km., 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 820.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


13.00 **Margrét Björnsdóttir**, Hlíðarhúsum 3, Reykjavík, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.
13.00 **Matthías Andrésson**, útskurðarkennari og fyrrverandi tollvörður, Lækjasmára 6, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.
13.30 **Ingimar Kr. Skjóldal**, Skálateigi 1, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.
14.00 **Vilhjálmur Heiðar Snorrason**, Íshússtíg 5, Keflavík, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju.
15.00 **Jakob Nikulásson** verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

## AFMÆLI



**Páll Sigurjónsson**, stjórnarformaður og fyrrverandi forstjóri Ístaks, er 74 ára.



**Ingimar Einarsson**, Fífusundi á Hvanneyri, er 70 ára í dag. Hann verður að heiman.



**Rósa Ingólfsdóttir**, fyrrverandi þula, er 58 ára.



**Óðinn Jónsson** fréttamaður er 47 ára.



**Jóakim Reynisson** kvikmyndagerðarmaður er 44 ára.



**Björn Ingi Hrafnsson**, aðstoðarmaður forsætisráðherra, er 32 ára.



**Sverrir Þór Sverrisson (Sveppi)** er 28 ára.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



✝

*Elskulegur maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Matthías Andrésson**

útskurðarkennari og fyrrverandi tollvörður,
Lækjarsmára 6, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 5. ágúst kl. 13.00.

**Kristín Eggertsdóttir**
**Ásrún Matthíasdóttir** — **Jón Friðrik Sigurðsson**
**Marta Matthíasdóttir**
**Eggert Matthíasson** — **Nanna Pálsdóttir**
**Þórhallur Matthíasson** — **Elsa María Davíðsdóttir**
**og barnabörn**



✝

*Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð vegna andláts móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sigurbjargar Helgadóttur**

Hornbrekku, Ólafsfirði.

**Ragnheiður Brynjólfsdóttir** — **Gunnar Berg**
**Helga Pálína Brynjólfsdóttir** — **Jón Gauti Jónsson**
**Sigrún Helga Guðjónsdóttir**

**Brynjólfur Sveinn Birgisson, Silja Bára Ómarsdóttir, Brynjólfur Ómarsson, Brynjólfur Sveinsson, Sandra Hrönn Sveinsdóttir, Birkir Guðjón Sveinsson og langömmubörn.**



**KERTUM FLEYTT Í FYRSTA SINN** Fjöldi fólks lagði leið sína að Reykjavíkurtjörn árið 1985 til að minnast fórnarlamba í Hiroshima og Nagasaki 40 árum fyrr.

KERTUM FLEYTT Á REYKJAVÍKURTJÖRN Í FYRSTA SINN FYRIR 20 ÁRUM

# Óskin barst frá Japönum

Á hverju ári er fórnarlamba kjarnorkusprenginganna í Hiroshima og Nagasaki 6. og 9. ágúst árið 1945 minnst með því að fleyta kertum á Reykjavíkurtjörn. Í dag eru tuttugu ár frá fyrstu kertafleytingunni. „Við hjá Samtökum herstöðvaandstæðinga fengum bréf frá Japan með tveimur kertum þar sem þeir báðu okkur um að fleyta kertum á vatni í minningu fórnarlambanna,“ segir Ingibjörg Haraldsdóttir, sem var ein þeirra sem skipulögðu athöfnina árið 1985. „Þetta er á þeim tíma þegar kjarnorkuvopnakapphlaupið er á fullu. Verið að setja upp kjarnaflaugar í Evrópu og ráðagerðir um að setja kjarnorkuvopn um borð í skip og kafbáta. Friðarhreyfingar um allan heim voru þá mjög virkar í baráttu gegn þessum kjarnorkuáætlunum,“ segir Ingibjörg og bætir við að á sama tíma hafi menn fengið aðgang að skjölum frá Japan og kvikmyndum sem teknar voru í Hiroshima og Nagasaki og höfðu verið hernaðarleyndarmál fram að því. „Þetta var í rauninni hluti af alþjóðlegri vakningu gegn kjarnorkuvopnum,“ segir Ingibjörg en samtökin létu útbúa um 300 kerti til að fleyta á tjörninni. Hún segir það hafa komið á óvart hve margir mættu á staðinn. „Kertin voru rifin út og þau kláruðust öll,“ segir Ingibjörg en samstarfshópur friðarhreyfinga hefur staðið að kertafleytingunum frá 1986.



**INGIBJÖRG HARALDSDÓTTIR**

Þó að sprengingin í Hiroshima hafi orðið hinn 6. ágúst var ákveðið að halda minningarathöfnina að kvöldi þess fimmta enda væri þá morgunn í Hiroshima. Athöfnin markaði upphaf friðarviku árið 1985 sem endaði með Keflavíkurgöngu.

Ávallt hefur verið góð mæting á kertafleytinguna. „Það koma þarna allir aldurshópar, bæði börn og gamalmenni. Það myndast mjög sérstök stemning því fólk upplifir þetta sem einhvers konar framlag eða yfirlýsingu um afstöðu sína,“ segir Ingibjörg, sem telur tilgang athafnarinnar tvíþættan. Annars vegar að minnast hörmunganna í Japan og hins vegar sem hluta af almennum friðarhugmyndum.

Í ár fer kertafleytingin fram klukkan 22.30 þriðjudagskvöldið 9. ágúst bæði í Reykjavík og á Akureyri.

Klukkan hálf níu fyrir kertafleytinguna er efnt til samkomu í Tjarnarsal Ráðhússins í Reykjavík þar sem sænski rithöfundurinn og fræðikonan Monica Braw heldur erindi um kjarnorkuárásirnar og áhrif þeirra á japanskt og bandarískt þjóðfélag. Guðmundur Georgsson læknir flytur ávarp, en hann heimsótti Hiroshima og Nagasaki og kynnti sér afleiðingar sprengjunnar fyrir tveimur áratugum. ■



**SÉRSTÖK STEMNING** Allir aldurshópar mæta á hverju ári til að fleyta kertum á Tjörninni.


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3891
Er sektin að buga þig?
Umferðarlagabrot
*Of hraður akstur kr. 70.000
Talað í farsíma kr. 5.000
Ökuskírteinislaus kr. 5.000
samtals kr. 80.000
* Ökumaður sviptur ökuskírteini í 3 mánuði.
Umferðarlagabrot á borð við hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis og annarra vímuefna eru alvarleg afbrot og viðurlögin háar sektir og svipting ökuréttinda. Þetta eru þó smámunir í samanburði við aðrar mögulegar afleiðingar slíkra brota: limlestingar, ástvinamissi, dauða.
Öflugri löggæsla á vegum landsins.
Eftirtaldir aðilar hafa tekið höndum saman um að auka löggæslu á þjóðvegum landsins um 100% næstu mánuðina. Þetta er gert í forvarnarskyni og til að stuðla að því að þeir sem brjóta af sér þurfi einungis að glíma við fjárhagslegt tjón, en sleppi við aðrar og alvarlegri afleiðingar.
UMFERÐARSTOFA
RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN
VEGAGERÐIN
SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ



## Fylgst með Bjarna

Útsendarar frá norska úrvalsdeildarliðinu Odd Grenland voru viðstaddir leik Vals og Fylkis í gær en þeir voru þangað komnir til að fylgjast með Bjarna Ólafi Eiríkssyni, bakverði hjá Val, sem hefur verið með betri mönnum mótsins í sumar. Hann hefur einnig verið valinn í landsliðið í tvígang og kemur áhuginn því ekki á óvart.

# sport

sport@frettabladid.is

**KEPPNISTÍMABILIÐ AÐ HEFJAST HJÁ NOTTS COUNTY:** GUÐJÓN ÞÓRÐARSON BJARTSÝNN

# *Aðalatriðið að halda markinu hreinu*

Guðjón Þórðarson undirbýr lið Notts County nú af kappi fyrir átökin í annarri deildinni ensku í knattspyrnu, en liðinu hefur gengið vel í æfingaleikjunum. „Ég er sáttur með frammistöðu okkar til þessa. Auðvitað er alltaf hægt að gera betur en ég get ekki gert kröfu um betri spilamennsku en þá sem við höfum sýnt til þessa."

Vörnin hefur verið sterk í leikjunum og segir Guðjón það vera mikilvægast af öllu að halda hreinu í leikjunum. „Ég myndi vilja vinna 1-0 í hverri viku ef það væri hægt. Það gefur liðinu mikið sjálfstraust að fá ekki á sig mark og ég lít á það sem grundvöll fyrir stöðugri frammistöðu að halda markinu hreinu. Ég er ekki í nokkrum vafa um að við munum berjast um að komast upp um deild, ef leikmenn halda áfram að leggja sig fram eins og þeir hafa gert á æfingum að undanförnu."



Kevin Pilkington, fyrrverandi markvörður Manchester United sem gekk til liðs við Notts County fyrir skömmu, verður örugglega einn af lykilmönnum liðsins, en Guðjón segir hann vera virkilega góðan markmann sem efli sjálfstraust varnarmanna liðsins. „Pilkington er markmaður sem hefur mikla reynslu og getu til þess að standa sig vel á komandi tímabili. Hann hefur verið frábær á undirbúningstímabilinu og ég efast ekki um hann verði einn af lykilmönnum liðsins á leiktíðinni sem hefst von bráðar."

Emmet Friars, norður-írski U-21 landsliðsmaðurinn sem gekk til liðs við Notts County á síðustu leiktíð, segir Guðjón vera virkilega góðan stjórnanda sem eigi eftir ná góðum árangri með liðið. „Undirbúningstímabilið hefur verið rosalega erfitt. Við erum búnir að vera mikið í líkamlegum æfingum og það er nauðsynlegt til þess að geta þolað leikjaálagið á tímabilinu betur."

Guðjón skipaði nýlega Frakkann Julien Baudet fyrirliða Notts County en hann hefur verið einn besti leikmaður liðsins í æfingaleikjunum.

### > Við hlökkum til ...



... að sjá úrslitaleik Vals og Fram í bikarkeppninni en þessi fornu stórveldi munu mætast í síðasta leik tímabilsins þar sem allt verður undir. Staða liðanna í deildinni er þó mjög ólík þar sem Valsmenn eru þeir einu sem eiga raunhæfa möguleika á titlinum fyrir utan FH en Fram berst við botn deildarinnar.

### > Við hrósum ...



.... Garðari Gunnlaugssyni sem í gær skoraði sitt áttunda mark í bikarkeppninni í fjórum leikjum fyrir Valsmenn. Garðar hefur verið með eindæmum markheppinn en hann skoraði tvö mörk í gær, rétt eins og í síðustu viku er Valur mætti Fylki í Landsbankadeildinni.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

2 3 4 **5** 6 7 8

**Föstudagur**

**LEIKIR**

- 19.00 **Haukar** taka á móti **Fjölni** á Ásvöllum í Hafnarfirði í 1. deild karla.

**SJÓNVARP**

- 16.50 **HM íslenska hestsins** á RÚV.
- 19.00 **Gillette-sportpakkinn** á Sýn.
- 19.30 **Mótorsport 2005** á Sýn.
- 20.00 **Motorworld** á Sýn.
- 20.30 **World Supercross** á Sýn.
- 21.30 **World Poker Tour 2** á Sýn.
- 23.00 **K-1** á Sýn.
- 23.05 **HM íslenska hestsins** á RÚV.

# Garðar skaut Valsmönnum áfram

**Garðar Gunnlaugsson var hetja Valsmanna er hann skoraði bæði mörk liðsins gegn Fylki í gær í undanúrslitum Visa-bikarkeppninnar. Hann hefur nú skorað átta mörk í keppninni.**

| VALUR–FYLKIR | 2–0 |
|---|---|
| 1–0 Garðar Gunnlagusson | 3. |
| **2–0 Garðar Gunnlaugsson** | **80.** |

**FÓTBOLTI** Garðar Gunnlaugsson skaut Valsmönnum í bikarúrslitaleikinn með því að skora bæði mörkin í 2-0 sigri á Fylkismönnum. Garðar hefur svo sannarlega verið á skotskónum í keppninni.

„Þetta virðist vera mín keppni. Það hefur alltaf gengið vel hjá mér að skora í bikarleikjum undanfarin ár. Með Skaganum var það yfirleitt bara í bikarleikjum sem ég skoraði. Nú er það bara að skora líka í úrslitaleiknum, það þýðir ekkert annað en að skora í hverri umferð," sagði Garðar Gunnlaugsson, hetja Valsmanna, eftir 2-0 sigurinn á Fylki í undanúrslitum VISA-bikarsins í gær. Garðar hefur svo sannarlega verið á skotskónum í bikarkeppninni þetta sumarið og skorað í öllum leikjum Vals í keppninni. Hann er kominn með átta bikarmörk en auk þeirra hefur hann skorað fimm mörk í Landsbankadeildinni. Leikurinn í gær var aðeins þriggja mínútna gamall þegar Valsmenn tóku forystuna á Laugardalsvelli en þá var Garðar réttur maður á réttum stað og skoraði eftir sendingu Bjarna Ólafs Eiríkssonar. Fylkismenn komust nálægt því að jafna þegar skot frá Björgólfi Takefusa úr aukaspyrnu rétt fyrir utan teig hafnaði í stönginni á 26. mínútu.



**HETJA VALSMANNA** Garðar Gunnlaugsson skoraði bæði mörk Vals í gær og var hetja liðsins er það tryggði sér sæti í úrslitum bikarkeppninnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þeir sýndu fína spilamennsku á köflum en gekk ekki að skapa sér opin marktækifæri og Valsmenn fóru með forystu í leikhléinu. Eftir því sem mínúturnar liðu urðu Fylkismenn meira og meira pirraðir. Þeim fannst dómgæsla Garðars Hinrikssonar halla á sig og bekkurinn hjá þeim fékk að líta gult spjald. Daninn Christian Christiansen kom inn á 55.mínútu og það tók hann aðeins tíu mínútur að fá tvö gul spjöld og verða sendur í sturtu og því ljóst að lokakaflinn yrði erfiður fyrir Fylki. Eyjólfur Héðinsson átti frábært langskot á 70. mínútu sem fór hárfínt framhjá en lengra komst Fylkir ekki. Valsmenn léku vel, með Sigurbjörn Hreiðarsson og Garðar sem bestu menn. Sá síðarnefndi átti skot í stöngina rétt áður en hann bætti öðru marki við tíu mínútum fyrir leikslok. „Mér fannst Fylkismenn vera yfirspenntir í leiknum, þetta er í þriðja sinn sem við vinnum þá í sumar og það fór illa í þá. Það er frábært að vera kominn í bikarúrslitin, það er stærsti leikur ársins og frábært að taka þátt í honum," sagði Garðar, sem er ákveðinn í að skora í sjálfum úrslitaleiknum gegn Fram, sem verður lokaleikur sumarsins.

Valur Fannar Gíslason, fyrirliði Fylkis, neitaði blaðmanni Fréttablaðsins um viðtal eftir leikinn og strunsaði inn í búningsklefa.

**Maður leiksins: Garðar Gunnlaugsson, Val.**

**elvar@frettabladid.is**











Íslenska U-16 landsliðið:

## Tap fyrir Slóvenum

**KÖRFUBOLTI** Íslenska körfuboltalandsliðið skipað leikmönnum 16 ára og yngri tapaði í gær fyrir Slóvenum í síðasta leik milliriðlakeppninnar. Leikar stóðu jafnir í hálfleik en íslenska liðið skoraði svo aðeins þrjú stig gegn 25 stigum Slóvena í þriðja leikhluta sem reyndist of dýrkeypt. Lokatölur voru 68–50. Liðið mætir á morgun Belgum í hreinum úrslitaleik um hvort liðið haldi sæti sínu í A-deild Evrópukeppninnar.

**- esá**

## ÚR SPORTINU

Í gær keypti Everton Phil Neville frá Manchester United fyrir þrjár og hálfa milljón punda. Þessi 28 ára leikmaður hefur allan sinn feril verið í herbúðum United. Reynsla Phil gæti komið að góðum notum í Meistaradeild Evrópu þar sem spænska liðið Villarreal er fyrsta hindrun Everton. Phil getur spilað sem vinstri eða hægri bakvörður og einnig á miðjunni en Moyes hyggst helst nota hann í síðastnefndu stöðunni. Phil lék 389 leiki fyrir Manchester United og var þá reglulega í enska landsliðinu.

Ítalski leikmaðurinn Francesco Coco er þessa stundina í samningaviðræðum við Newcastle. Coco er 28 ára og hefur verið í herbúðum Inter Milan en félagið hefur gefið honum leyfi til viðræðna við Newcastle, enda er hann ekki í framtíðaráætlunum þess. Knattspyrnustjórinn Graeme Souness er ekki alveg fullkomlega sáttur við þá vinstri bakverði sem hann hefur í sínu liði og má reikna með að hann hyggist nota Coco í þá stöðu.

Keppni í ensku 1. deildinni hefst um helgina og á Stoke City fyrsta leik sinn gegn Sheffield Wednesday á morgun. Í gær fékk liðið góðan liðsstyrk þegar Luke Chadwick kom



til þess á lánssamningi út árið. Þessi 24 ára miðvallarleikmaður kemur frá West Ham, nýliðunum í úrvalsdeildinni, en hann missti sæti sitt í byrjunarliði Hamranna undir lok síðustu leiktíðar. Hann lék þó 32 leiki fyrir félagið síðasta tímabil en flestir muna eftir því þegar hann var í herbúðum Manchester United og var talinn einn efnilegasti leikmaður félagsins.

Nánast er fullfrágengið að portúgalski miðjumaðurinn Luis Figo skrifi undir tveggja ára samning við ítalska liðið Inter Milan frá spænsku risunum í Real Madrid. Hann yfirgaf æfingabúðir Real í Austurríki og flaug til Mílanó til að binda endahnútinn á skipti sín. Um tíma leit allt út fyrir að Figo væri að ganga í raðir Evrópumeistara Liverpool en hann verður þriðji leikmaðurinn sem kemur til Inter frá Real Madrid í sumar. Hinir tveir eru Santiago Solari og Walter Samuel.



Í dag leikur U17-landslið Íslands sinn síðasta leik í A-riðli Norðurlandamótsins þegar það mætir Noregi á Kaplakrikavelli í Hafnarfirði en leikurinn hefst klukkan 14.40. Þetta er leikur um hvort liðið hafnar á botni riðilsins en bæði Ísland og Noregur eru án stiga eftir tvær umferðir af þremur. Ísland tapaði 4-0 fyrir Danmörku á þriðjudag og svo 2-0 fyrir Írlandi á miðvikudag. Þau tvö lið mætast í hinum leik riðilsins á Kópavogsvelli í dag.

Franski miðjumaðurinn Zinedine Zidane segist vera fullviss um að landi sinn, varnarmaðurinn Lilian Thuram, muni ákveða að spila á ný fyrir landsliðið. Zidane og Claude



Makelele tilkynntu í vikunni að þeir hefðu ákveðið að taka landsliðsskóna fram á ný og leika fyrir Frakkland. Zidane segist ekki vera í nokkrum vafa um að bakvörðurinn Thuram feti í þeirra fótspor en hann er næstleikjahæsti landsliðsmaður Frakklands með 103 leiki. Frakkar eru í fjórða sæti síns riðils í undankeppni HM og nú skal blása í herlúðra enda er stefnan sett á að halda til Þýskalands á næsta ári.

Síðar í þessum mánuði missir ÍA tvo af sínum helstu leikmönnum er þeir halda út til náms í Bandaríkjunum. Þetta eru markvörðurinn Bjarki Guðmundsson og sóknarmaðurinn Hjörtur Hjartarson. Samkvæmt heimasíðu stuðningsmanna liðsins er reiknað með því að Bjarki geti spilað næstu fjóra leiki liðsins en Hjörtur næstu þrjá. Svo gæti farið að þeim verði flogið í einhverja leiki eftir brottför en ákvörðun hefur ekki verið tekin um það. Páll Gísli Jónsson mun væntanlega verja mark Skagamanna þegar Bjarki er farinn út.

### Sven segir Owen ómissandi fyrir England:

# Owen alltaf í byrjunarliðinu

**FÓTBOLTI** Sven Göran Eriksson, þjálfari enska landsliðsins í knattspyrnu, segir Michael Owen vera ómissandi fyrir England. „Ég get ekki annað en valið Owen í landsliðið. Hann er frábær leikmaður sem hefur skorað mikið af mörkum allan sinn feril og mun gera það fyrir England í nokkur ár til viðbótar, hvar sem hann spilar og hversu mikið.“

Sven sagðist einnig vona að Owen færi til Manchester United. „Owen myndi hitta fyrir Wayne Rooney hjá Manchester United en hann leikur vitaskuld með honum í framlínunni hjá Englandi. Það yrði virkilega gott fyrir England ef þeir félagar æfðu saman á hverjum degi. Þannig er líklegra að þeir nái að leika vel í heimsmeistarakeppninni í Þýskalandi á næsta ári.“



MICHAEL OWEN

Framtíð Owen hjá Real Madrid er óljós eftir að félagið keypti tvo brasilíska landsliðsframherja, Julio Baptista og Robinho, á sama deginum. Manchester United og Liverpool þykja líklegust til þess að fá hann í sínar raðir eins og staðan er nú, en Owen lék með Liverpool áður en hann fór til Real Madrid fyrir ári síðan. - mh

ENNEMM / SÍA / NM17500

KB bankamót

Íslandsmótið í holukeppni 2005

Allir sterkustu kylfingar landsins keppa á Hvaleyrarvelli í Hafnarfirði um helgina. Keppni hefst á föstudag og laugardag kl. 8.00 og sunnudag kl. 9.00. Við hvetjum alla að mæta á völlinn og fylgjast með spennandi keppni.

KB BANKI – kraftur til þín!





# Nýjasta æðið!

Scooterhjól með mótor í fyrsta sinn á Íslandi!

Engin trygging nauðsynleg – flokkast sem reiðhjól.

Notist á gangstéttum.

Engin aldurstakmörk

Munið eftir hjálmunum!

Salan er hafin!

**Sími: 869 0898**



## Buy a house in THAILAND !!!

**Villa from 623 000,- NOK**

Exhibition satd. 6 aug. 11.00--16.00

**Park Inn Island Armuli 107, Reykjavik**

www.thailandfastigheter.com

**Email : thailand@teki.as**








*Verslaðu við traustan aðila!*

## Pallhýsi

Tilbúin til afhendingar strax!



Nú er ekki eftir neinu að bíða!
Eigum nokkur pallhýsi tilbúin til afhendingar strax.

**OPIÐ:**
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16

SEGLAGERÐIN ÆGIR

EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2200 • www.seglagerdin.is





Opið til kl. 24 alla daga ársins

**Austurver**
Mán.–fös. kl. 8–24
Helgar og alm. frídaga 10–24

**Opið lengur**

Lyf & heilsa


## STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Sjáið tindinn

**SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR** TEKUR LANDAKORT MEÐ Í FERÐALAGIÐ.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Landslagið væri lítils virði ef það héti ekki neitt sagði skáldið. Mér fannst lítið til í þessu hér í eina tíð, það var mér nóg að horfa út um bílgluggann og horfa á fjöllin úr fjarlægð og dást að firnindunum, stöku sinnum leggjast í mosató.

En svo fór ég í mína fyrstu fjallgöngu og þá varð ekki aftur snúið. Ekki dugði að vita að ég hefði gengið á eitthvert fjall fyrir norðan. Nei, nafnið á fjallinu var nauðsynlegt að þekkja. Eftir því sem fleiri fjöll hafa verið gengin hefur örnefnaþekking aukist. Fyrst þótti mér nóg að vita nafnið á fjallinu sem var undir fót. Nú þykir mér ferðin ekki fullkomnuð nema gott kort sé með í för til að hægt sé að átta sig á því er við blasir á tindinum.

Ekki spillir fyrir að betri helmingurinn er mikill kortafíkill, les kort eins og aðrir lesa spennusögur og því góður leiðsögumaður um leyndardóma landsins. Það má með sanni segja að mikið vatn sé runnið til sjávar síðan móðir mín reyndi að benda mér á helstu kennileiti á ferðalögum um landið en fékk engar undirtektir frá dóttur sinni, sem var annaðhvort sofandi eða of niðursokkin í gæðabókmenntir á borð við Ísfólkið til að meðtaka upplýsingarnar.

Á síðasta ferðalagi fjölskyldunnar um fjallabak var landið að sjálfsögðu skoðað með hjálp korta og örnefni fest við fjöll. Gjátindur leit þá svona út, Uxatindar blöstu við og yfir öllu gnæfði Sveinstindur. Ekki var hægt að sleppa því að ganga á hann, enda ekki ský á himni. Útsýnið sem við blasti var frábært og aldeilis hægt að stúdera landið, jökla, tinda og vötn. Í dagslok var svo slegið upp tjöldum við Langasjó, við vorum ein í heiminum.

Stöku steinn hrundi að vísu niður úr Sveinstindi. Verk trölla héldum við, þar til fréttir af jarðhræringum á þessum slóðum bárust nokkrum dögum síðar. Og þá var aldeilis gaman að hlusta á Ómar Ragnarsson flytja fréttir frá rótum Sveinstinds og geta sagt, sjáið tindinn, þarna fór ég. ■

# myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# LOKADAGAR ÚTSÖLU

4. - 7. ÁGÚST

AÐEINS (5) VERÐ Á ÚTSÖLUVÖRUM

500 • 1000 • 1500 • 2000 • 3000

ATH. NÝJAR VÖRUR KOMNAR Í VERSLUN

NEXT

KRINGLUNNI

*Um helgina verður dagskrá síðustu helgar Sumartónleika í Skálholti. Dagskrá sumarsins hefur tekist vel og hefur nánast verið fullt á hverja einustu tónleika. Um helgina verða flytjendur í Skálholtskirkju hinn nýstofnaði djúpstrengjahópur Lilja og Skálholtskvartettinn. Frekari upplýsingar má finna á netsíðunni www.sumartónleikar.is.*

# menning

menning@frettabladid.is

# List Unnar Briem

Í tilefni af hundrað ára afmæli Unnar Briem teiknikennara hafa systurbörn hennar tínt saman brot af þeim listaverkum sem hún lét eftir sig. Verkin verða til sýnis í listmunasölunni Smíðar og skart á Skólavörðustíg 16a frá 5. ágúst. Um er að ræða málverk, leirverk, skúlptúra, glerverk og fleiri gerðir listaverka en Unnur var afar fjölhæf á listasviðinu.

„Unnur byrjaði fyrst að blómstra sem listamaður eftir að hún hætti að vinna árið 1959 en var aldrei mikið fyrir að selja því að hún tímdi því ekki. Hún tók þátt í einhverjum sýningum en ég veit ekki í hversu miklum mæli það var. Verkin hennar komu í hlut okkar systkinanna þegar móðir okkar dó. Við systurnar litum svo á verkin hennar og áttuðum okkur á því hversu mikill listamaður hún frænka okkar var og fannst tilvalið að halda sýningu á þeim til að minnast þess að það eru hundrað ár síðan hún fæddist,“ segir Hildur Bjarnadóttir, sem er einn af skipuleggjendum sýningarinnar en hún er systurdóttir Unnar.



**UNNUR BRIEM** Í tilefni af því að hundrað ár eru síðan Unnur fæddist hafa systurbörn hennar tekið listaverk hennar saman og eru þau til sýningar í listmunasölunni Smíðar og skart á Skólavörðustígi 16a frá og með deginum í dag.

## EKKI MISSA AF…

...tónleikum sænska djassgítarleikarans **Andreas Öberg** klukkan 21.30 á **Café Rosenberg** í Reykjavík í kvöld.

...tónleikum pólska orgelleikarans **Zygmunt Strzep** í **Hallgrímskirkju** á morgun klukkan 12.00.



...gleðigöngunni á **Hinsegin dögum** sem farin verður frá **Hlemmi** klukkan 15.00 á morgun og endar með skemmtiatriðum á **Lækjartorgi**.

# Ævintýraheimur Tívolís í Hveragerði

**Yfir tuttugu listamenn ætla að framkalla sannkallaða listasprengju á sýningunni Tívolí sem opnar með hátíð á sunnudaginn. Sýningunni er ætlað að rifja upp gleðina sem fylgdi tívolíinu sem var þar í bænum um árabil.**



**GRUNNUR GAMLA TÍVOLÍSINS** Þar sem áður var draumastaður íslenskra barna stendur nú hráslagalegur húsgrunnur einn eftir. Yfir tuttugu listamenn ætla um helgina að opna samsýningu í Hveragerði sem ber heitið Tívolí þar sem ætlað er að rifja upp þessa gömlu góðu tívolístemningu sem svo margir muna eftir úr bænum.

Á sunnudaginn klukkan 16.00 opnar samsýning fleiri en tuttugu listamanna á Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Sýningin ber yfirskriftina Tívolí og er ætlað að minna á tívolíið sem var í Hveragerði á sínum tíma. Hugmyndin er að búa til listasprengju þar sem ægir saman listaverkum, gjörningum og uppákomum.

„Við höfðum lengi verið að velta því fyrir okkur að halda sýningu í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Safnið stendur á móti grunninum þar sem gamla tívolíið stóð. Við fengum því þá hugmynd að kalla sýninguna Tívolí og fá hóp af listamönnum til að vinna út frá hugmyndinni um tívolíið í Hveragerði sem lifir í minningu margra sem mikill ævintýrastaður,“ segir Markús Þór Andrésson sem er annar af sýningarstjórum Tívolís.

Markús segir að hann og hinn sýningarstjóri Tívolís Þuríður Sigurðardóttir hafi komið að máli við listamenn á öllum aldri og beðið þá að vinna verk fyrir sýninguna. Elsti listamaðurinn sem tekur þátt í sýningunni er Þorbjörg Pálsdóttir sem er á níræðisaldri en sá yngsti er rétt um tvítugt og nýskriðinn út úr listaskóla.

Meðal þeirra sem taka þátt í sýningunni eru Birgir Andrésson, Egill Sæbjörnsson, Gabríela Friðriksdóttir, Gjörningaklúbburinn, Margrét H. Blöndal, Ragnar Kjartansson og JBK Ransu.

„Við viljum færa gleðina og ævintýrið aftur til Hveragerðis en þó er ekki svo að einungis minningar um gleði og grín séu tengd gamla tívolíinu því í huga margra var tívolíið hrylllilegur staður. Menn fóru í hringekjuna og ældu úr sér lungunum eða í draugahúsið og urðu svo hræddir að þeir gleyma því aldrei. Þess vegna eru líka hryllileg verk á sýningunni því upplifun fólks af tívolíinu var ekki einsleit,“ segir Markús.



**MARKÚS ÞÓR ANDRÉSSON** Annar af sýningarstjórunum.

Mikið er lagt upp úr opnun sýningarinnar á sunnudaginn en á henni verða mikil hátíðabrigði, gjörningar og alls kyns uppákomur. Sumir listamennirnir taka aðeins þátt í opnuninni og því skorar Markús á fólk að mæta á svæðið á sunnudaginn og rifja upp gömlu tívolístemninguna og um leið að kynna sér samtímalist þar sem áherslan er á myndlist sem sækir innblástur meðal annars í heim afþreyingar og dægurmenningar, leikja, tilrauna og skemmtunar.

Sýningin Tívolí stendur yfir í Listasafni Árnesinga í Hveragerði fram til 25. september. ■

# Fuglar í náttúru Íslands

Hjá Máli og menningu kom út í gær bókin Fuglar í náttúru Íslands eftir náttúrufræðinginn og náttúruljósmyndarann Guðmund Pál Ólafsson.

Í bókinni er lesandinn leiddur inn í heillandi heim íslenskra fugla. Fjallað er um lifnaðarhætti þeirra og lífsskilyrði, sagt frá flugi, fæðuöflun, varpi og uppeldi unga, og lýst kjörlendi þeirra.

Hér er í fyrsta sinn fjallað ítarlega á íslensku um hátterni fugla og þá er brotið blað með skipulagðri umfjöllun um sjálfa undirstöðu allrar fuglaverndar: búsvæðavernd. Í bókinni er jafnframt lýst sérhverri tegund íslenskra varpfugla í máli og myndum, og inn í þá frásögn er fléttað efni úr þjóðtrú og skáldskap.

Bókin er prýdd fjölda skýringamynda, teikninga og korta, en ekki síst eru ljósmyndir bókarinnar einstakar í sinni röð og má fullyrða að aldrei áður hafi birst í einni bók svo margar frábærar ljósmyndir af fuglum í leik og starfi.



**DÍLASKARFAR** Þessa mynd má finna í nýrri bók úr ritröð náttúrufræðingsins og náttúruljósmyndarans Guðmundar Páls Ólafssonar sem kom út hjá Máli og menningu í gær.

Bókin tilheyrir rómaðri ritröð Guðmundar Páls Ólafssonar, en aðrar bækur í röðinni eru Perlur í náttúru Íslands, Ströndin í náttúru Íslands og Hálendið í náttúru Íslands, en fyrir þá bók hlaut höfundur Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2000.

Bókin er 383 blaðsíður í stóru broti og er nú seld tímabundið á sérstöku kynningarverði sem er 17.980 krónur. ■
















# Hefðbundin og skemmtileg þjóðlagatónlist

[ TÓNLIST ]
UMFJÖLLUN




**SOUTH RIVER BAND:**
BACALAO

**NIÐURSTAÐA:** Diskurinn í heild sinni er skemmtilegur þótt farnar séu afar troðnar slóðir í útsetningum og flutningi.

Nýr diskur, Bacalao, með hljómsveitinni South River Band kom út í byrjun júlí. Hljómsveitina skipa þeir Matthías Stefánsson, Helgi Þór Ingason, Ólafur Sigurðsson, Kormákur Bragason, Ólafur Þórðarson og Einar Sigurðsson.

Á disknum eru þrettán lög frá ýmsum löndum og hengja meðlimir sveitarinnar merkimiðann „alþýðleg heimshornatónlist“ á lög plötunnar.

Þar er að finna tónlist frá Úkraínu, Írlandi, Spáni og Bandaríkjunum svo eitthvað sé nefnt.

Útsetningar laganna á plötunni eru stílhreinar og hefðbundnar, þau er stutt en flest hver skemmtileg og snerta einhverjar taugar sem þjóðlagatónlistin hefur, að því er virðist, ein svo greiðan aðgang að. Upphafslag disksins er írska þjóðlagið Whiskey Before Breakfast eða Dramm fyrir Dagmál og er það ágætis upphaf að skemmtilegri og tregafullri plötu því sum lögin á plötunni eru þannig að maður gæti bæði hlegið og grátið yfir þeim. Það gerir tilfinningin í þeim, hækkanirnar og hraðabreytingarnar, tónlistin fer frá því að vera hæg og tilþrifalítil upp í að vera hröð og tilfinningaríkt.

Sveitinni tekst hvað best til í þjóðlaginu Brúðkaupsvals frá Úkraínu sem hefur í sér hinn ljúfsára trega sem er oft einkennandi fyrir þjóðlagatónlist frá Austur-Evrópu. Laginu er haldið uppi af fiðluleik Matthíasar Stefánssonar, sem spilar áberandi rullu í mörgum lögum plötunnar, og er laglínan í því falleg. Einnig ber að geta Kveðjustundarinnar eða La Partida eftir Alvarez, Fermin Maria, írska þjóðlagsins Á blístri af berjum og úkraínska þjóðlagsins Mánaskin sem nánast ærir mann því það er svo hratt og æpandi, eiginlega móðursjúkt lag.

Diskurinn í heild sinni er skemmtilegur þótt farnar séu afar troðnar slóðir í útsetningum og flutningi. Ég gæti vel hugsað mér að fara og hlusta á hljómsveitina spila á balli og kannski dilla mér eitthvað og hoppa, jafnvel fá mér nokkra gráa og hafa gaman, því þrátt fyrir tregann er þetta tónlist gleðinnar.

**Ingi Freyr Vilhjálmsson**


Gerðu eitthvað skemmtilegt og
komdu á Players



Hljómsveitir um helgina:

Hljómsveitin
Sálin hans Jóns míns | föstud. 5. júlí

Hljómsveitin
Sixties | laugard. 6. júlí




PLAYERS
Bæjarlind 4 - Kópav.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






# Sumarið er okkar tími!

Tilvalið að líta inn

Spennandi sumar framundan hjá Landsvirkjun

## Hvernig verður rafmagn til?





**Laxárstöðvar í Aðaldal**
„Hvað er með Ásum?“
Frábær sýning Hallsteins Sigurðssonar, sem hlotið hefur einróma lof.

„Hreindýr og dvergar“
Aðalheiður S. Eysteinsdóttir sýnir magnaða tréskúlptúra í Laxársstöð í sumar.

**Kröflustöð í Mývatnssveit**
Allt um Kröfluelda í Gestastofu.
Kynnist eldsumbrotunum sem urðu í nágrenni Kröflustöðvar 1975-1984.

## Hvers vegna er rafmagn á Íslandi umhverfisvænna en hjá öðrum þjóðum?





**Blöndustöð í Húnaþingi**
Þorir þú 200 metra niður í jörðina?
Hvað verður í göngum Blöndustöðvar í sumar? Magnaður viðkomustaður.

**Végarður í Fljótsdal**
Kynnið ykkur Kárahnjúkavirkjun og allt sem henni viðkemur í Végarði.
Tilvalið að koma þar við áður en haldið er upp að Kárahnjúkum.

## Heimsókn til Landsvirkjunar er upplýsandi og skemmtileg





**Sultartangastöð ofan Þjórsárdals**
„Andlit Þjórsdæla“ – áhugaverð sýning um mannlífið í Þjórsárdal í 1100 ár.

**Ljósafosstöð í Soginu**
„Ár og kýr“ Jóns Eiríkssonar komnar suður. 365 kúamyndir sem hlotið hafa verðskuldaða athygli.
Einnig ljósmyndasýning Guðmundar frá Efri-Brú „Oft er í holti heyrandi nær“.

**Sýningarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar.**

Nánari upplýsingar um opnunartíma á **www.landsvirkjun.is** og í síma **515 9000**.

Landsvirkjun
Góðir straumar í 40 ár

MIXA • fít • 50765




## Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

**The Magic Numbers:** The Magic Numbers, **Röyksopp:** The Understanding, **Brian Wilson:** Smile DVD, **Arcade Fire:** Funeral, **Dr. Spock:** Dr. Phil, **Villikettirnir:** Lög við vísur eftir Davíð Þór Jónsson og **Pétur W. Kristjánsson:** Gamlar myndir.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# *Partíið var orðið þreytt*



Rappsveitin Quarashi er hætt eftir tæplega tíu ára samstarf. Sveitin gaf út þrjár plötur á ferli sínum, nú síðast Guerilla Disco sem hefur selst í 8.000 eintökum hér á landi og er þar með orðin mest selda plata sveitarinnar hérlendis.

„Við erum búnir að klára það sem við ætluðum að klára. Ég er búinn að snúa mér að öðru og Ómar er búinn að snúa sér að öðru. Partíið er búið. Þetta er var fínt partí en það var orðið þreytt og nú er það búið," segir Sölvi Blöndal, sem hefur verið forsprakki Quarashi frá stofnun sveitarinnar 1996.

Hann vill ekki meina að sveitin hafi ætlað sér stærri hluti í framtíðinni. „Svona hljómsveitir eru eins og annar félagsskapur. Þær byggjast á því að gredda sé í gangi og hún var bara ekki í gangi. Menn eru komnir á annan stað í lífinu og allar hljómsveitir þurfa að enda einhvern tímann."

Sölvi byrjar á næstunni á sínu öðru ári í hagfræði við Háskóla Íslands og Ómar Örn Hauksson stundar nám í grafískri hönnun auk þess sem Egill „Tiny" Thorarensen hyggur á nám í menntaskóla. Þeir munu því ekki sitja auðum höndum á næstunni þrátt fyrir að Quarashi sé dauð og grafin. Áður höfðu þeir Höskuldur Ólafsson og Steinar Fjelsted hætt í sveitinni, sem gaf til kynna að leiði var kominn í mannskapinn.

„Þetta er orðið fínt," segir Sölvi. „Ég er búinn að brasa í tónlist í lengri tíma en ég hélt og það er mjög gott að taka sér frí í dágóða stund. Það verður fínt að hafa tónlistina sem áhugamál. Ég er ekkert svekktur og ákvörðunin um að hætta var tekin í eins mikilli sátt og samlyndi og hægt er."

## > Plata vikunnar ...



**M.I.A.: Arular**

*„Frumraun M.I.A. er með þeim magnaðri í áraraðir. Þessi plata er svo heit að hún á eftir að brenna harða diskinn ykkar. Ólíkt flestu sem þið hafið heyrt áður og algjör skyldueign."*
**BÖS**

## > Popptextinn ...

*„So wont you make a man out of me,*
*I've gotta be,*
*connected computerized son of a bitch,*
*makes me itch, sucker for life.*
*I cant decide darkness or light or just a heavenly fright.*
*Stick it, I'm tired I'm bored, I'm trying so hard and I can't be adored."*

Rappsveitin sáluga Quarashi í einu vinsælasta lagi sínu, Stick' Em Up.

## Hita upp fyrir Stones

Íslandsvinirnir í Metallica munu hita upp fyrir The Rolling Stones á tvennum tónleikum í nóvember í San Francisco.


JAMES HETFIELD

Þar með hefur Metallica slegist í hóp með stórum nöfnum á borð við Pearl Jam, Beck og Black Eyed Peas sem öll hafa hitað upp fyrir Stones undanfarið.

„Eftir að hafa spilað með mörgum af átrúnaðargoðum okkar í gegnum tíðina eins og AC/DC, Deep Purple, Iron Maiden og Ozzy, hvernig gátum við sagt nei við þessa merku rokksveit sem ber að hluta til ábyrgð á þessu öllu saman," sögðu meðlimir Metallica á heimasíðu sinni.

Fyrsta hljóðversplata The Rolling Stones í átta ár, A Bigger Bang, kemur út 5. september.

## Gerir tónlist við mynd 50 Cent

Quincy Jones ætlar að gera tónlist við kvikmynd um ævi rapparans 50 Cent. Myndin heitir Get Rich or Die Trying eins og fyrsta plata 50 Cent. Leikstjóri verður Jim Sheridan.

Myndin fjallar um munaðarleysingja úr fátækrahverfi sem gerist fíkniefnasali áður en hann slær í gegn sem rappstjarna. Quincy Jones er reyndur kappi sem m.a. stjórnaði upptökum á plötunni Thriller með Michael Jackson. Hann hefur fengið Óskarstilnefningar fyrir tónlist sína við myndirnar The Color Purple, In the Heat of the Night, The Italian Job, In Cold Blood og The Wiz.



# Aðdáendur Cooper síðan 1982

Hljómsveitin Dimma verður ein þeirra fjögurra sveita sem munu hita upp fyrir sjokkrokkarann Alice Cooper á tónleikum hans í Kaplakrika 13. september.

Stofnendur Dimmu, bræðurnir Ingó og Silli Geirdal, eru góðkunningjar upprunalegra meðlima hljómsveitar Alice Cooper sem var stofnuð 1968. Árið 1996 gáfu þeir bræður út plötuna Late-Nite Cult með þáverandi hljómsveit sinni, Stripshow. Þegar yfirvöld í Japan og Kóreu ákváðu að banna tónlist sveitarinnar vegna textagerðar og ímyndar hennar vakti það mikla athygli utan Kóreu. Í kjölfarið var þeim bræðrum boðið að spila víðs vegar um Bandaríkin með þessum upprunalegu meðlimum Alice Cooper, þeim Dennis Dunaway, Neal Smith og Michael Bruce. Sá síðastnefndi fékk þá bræður einnig til að stjórna upptökum og spila inn á tvær plötur með sér.

Silli er að vonum yfir sig spenntur að fá að hita upp fyrir goðið sitt. „Við bræður erum búnir að vera aðdáendur í mörg ár og erum búnir að fíla þetta síðan 1982," segir Silli, sem hefur séð Alice Cooper fimmtán sinnum á tónleikum. Hann segist aldrei hafa spilað með Cooper en einu sinni hitað upp fyrir hann. „Við spiluðum á undan honum á veitingastað sem hann á í Phoenix í Arizona. Þá spiluðu allir eftirlifandi meðlimir Alice Cooper-hljómsveitarinnar saman til að minnast Glen Buxton, sem lést 1997. Það er ekkert stirt á milli þeirra, alls ekki. Það var örlítið fyrst en síðan eru allir orðnir góðir vinir."



**DIMMA** Hljómsveitin Dimma var stofnuð á síðasta ári upp úr rústum Stripshow.

Dimma var stofnuð á síðasta ári upp úr rústum Stripshow. Nafnið Dimma dregur nafn sitt af tónlist sveitarinnar, sem er á köflum þungt og myrkt rokk með skírskotun í ýmsar stefnur, meðal annars íslenska þjóðlagahefð. „Við höfum æft núna á hverjum degi og ég get lofað góðum tónleikum. Miðað við upphitunarböndin ætti fólk að mæta snemma," segir Silli, sem telur að Cooper sé betri söngvari núna en hann var fyrir fimmtán árum. „Hann er alveg frábær. Það drýpur ekki af honum á sviðinu. Það er mikið stuð hjá honum og ekki hægt að sjá að hann sé að verða 57 ára."

Dimma mun hita upp fyrir herlegheitin í Kaplakrika með tónleikum á Gauknum föstudaginn 12. ágúst. Rokksveitirnar Sign, sem einnig hitar upp fyrir Cooper, Noise og Dead Sea Apple munu líka stíga á stokk. Allar sveitirnar munu spila eitt lag með Cooper og lagið sem Dimma hefur valið sér er hið tíu mínútna langa Halo of Flies sem er í miklu uppáhaldi hjá Silla. **freyr@frettabladid.is**

## [ TOPP 10 ]

*X-IÐ 977*

1. **RASS** Burt með kvótann
2. **KAISER CHIEFS** Every Day I Love You Less and Less
3. **THE VIKING GIANT SHOW** Party at the White House
4. **GREEN DAY** Wake Me Up When September Ends
5. **CYNIC GURU** Drugs
6. **AUDIOSLAVE** Your Time Has Come
7. **TRABANT** Maria
8. **TEAM SLEEP** Ataraxia
9. **TRANSPLANTS** Gangsters and Thugs
10. **INTERPOL** Narc



**RASS** Hljómsveitin Rass er enn í efsta sæti X-listans með lagið Burt með kvótann.

## [ SMS ]

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

### The Duke Spirit: Cuts Across the Land

„The Duke Spirit er ný töffarasveit frá London sem var að gefa út fyrstu plötu sína. Þetta er töffararokk eftir formúlunni, tekur litla áhættu, en útkoman er vel yfir meðallagi. Ekki skemmir að það er ljóska í fremstu víglínu með blúsaða sandpappírsrödd." *BÖS*

### Björk: Drawing Restraint 9

„Björk fer lengra með pælingarnar á Medúllu og skilar frá sér skrítinni plötu, sem þó á sín aðgengilegu augnablik. Eflaust á þessi plata vel við kvikmynd eiginmannsins en ein og sér er hún ekkert sérlega heillandi." *FB*

### Roisin Murphy: Ruby Blue

„Fyrsta sólóplata Moloko-söngkonunnar Roisin Murphy er mjög lifandi og fallegt verk. Hér skapar hún sína eigin veröld á milli djass og raftónlistar, draums og vöku. Svo syngur hún auðvitað eins og engill líka. Mögnuð frumraun." *BÖS*

### Helgi Valur: Demise of Faith

„Demise of Faith er ágætis plata með nokkrum fínum lögum. Helgi er greinilega mjög efnilegur tónlistarmaður en hann á enn eftir að skapa sér sinn eigin stíl." *FB*

### Davíð Smári: You Do Something to Me

„Davíð skilar sínu með sóma en vonandi kemur alvöru sólóplata frá honum sem fyrst þar sem hann syngur ný íslensk dægurlög sem hreyfa betur við manni." *FB*

### Black Eyed Peas: Monkey Business

„Fylgifiskur Elephunk er öfgafull tilraun til þess að gera metsöluplötu. Hér er verið að reyna of mikið til þess að heilla og fyrir vikið verður heildin hálf aum. Lítið um góða spretti, hrein og klár vonbrigði." *BÖS*

### Nouvelle Vague: Nouvelle Vague

„Tveir franskir sérvitringar útsetja þekkta nýbylgjuslagara á borð við Love Will Tear Us Apart í bossanovaútgáfum. Fá svo kornungar söngkonur sem þekkja ekki upprunalegu útgáfurnar til þess að syngja. Útkoman er ein mest sexí plata sem þú finnur, hvar sem er." *BÖS*

**Birgir Örn Steinarsson**
**Freyr Bjarnason**






# Vinsælasta tónlistin á Íslandi

25% afsláttur
Helgartilboð



9. sæti*

1.499kr
Verð áður 1.999-

Á MÓTI SÓL - Hin 12 topplögin

**LAGALISTI**

1. Þú og ég
2. Þrisvar í viku
3. Lítill drengur
4. Skandinavíu Blues
5. Hjálpaðu mér upp
6. Fiskisaga
7. Við erum við
8. Afgan
9. Bíólagið
10. Fyrsti kossinn
11. 15 ára á föstu
12. Á þjóðhátíð ég fer

25% afsláttur
Helgartilboð




7. sæti*

1.499kr
Verð áður 1.999-

RAGGI BJARNA - Með hangandi hendi

**LAGALISTI**

1. Í fínu formi
2. Undarlegt með unga menn
3. Ó blessuð vertu sumarsól
4. Að byggja til þín brú
5. Til eru fræ
6. Þarna fer ástin mín
7. Tequila
8. Heyr mitt ljúfasta lag
9. Ég fer í frí
10. Hver vill sigla
11. Eiki bleiki
12. Með hangandi hendi
13. Megi dagur hver fegurð þér færa

1.999kr — Alm. verð 2.499- — 13. sæti*



ÝMSIR-Sumarpartý

1.999kr — Alm. verð 2.499- — 11. sæti*



HILDUR VALA

1.499kr — Alm. verð 2.399- — 8. sæti*



COLDPLAY-X & Y

1.999kr — Alm. verð 2.499- — 5. sæti*



SVONA ER SUMARIÐ 2005

1.999kr — Alm. verð 2.499- — 3. sæti*



EMILÍANA TORRINI-Fisherman´s woman

1.999kr — Alm. verð 2.499- — 1. sæti*



ÝMSIR-Pottþétt 38

1.499kr — Alm. verð 2.399- — 14. sæti*




SYSTEM OF A DOWN-Mesmerize

1.999kr — Alm. verð 2.499- — 12. sæti*




BUBBI-Í 6 skrefa fjarlægð frá paradís

1.999kr — Alm. verð 2.499- — 10. sæti*



BUBBI-Ást

1.999kr — Alm. verð 2.499- — 6. sæti*



PÉTUR KRISTJÁNSSON-Gamlar myndir

1.999kr — Alm. verð 2.499- — 4. sæti*



KK OG MAGGI EIRÍKS-Fleiri ferðalög

1.699kr — Alm. verð 2.499- — 2. sæti*



ACOUSTIC ICELAND

*Samkvæmt íslenska tónlistanum

Gildir til 11. ágúst eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255

# Sjötta plata Shaggy

Reggípopparinn Shaggy gefur út sína sjöttu hljóðversplötu, Clothes Drop, hinn 19. september. Á meðal þeirra sem starfa með honum á plötunni eru Olivia úr G-Unit, Rayvon, Brian Gold og Black Eyed Peas.


SHAGGY

Fyrsta smáskífulag plötunnar, Wild 2nite, kom út í síðasta mánuði þar sem Shaggy syngur dúett með fyrrnefndri Oliviu. Shaggy, sem heitir réttu nafni Orville Richard Burrell, hefur gefið út mörg vinsæl lög í gegnum tíðina, meðal annars It Wasn't Me, Boombastic, Oh Carolina og Angel.

# Mamma M.I.A.!

[ TÓNLIST ]

UMFJÖLLUN

Annað slagið rísa upp á yfirborðið plötur sem maður bara veit að eiga eftir að skipta einhverju máli. Frumraun Mathangi Arulpragasam, eða M.I.A. eins og hún kallar sig, er þannig plata.

Hún var tilnefnd til Mercury-verðlaunanna um daginn og ef hún vinnur á mér eftir að finnast eins og réttlætið geti annars slagið sigrað, að minnsta kosti þegar kemur að tónlist.

Foreldrar þessarar stúlku flúðu Srí Lanka og fengu pólitískt hæli í London þar sem pabbi hennar var djúpt sokkinn í sjálfstæðisbaráttu tamíla á eyjunni. Stúlkan dregur áhrif frá æskuárum sínum í Srí Lanka inn í tónlist sína, og berst líklegast fyrir sama markmiði og pabbi gamli. Það skiptir í rauninni engu máli hvort þið nennið að grafa dýpra í þennan uppreisnarboðskap stúlkunnar eða ekki. Sem tónlistarmaður er hún mögnuð, einstök með sína eigin rödd í flóru popplistar í dag.

M.I.A. nær að beisla anda London í dag. Höfuðborg Bretlands er hægt og rólega að stökkbreytast í fjölþjóðasamfélag og tónlist stúlkunnar er sándtrakkið. Bítin og elektróníkin eru beint af dansgólfum hörðustu klúbbanna þar en söngstíll hennar og áhrifavaldar eru greinilega frá öðrum menningarheimi en birtist á póstkortum frá London. Samt eru tónar hennar jafn viðeigandi og mynd af Big Ben, þegar kemur að því að gefa skýra mynd af því hvernig London er í dag. Þess vegna er þetta mikilvæg plata, og hún á eflaust eftir að leggja jarðveginn fyrir margra listamenn sem hingað til hafa kannski ekki fundið leið til þess að vera þeir sjálfir, bara vegna þess að foreldrar þeirra eru upprunalega frá öðru landi. Þessi plata hefur nægilega mikinn kraft til þess að rífa breska tónlistarmarkaðinn á hol.

Svo er líka bara svo ótrúlega gaman að dansa við þessa tónlist. Spilist hátt, helst á stöðum þar sem má dansa á borðunum. Án efa ein af plötum ársins.

Birgir Örn Steinarsson




M.I.A.:
ARULAR

NIÐURSTAÐA: Frumraun M.I.A. er með þeim magnaðri í áraraðir. Þessi plata er svo heit að hún á eftir að brenna harða diskinn ykkar. Ólíkt flestu sem þið hafið heyrt áður og algjör skyldueign.






EIN AF MÖRGUM

Í TÖLVULISTANUM ER MESTA ÚRVAL FERÐAVÉLA Á ÍSLANDI OG ER IBM THINKPAD R52 AÐEINS EIN AF MÖRGUM

IBM THINKPAD R52 FERÐAVÉL

R52 ferðavélin er aðeins 2,8Kg og kemur með 2ja ára ábyrgð. Hún er með 1.73GHz Pentium M Dothan örgjörva með 2MB flýtiminni, 512MB vinnsluminni, 40GB harðdisk, 24x skrifara sem les DVD diska, 15"XGA skjá, Intel GMA900 skjákorti, módemi, 10/100/1000 Gigabit netkorti, rafhlöðu sem endist í allt að 4 klukkutíma og Windows XP Pro stýrikerfi hvort sem er á íslensku eða ensku

EINSTAKT VERÐ AÐEINS 129.900

www.tolvulistinn.is

TÖLVULISTINN

Nóatúni 17 Reykjavík ☎ 562 6730 • Glerárgötu 36 Akureyri. ☎ 464 7400 • Hafnargötu 90 Keflavík. ☎ 534 7400

acer DELL Gateway hp invent IBM MSI SONY



ANDREAS ÖBERG Sænski djassgítarleikarinn heldur ferna tónleika hér á landi um helgina.

# Fernir tónleikar Öbergs

Sænski djassgítarleikarinn Andreas Öberg heldur ferna tónleika á landinu um helgina.

Þeir fyrstu verða í dag klukkan 21.30 á Café Rosenberg í Reykjavík en á morgun leikur Öberg í Ketilhúsinu á Akureyri klukkan 21.30.

Öberg leikur djass af öllu tagi. en sígaunadjass og djass í anda Django Reinhardt er í miklu uppáhaldi hjá honum.

Það er djasstríóið Hrafnaspark á Akureyri í samstafi við DjangoJazz Festival Akureyri, sem fær Andreas Öberg til landsins og leikur Hrafnaspark með honum á tónleikunum um helgina.

Síðustu tveir tónleikarnir verða á sunnudaginn í Edenborgarhúsinu á Ísafirði klukkan 21.00 og að lokum heldur Öberg tónleika á Café Rosenberg í Reykjavík klukkan 21.00 á mánudaginn. ■

# Kynning á sporunum tólf

Bandarísku fyrirlesararnir Joe M. og Charlie P. munu kynna AA-bókina, sem er grundvallarrit AA-samtakanna (Alcoholics Anonymous), á ráðstefnu sem haldin verður í Borgarholtsskóla um helgina.



AA-BÓKIN Hefur vísað ótal alkóhólistum og fíklum veginn til betra lífs.

Joe og Charlie eru þekktir fyrirlesarar og hafa á síðustu 22 árum farið víða um heiminn og útlistað á léttan og skemmtilegan hátt bæði sögu AA-samtakanna og framkvæmdaáætlunina í AA-bókinni. Joe og Charlie eru ekki talsmenn AA-samtakanna og þiggja ekki laun fyrir fyrirlestra sína.

Þeir fara markvisst í gegnum leiðbeiningar AA-bókarinnar um hvernig vinna beri reynslusporin tólf. Þessi ráðstefna er sögð sérstaklega áhugaverð fyrir félaga hinna ýmsu sjálfshjálparhópa sem byggja á tólf spora hugmyndafræði AA-samtakanna, til dæmis Al-Anon, GA, OA, FBA og fleiri.

Ráðstefnan er opin öllum og er aðgangur ókeypis. Borgarholtsskóli verður opnaður ráðstefnugestum í kvöld klukkan 18.30 og mun dagskráin standa frá 19.30 til 22. Á laugardeginum er dagskráin frá 9-17.30 með tilheyrandi hléum og á sunnudeginum frá 9 til 13.

Nánari upplýsingar er að finna á http://this.is/joeandcharlie/

## REISUBÓKARBROT

**FREYR GÍGJA** BLAÐAMAÐUR ER Á LEIÐ Á RÁÐSTEFNU UM RÉTTINDABARÁTTU UNGS SAMKYNHNEIGÐS FÓLKS Í EVRÓPU.

# *Fallegasta fjallaleiðin*

Ég og hinn slóvakíski Michael sátum tveir einir á fyrsta farrými á leiðinni til Davos. Hann er rithöfundur og á víst að vera þekktur í sínu heimalandi. Hann er mikill aðdáandi GusGus. Ég hélt að hann væri samkynhneigður en svo var víst ekki. „Það sem ég geri í mínu svefnherbergi kemur engum við," sagði hann þegar ég baðst afsökunar á þessum misskilningi. „Allt í góðu, þú ert ekki sá fyrsti." Hann er að skrifa bók um náunga sem er internetklámfíkill og ferðast um Evrópu til þess að losna frá því.

Ferðin frá Schaan til Davos er með þeim fallegri sem ég hef farið. Hægt og bítandi förum við upp í fimmtán hundruð metra hæð. Davos er staðurinn þar sem ríka fólkið fer á skíði, hér hittast stjórnmálamenn og G8-þjóðirnar voru víst með fund hérna líka. Þegar ég sté af lestinni mætti mér svo ferskt fjallaloft að ekki einu sinni bílarnir gátu eyðilagt það.

Gærkvöldið var ansi skrautlegt. Ráðstefnugestirnir höfðu víst haldið vöku fyrir fólkinu á gistiheimilinu í nokkuð langan tíma og eigandinn hafði fengið nóg. Það yrði ekkert áfengi selt um kvöldið. Ráðstefnugestirnir létu það



þó ekki á sig fá heldur gengu í hálftíma til höfuðborgarinnar Vaduz. Ég hitti þá á litlum bar og ræddi við hollenska lesbíu um stelpu sem var að vinna á barnum. Við komumst að því að sú ágæta stelpa væri ekki okkar týpa. „Hún er ekki með rass," sagði hún og ég kinkaði kolli henni til samþykkis.

Rómantíkin blómstraði í hverju horni en ekkert bólaði á símtali frá austurrísku stelpunni. Kannski myndi eitthvað gerast í alpaþorpinu Davos, sem var eins og klippt út úr James Bond-mynd.

# Uppselt í stúku

Uppselt er í stúku á tónleika söngvarans Joe Cocker í Laugardalshöll hinn 1. september. Cocker hefur verið einn vinsælasti söngvari heims síðan hann sló í gegn á Woodstock árið 1969 og á ófáa sígilda slagara.

Cocker er í tónleikaferð til að fylgja eftir nýjustu plötu sinni, Heart & Soul, þar sem hann flytur hin ýmsu lög á sinni einstæða hátt. Á meðal laga á plötunni eru One eftir U2, Everybody Hurts eftir R.E.M. og Jealous Guy eftir John Lennon.

Miðasalan á tónleikana fer fram í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri og Selfossi, Pennanum Akranesi og á www.concert.is. Miðaverð er 5.500 krónur. ■



**JOE COCKER** Tónleikar kappans í Laugardalshöll verða fyrsta september.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nú stendur til að gera heimildarmynd um hina gríðarlega vinsælu þætti Vini. Allir „vinirnir" munu taka þátt í gerð myndarinnar nema **Jennifer Aniston**, sem hætti við á síðustu stundu. Ástæða þess liggur ekki fyrir en tvær skýringar þykja líklegastar, annars vegar sú að hún sé enn miður sín eftir skilnaðinn við **Brad Pitt** og hins vegar að hún vilji hrista af sér ímynd Vina-karaktersins **Rachel Green** fyrir fullt og allt.



**Kate Hudson** er ekki að stressa sig of mikið á lífinu. Hún sagði nýlega í viðtali að þó hún vildi auðvitað frekar að eiginmaður hennar, **Chris Robinson**, yrði henni trúr þá skildi hún vel að krafa um einkvæni væri ekki alltaf raunhæf. „Ef, af einhverjum ástæðum, honum finnst hann þurfa eitthvað annað, þá vil ég einfaldlega ekki vita af því," sagði hún. „Láttu mig bara ekki góma þig."



**Michael Jackson** og fyrrverandi eiginkona hans **Debbie Rowe** eru við það að ná samkomulagi um skiptingu forræðis yfir börnum sínum. Árið 2001 skrifaði Rowe undir samning þar sem hún afsalaði forræði sínu algjörlega en þremur árum síðar snerist henni hugur og dómari ógilti samninginn. Undanfarið ár hafa Michael og Debbie því reynt að komast að niðurstöðu sem bæði gætu sætt sig við og lausnin er nú loksins í sjónmáli. Debbie stóð sem klettur við hlið Michaels í réttarhöldunum yfir honum fyrr á þessu ári og nokkuð hlýtt er milli hjónanna fyrrverandi. „Lausn málsins mun vera fullnægjandi fyrir báða aðila," sagði **Michael Abrams**, lögfræðingur Jacksons.



**Lisa Kudrow** hefur nú snúið sér aftur að sjónvarpinu og leikur aðalhlutverkið í grínþættinum *The Comeback*. Þar bregður hún sér í hlutverk leikkonunnar Valerie Cherish, sem er fölnandi sjónvarpsstjarna að reyna að endurlífga feril sinn. Gárungar vestra hafa haft á orði að hún þurfi nú ekki að leita langt yfir skammt að innblæstri þar sem hún sjálf sé fölnandi sjónvarpsstjarna, en hún þykir engu að síður standa sig feiknavel í hlutverkinu.



**Britney Spears** vill skíra ófætt barn sitt **Charlie** eftir aðalpersónu bókarinnar **Charlie and the Chocolate Factory**. Nýverið var gerð kvikmynd eftir sögunni þar sem **Johnny Depp** leikur aðalhlutverkið en Britney var ein af þeim stjörnum sem boðið var á frumsýninguna. „Þetta væri frábært nafn fyrir stelpu eða strák og ég vil fá mér húðflúr með nafninu til að fanga augnablikið að eilífu," sagði poppskvísan. **Kevin Federline**, eiginmaður Britneyjar, er ekki jafn spenntur fyrir nafninu og vill heldur að barnið heiti **Kevin** verði það drengur.

















**ROB SCHNEIDER** Stillir sér upp við hlið föngulegra kvenna í nýjustu mynd sinni, Deuce Bigalow: European Gigolo.

# Fengur að fá Schneider í heimsókn

Bandaríski gamanleikarinn Rob Schneider kemur til landsins þriðjudaginn 23. ágúst í tilefni af frumsýningu kvikmyndarinnar Deuce Bigalow: European Gigolo 9. september. Myndin er framhald Deuce Bigalow: Male Gigolo sem naut mikilla vinsælda fyrir sex árum.

Rob Schneider er rísandi stjarna í heimalandi sínu. Hann hóf feril sinn sem uppistandari en gekk síðan til liðs við Saturday Night Live þar sem hann var leikari og handritshöfundur. Síðan þá hefur hann leikið í gamanmyndum á borð við The Animal og The Hot Chick auk Bigalow-myndanna. Einnig hefur hann komið fram í smærri hlutverkum í myndum vinar síns Adam Sandler og hefur Sandler líka sést í myndum Schneiders.

Þetta er í fyrsta sinn sem svo vinsæll leikari heimsækir land og þjóð markvisst til að kynna nýja kvikmynd og er Rob mjög spenntur fyrir því að koma til Íslands.

„Þetta á sér langan aðdraganda. Þetta byrjaði hjá Jamie Kennedy, sem kom hingað um síðustu áramót. Þessir gamanmyndaleikarar eru allt sami vinahópurinn og Jamie upplifði Ísland beint í æð og sagði vinum sínum frá því,“ segir Jón Gunnar Geirdal hjá Senu. „Síðan hittum við aðila frá Sony og Schneider á Cinema Expó og þá barst Ísland í tal. Hann sýndi áhuga á að koma og þar byrjaði þetta fyrir alvöru. Hann mun flakka mikið til að kynna myndina, meðal annars til Rússlands og Þýskalands og fer til Mexíkó eftir að hann kemur hingað.“

Schneider dvelur hér á landi frá þriðjudegi fram á laugardagsmorgun. Hann verður viðstaddur sérstaka boðssýningu í Smárabíói á Deuce Bigalow: European Gigolo 25. ágúst og fer í eftirpartí með aðdáendum sínum að sýningu lokinni. Einnig ætlar hann að gefa sér góðan tíma til að upplifa land og þjóð og skoða helstu ferðamannastaði.

Að sögn Jóns Gunnars er mikill fengur í að fá svo þekktan gamanleikara til landsins. „Við höfum reynt ítrekað í gegnum árin að fá stjörnur hingað til að kynna myndirnar sínar. Þótt Schneider sé ekki stærsti gamanleikari í heimi er hann mjög vinsæll hérna heima og koma hans opnar pottþétt dyrnar fyrir aðrar stjörnur hingað til lands.“

Deuce Bigalow: European Gigolo verður frumsýnd á Íslandi föstudaginn 9. september í Smárabíói, Regnboganum, Laugarásbíói og Borgarbíói Akureyri. ■




## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Oprah Winfrey** ætlar að halda upp á tveggja áratuga starfsafmæli sitt sem þáttastjórnanda með því að gefa út DVD-safndiska með efni úr þáttunum. Diskarnir, sem verða allmargir saman í veglegum kassa, koma út í nóvember og meðal efnis á þeim verða bestu atriði þátta hennar, upptökur fyrir aftan tjöldin og viðtöl. Eins og Opruh einni er lagið mun allur ágóði af sölu diskanna renna til Englasamtakanna, sem eru góðgerðarsamtök sem hún rekur.



Eins og flestir vita er *Alias*-stjarnan **Jennifer Garner** ófrísk. Hún lætur það ekki stöðva sig á leiklistarbrautinni og meðgangan verður því skrifuð inn í hlutverk hennar í þáttunum. Næsta þáttaröð Alias hefur göngu sína 29. september í Bandaríkjunum en Garner á að eiga um jólin. Í væntanlegum þáttum mun persóna Garner, Sydney, vera lærimeistari ungs njósnara.



**Nicolas Cage** er orðinn ískyggilega horaður þessa dagana og opinber skýring þess er að hann sé að búa sig undir hlutverk. Vinur leikarans vill þó meina að meira búi undir og að megrunin hafi byrjað þegar Cage sá slæma mynd af sér í tímariti. „Honum fannst hann vera svo feitur og karlalegur að ekki væri annað hægt en að snúa við blaðinu," sagði vinurinn. Cage hefur sagt frá því að hann borði eingöngu rúsínur í morgunmat og hádegismat, en splæsi í sellerí og gulrætur á kvöldin.










## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I'm glad you're back. Now I don't have to stab you.“**

**Svar:** Turley úr kvikmyndinni The Longest Yard árið 2005.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR LUMAR Á GÓÐRI OG RÓMANTÍSKRI HUGMYND

# Vantar fútt í Wife Swap

Ég þarf ekki annað en að horfa á dagskrárliðinn Extreme Makeover – Home Edition í sjónvarpsdagskránni og þá byrja ég að skæla. Svo skæli ég alveg þangað til þátturinn byrjar og held áfram að skæla þangað til þátturinn er búinn...á Stöð 2 plús. Mikið rétt. Ég horfi stundum á þáttinn aftur á Stöð 2 plús klukkutíma seinna. Þannig að ef ég var ekki búin að fá nóg af því að skæla þá skæli ég stundum í nokkra tíma eftir að þátturinn er búinn – bara við tilhugsunina um hvað hann var fallegur.

Þessi þáttur hefur ótrúleg áhrif á mig. Eftir síðasta þátt var ég komin með maskara niður á kinnar en mér var alveg sama. Fólkið í þættinum var hamingjusamt. Það er fyrir öllu.

Talandi um raunveruleikaþætti þá finnst mér vanta allt fútt í Wife Swap – þó það hafi svo sannarlega verið reynt að skapa alvöru átök. Í hverjum einasta þætti eru tvær gjörsamlega andstæðar fjölskyldur valdar sem þáttargerðarmenn eru búnir að fullvissa sig um að geti ekki verið sammála um neitt. Nákvæmlega ekki neitt! Það bara virkar ekki eins og skyldi.

Ég er með hugmynd fyrir framleiðendur þáttanna sem myndu svo sannarlega ná mér á þeirra band. Smá rómantík. Hvað ef konan sem skipti um heimili yrði ástfangin af nýja manninum og tilfinningar hans væru gagnkvæmar? Þá erum við að tala um alvöru formúlu sem hefur allt – hefnd, ást, svik, pretti, tár, blóð, svita og nokkur reiðiköst hér og þar. Ég get rétt ímyndað mér hvernig endurfundir fjölskyldnanna væru. Tær snilld! Ég myndi örugglega kreista fram nokkur tár.



**TY PENNINGTON** Leiðir hönnunarteymið í Extreme Makeover – Home Edition og lítur út eins og teiknimyndastjarna. Snillingur!



▶ **20.10** *Bíó*

Les vacances de M. Hulot



▶ **20.30** *Söngur*

Það var lagið



▶ **22.00** *Spjall*

Kvöld- þátturinn



▶ **22.00** *Drama*

Tremors



▶ **23.00** *Íþróttir*

K-1

### SJÓNVARPIÐ

**16.50** HM íslenska hestsins (2:4) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Bitti nú! (18:26)

**18.30 Ungar ofurhetjur (12:26)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
▶ **20.10 Herra Hulot fer í frí** (Les vacances de M. Hulot) Frönsk gamanmynd frá 1953. Herra Hulot bregður sér í frí niður að sjó og gerir allt vitlaust. Leikstjóri er Jacques Tati og hann leikur jafnframt aðalhlutverkið.
**21.35 Byrgið** (The Bunker) Sjö þýskir hermenn eru lokaðir inni í loftvarnabyrgi í síðari heimsstyrjöld. Þegar þeir frétta af gangakerfi undir byrginu og dularfullum atburðum sem þar eiga að hafa gerst missa þeir smám saman vitið. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

**23.05** HM íslenska hestsins (3:4) **23.20** Mikael **1.00** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers **13.25** 60 Minutes II 2004 **14.10** The Guardian **14.55** LAX (1:13) **15.40** Bernie Mac 2 (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons**
**20.00 Joey (24:24)**
▶ **20.30 Það var lagið**
**21.30 Idol - Stjörnuleit 2** (Brot af því besta)
**22.25 Reversible Errors (2:2)** (Reversible Errors) Blökkumaður bíður aftöku fyrir þrjú hrottaleg morð. Fáeinum vikum áður en á að taka hann af lífi koma fram ný sönnunargögn, m.a. játning annars manns. Aðalhlutverk: Tom Selleck, William H. Macy, Monica Potter. Leikstjóri: Mike Robe. 2004.

**23.50** Osbournes **0.15** Star Trek: Nemesis **2.10** New Port South **3.45** U.S. Seals (Stranglega bönnuð börnum) **5.15** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.30 The Newlyweds (7:30)** (Newlyweds Decorate) Í þessum þáttum er fylgst með poppsöngkonunni Jessicu Simpson og eiginmanni hennar Nick Lachey.
**19.55 Íslenski listinn** Jónsi í Svörtum Fötum fer með okkur í gegnum vinsælustu lög vikunnar.
**20.00 Seinfeld 3**
**20.30 Friends 2 (6:24)**
▶ **22.00 Kvöldþátturinn** (brot af því besta) Brot af því besta úr Kvöldþáttum vikunnar.
**22.45 David Letterman** Það er bara einn David Letterman. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

**23.30** Kvöldþátturinn **1.30** Seinfeld 3

### SKJÁREINN

**18.00** Cheers

**18.30 Worst Case Scenario (e)**
**19.15 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 Still Standing (e)**
**20.00 Ripley's Believe it or not!**
**20.50 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**21.00 Wildboyz** Í þáttunum heimsækja Steve O og Chris Pontius ólík lönd og einbeita sér að því að öðlast þekkingu á þeim ólíku dýrategundum sem byggja hvert land.
**21.30 MTV Cribs**
▶ **22.00 Tremors** Hjá íbúum Dýrðardals (Perfection Valley) Nevada gengur lífið sinn vanagang flesta daga.
**22.45 Everybody loves Raymond (e)**

**23.15** The Swan (e) **0.00** Dead Like Me (e) **0.45** Tvöfaldur Jay Leno (e) **2.15** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**18.30 Enski boltinn** (Samfélagsskjöldurinn 2005) Ítarleg umfjöllun um viðureign Chelsea og Arsenal en félögin leika um Samfélagsskjöldinn í beinni á Sýn sunnudaginn 7. ágúst. Þetta eru tvö af bestu liðum Englands og verða örugglega í baráttunni um meistaratitilinn á komandileiktíð.
**19.00 Gillette-sportpakkinn**
**19.30 Mótorsport 2005**
**20.30 World Supercross** (Qualcomm Stadium) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Hér eru vélhjólakappará öflugum tryllitækjum (250 rsm) í aðalhlutverkum. Keppt er víðs vegar um Bandaríkin og tvisvar á keppnistímabilinu bregða vélhjólakapparnir sér tilE vrópu. Supercross er íþróttagrein sem nýtur sívaxandi vinsælda enda sýna menn svakaleg tilþrif.
**21.30 World Poker Tour 2**

▶ **23.00** K-1

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Big Fat Liar **8.00** Three Men and a Little Lady **10.00** Robin Hood Men in Tights **12.00** Loch Ness **14.00** Big Fat Liar **16.00** Three Men and a Little Lady **18.00** Robin Hood Men in Tights **20.00** Loch Ness **22.00** Rollerball **0.00** Shaolin Soccer **2.00** The Right Temptation **4.00** Rollerball

### OMEGA

**8.00** Barnaefni **8.30** Superbook - barnaefni **9.00** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** Benny Hinn **11.00** T.D. Jakes **11.30** Midnight Cry **12.00** Kvöldljós **13.00** Peter Popoff Ministries **13.30** Ron Phillips **14.00** Maríusystur **14.30** Blandað efni **16.00** The Way of the Master **16.30** Flying House - barnaefni **17.00** Superbook - barnaefni **17.30** LifeLine **18.30** From the River **19.00** CBN fréttastofan ñ 700 Club **20.00** Samverustund (e) **21.00** Dr. David Cho **21.30** Freddie Filmore **22.00** Joyce Meyer **22.30** Benny Hinn **23.00** T.D. Jakes **23.30** Global Answers **0.00** The Way of the Master

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Life is Great with Brooke Burke **13.00** E! Entertainment Specials **14.00** Style Star **14.30** Extreme Close-Up **15.00** The Entertainer **16.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **17.00** Dr. 90210 **18.00** E! News **18.30** Life is Great with Brooke Burke **19.00** E! Entertainment Specials **20.00** High Price of Fame **21.00** Style Star **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** E! News **23.30** Life is Great with Brooke Burke **0.00** Wild On **1.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups

### AKSJÓN

**7.15** Korter

### POPP TÍVÍ

Tónlist allan daginn - alla daga




# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## Idol - Stjörnuleit 2 — Stöð 2 **kl. 21.30**

***Þriðja Idol-stjarnan verður krýnd í Smáralind 7. apríl á næsta ári.***

### *Brot af því besta*

Þriðja Stjörnuleitin hefst senn á Stöð 2 en fyrsta áheyrnarprófið verður haldið í lok mánaðarins.

Í þætti kvöldsins eru rifjuð upp skemmtileg atvik frá keppninni í fyrra, sem þótti takast einstaklega vel. Þá bar Hildur Vala Einarsdóttir sigur úr býtum en ljóst er að marga dreymir um að feta í fótspor hennar og slá í gegn hjá íslensku þjóðinni. Hildur Vala var ekki sú eina sem sló í gegn og fönguðu margir hinir keppendurnir, eins og Davíð Smári og Heiða, einnig hjörtu þjóðarinnar, sem sat límd við kassann hvert föstudagskvöld.



Hildur Vala.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið – Umsjón: Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Sigurði G.

**12.15** Hádegisútvarpið - Fréttatengt efni. **13.01** Hrafnaþing **14.03** Birta – Umsjón: Ritstjórn Birtu. **15.03** Allt og sumt **17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

**19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Ragnheiði e. **21.00** Á kassanum e. **21.30** Hádegisútvarpið e. **22.00** Morgunstund með Sigurði G. e.

**00.00** Hrafnaþing e. **01.00** Birta e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Árla dags **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Frakkneskir fiskimenn á Íslandi **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikrit : Mærin í snjónum **13.15** Sumarstef **14.03** Útvarpssagan: Einbjörn Hansson **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Lifandi blús **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Plötuskápurinn **19.40** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Hljómsveit Reykjavíkur **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Ungmennafélagið með Karli og Ásgeiri **22.10** Næturvaktin

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm /** Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík /** Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

### EUROSPORT

**12.00** Beach Volley: World Tour Austria **13.00** Cycling: UCI Protour Eneco Tour **14.30** Beach Volley: World Tour Austria **17.00** Tennis: WTA Tournament San Diego **20.00** Sumo: Natsu Basho Japan **21.00** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **21.30** Rally: World Championship Finland **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Adventure: Escape **22.45** Freestyle Motocross: US Tour Denver **23.15** News: Eurosportnews Report

### BBC PRIME

**12.00** Miss Marple **12.55** Teletubbies **13.20** Tweenies **13.40** Fimbles **14.00** Balamory **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Bill and Ben **14.35** Blue Peter Flies the World **15.00** Antiques Roadshow **15.30** Holiday Swaps **16.00** Animal Park **17.00** Rick Stein's Food Heroes **17.30** Mersey Beat **18.30** Mastermind **19.30** 3 Non-Blondes **20.00** I'm Alan Partridge **20.30** Top of the Pops **21.10** How to Be a Prince **22.10** Cutting It **23.00** A History of Britain **0.00** British Isles: A Natural History **1.00** Greek Language and People **1.30** Discovering Portuguese

### NATIONAL GEOGRAPHIC

**12.00** Cliffhangers **19.00** Paranormal? **20.00** Miss Artificial Beauty **21.00** The Swenkas **22.30** Tokyo Shock Boys **23.30** Miss Artificial Beauty **0.30** Body Snatchers of Bangkok

### ANIMAL PLANET

**12.00** Killing for a Living **13.00** Pet Star **14.00** Animal Precinct **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Monkey Business **17.30** Animals A-Z **18.00** Miami Animal Police **19.00** The Great Croc Trail **20.00** Crocodile Hunter **21.00** Venom ER **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** The Great Croc Trail **1.00** Miami Animal Police

### DISCOVERY

**12.00** Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Fishing on the Edge **13.00** Extreme Engineering **14.00** Extreme Machines **15.00** Junkyard Mega-Wars **16.00** Extreme Machines **17.00** Thunder Races **18.00** Mythbusters **19.00** Dangerman **20.00** Code of Silence **21.00** Jaws of the Pacific **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Machine Gun

### MTV

**12.00** MTV Live **13.00** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Dance Floor Chart **18.00** Punk'd **18.30** Viva La Bam **19.00** Wild Boyz **19.30** The Osbournes **20.00** Wonder Showzen Night **23.00** Just See MTV

### VH1

**15.30** So 80s **16.00** VH1's video jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** MTV at the Movies **19.00** Ultimate Albums **20.00** Green Day Storytellers **21.00** Friday Rock Videos **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** Ultimate Albums **1.30** VH1 Hits

### CLUB

**12.10** Retail Therapy **12.35** The Stylists **13.00** Staying in Style **13.30** Hollywood One on One **14.00** Fashion House **14.25** Cheaters **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Other People's Houses **17.40** Fantasy Open House **18.05** Come! See! Buy! **18.30** Hollywood One on One **19.00** Matchmaker **19.25** Cheaters **20.15** Sextacy **21.10** My Messy Bedroom **21.35** Sex and the Settee **22.00** Sextacy **23.00** Single Girls **0.00** Vegging Out **0.25** Loyd on Location **0.55** Use Your Loaf **1.20** Power Food

### CARTOON NETWORK

**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Viva Las Bravo **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

### JETIX

**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Spider-Man **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

### MGM

**13.00** Dempsey **15.20** White Lightning **17.00** Convict Cowboy **18.40** Hillside Stranglers, the **20.20** Kidnapped **22.00** Troll 2 **23.35** Meatballs 4 **1.05** From Noon Till Three **2.45** Mission of the Shark

### TCM

**19.00** Welcome to Hard Times **20.40** Jezebel **22.25** Savage Messiah **0.05** Edward My Son **1.55** The Journey

### HALLMARK

**12.45** And Never Let Her Go **14.15** Nairobi Affair **16.00** Touched by an Angel IV **16.45** Nowhere to Land **18.15** The Runaway **20.00** Law & Order Viii **21.00** Blind Faith **23.00** Best of Friends **0.00** Law & Order Viii **1.00** Blind Faith **3.00** Best of Friends

### BBC FOOD

**12.00** Tyler's Ultimate **12.30** Nigel Slater's Real Food **13.00** Big Kevin Little Kevin **13.30** Paradise Kitchen **14.00** Conrad's Kitchen: Access All Areas **14.30** Kitchen Takeover **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Food Source **16.30** Gondola On the Murray **17.00** Jancis Robinson's Wine Course **17.30** The Tanner Brothers **18.30** Diet Trials **19.00** Kitchen Takeover **19.30** Far Flung Floyd **20.00** Tyler's Ultimate **20.30** Rick Stein's Food Heroes **21.30** Saturday Kitchen

### DR1

**12.20** Gr¢n glæde **12.50** Herlufsholm **13.20** Sporl¢s **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Shin Chan **14.10** Ozzy & Drix **14.30** SommerSummarum **15.30** Scooby Doo **16.00** Fredagsbio **16.10** Den lille r¢de traktor **16.20** Pingu **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Endelig fredag **19.00** TV Avisen **19.25** SommerVejr **19.30** Post Danmark Rundt **19.50** Sea of Love **21.40** Ved f¢rste blik

### SV1

**12.30** Golf: Scandinavian TPC **13.00** Sommardebatt **14.00** Rapport **14.05** Fader Ted **14.30** Solens mat **15.00** I solkungens hovspår **15.30** En gladare höna **16.00** Kammarmusikfestival med Truls M¢rk **16.30** Richard Scarrys äventyrsvärld **16.55** Gula giraffens djurhistorier **17.00** Om jag hade fötts i ett annat land **17.30** Rapport **18.00** Hälsoresan **19.45** Svensson, Svensson **20.10** Foyle's War **21.50** Rapport **22.00** Allsång på Skansen **23.00** Alla helgons blodiga natt **0.30** Sändning från SVT24






## HRÓSIÐ

*... fá Róbert Douglas og aðrir aðstandendur kvikmyndarinnar Strákarnir okkar fyrir að fá hana inn á kvikmyndahátíðina í Toronto í Kanada.*

## REYKJAVÍKURNÆTUR

**HARPA PÉTURSDÓTTIR** HEFUR SAMÚÐ MEÐ ÞEIM HÚMORSLAUSU.

# *Lán í óláni*

Einhvern veginn upplifir maður öll sín verstu augnablik þegar það má alls ekki gerast. Að því er virðist er eitthvert æðra máttarvald sem ákveður það fyrir okkur. Svo eru örugglega einhver efni í líkamanum sem koma fram um leið og stress sem hjálpar til við að setja mann í þessar ömurlegu aðstæður.

Mér svelgist til dæmis aldrei á nema þegar ég er á mikilvægum fundi, í leikhúsi eða á deiti. Þá byrjar það þannig að mér tekst ekki að kyngja munnvatninu rétt og ég fæ svakalegt hóstakast. Hóstakastið verður að einhverju sem líkist því þegar maður er að kafna, ég svitna og verð eldrauð í framan. Þá er alveg á tæru að allir þeir sem eru staddir í 3ja kílómetra radíus eru búnir að taka eftir panikkinu og farnir að glápa. Þá verð ég vandræðaleg og roðna enn meira. Því næst spyr mig einhver hvort það sé í lagi með mig um leið og mér er klappað á bakið. Klappið er hins vegar meira eins og rýtingur í bakið því eftir svona kast er röddin í mér gersamlega lömuð og ég þarf að vandræðast við að segja „já“ svo allir heyri. Þegar þessi ömurlegu atvik mín hafa komið fyrir á deiti hafa þau þó aldrei haft neinar alvarlegri afleiðingar en brjálæðisleg hláturskö̈st hjá okkur báðum.

Ein kunningjakona mín fór öllu verr út úr svona atviki. Hún var loksins búin að fara á stefnumót með gæjanum sem hana var búið að dreyma um í lengri tíma. Stefnumótið fór svakalega vel og þau ákváðu að fara saman í sund daginn eftir. Staðráðin í því að heilla manninn þegar hún labbaði eftir bakkanum á leiðinni ofan í keypti hún sér svakalega pæjulegan sundbol. Hún er rosalega mikill kroppur og passaði sig að hann sæi sig vel á sundbolnum. Einhverra hluta vegna virtist hann henni afhuga og þau stoppuðu stutt í lauginni. Hann hringdi aldrei aftur!

Nokkrum vikum seinna fór hún í sund með vinkonu sinni. Rétt áður en þær fóru út í laug fékk vinkonan móðursýkislegt hláturskast og benti á rassinn á henni því orðin stóðu á sér af hlátri. Þá var risastór saumspretta á rassinum á sundbolnum og það glampaði í beran bossann!



Nú skildi hún af hverju maðurinn hafði aldrei hringt aftur og íhugaði að fara í mál við íþróttavörubúðina sem seldi henni bolinn. Hún komst þó að þeirri niðurstöðu að hún hefði frekar átt að senda þeim blóm fyrir að sýna sér fram á hversu grunnhygginn maðurinn væri. Sannkallað lán í óláni því það er nauðsynlegt að geta hlegið að vitleysunni í hvort öðru. Sumir hafa einfaldlega ekki húmor, aumingja þeir!

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | 5 |
| 6 | | | ■ | 7 | |
| 8 | ■ | 9 | | | |
| | ■ | 10 | | | ■ |
| ■ | 11 | ■ | 12 | | 13 |
| 14 | | | ■ | 15 | |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | | | ■ | |

**Lálárétt**: **1** lagleg, **6** tæki, **7** stórfljót, **8** kveinstafir, **9** herma eftir, **10** reið, **12** skordýr, **14** óveður, **15** átt, **16** keyrði, **17** félaga, **18** sýniglugga.

**Lóðrétt**: **1** megn, **2** askur, **3** leikar, **4** kunngjöri, **5** kyrra, **9** herðandi forskeyti, **11** hársveip, **13** jarðveg, **14** blóm, **17** hætta.

**Lausn.**

**Lárétt**: **1** snotur, **6** tól, **7** pó, **8** æi, **9** apa, **10** íll, **12** lýs, **14** rok, **15** sa, **16** ók, **17** vin, **18** skjá.
**Lóðrétt**: **1** stæk, **2** nói, **3** ol, **4** upplýsi, **5** róa, **9** all, **11** lokk, **13** sand, **14** rós, **17** vá.


birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »





JOE BOXER®
SKÓLAVÖRÐUSTIG 2






**TINO THE TANGO LOVER** Halla Frímannsdóttir brá sér í gervi spænska daðrarans í Dragkeppni Íslands á miðvikudagskvöld. Hún heillaði viðstadda upp úr skónum og vann að sjálfsögðu keppnina.

HALLA FRÍMANNSDÓTTIR: DANSAÐI TIL SIGURS Í DRAGKEPPNI ÍSLANDS 2005

# Latínódaðrari af guðs náð

„Mér fannst yndislegt að vakna í morgun og vera kóngur Íslands,“ segir hinn nýkrýndi dragkóngur Íslands ársins 2005, Halla Frímannsdóttir. Hún vann hug og hjörtu viðstaddra á Gauki á Stöng á miðvikudagskvöld þegar Dragkeppni Íslands fór þar fram. Halla kom fram í gervinu Tino the latino lover, daðrara af guðs náð, sem talaði ensku með spænskum hreim og dansaði tangó yfir sviðið.

„Ég átti ekki von á þessu en ég keppti þó að sjálfsögðu til sigurs. Ég var búin að undirbúa mig í tvær vikur og inni í því var ströng fimm daga tangókennsla.“ Aðspurð hvers vegna hún hefði valið persónu spænska daðrarans segir hún: „Þetta er spurning um persónusköpun. Drottningarnar eru svo oft tíkarlegar og orðhvassar og ég vildi frekar vera daðrari dauðans. Mér finnst latínógæjar vera sérstaklega góðir í því. Tino talar ensku með spænskum hreim og það vill svo skemmtilega til að það býr maður hjá mér í mánuð sem er frá Ítalíu. Við tölum saman á ensku og ég náði þessum hreim snögglega.“

Halla hafði áður farið á leiklistarnámskeið hjá Maríu Pálsdóttur og lærði ýmislegt gagnlegt þar. „Ég lærði þar að vera kóngur í einn dag, búa til gervið og sjá hvað það er sem menn gera öðruvísi en við. Þeir hafa til dæmis öðruvísi augnaráð, standa öðruvísi, eru með minni mýkt í líkamanum og gera bara einn hlut í einu en ekki marga eins og konur,“ segir hún og skellir upp úr. „Úps, þetta var hart skot á karlkynið.“

Aðspurð hvort titillinn sé henni mikilvægur segir Halla að hann sé ekki beinlínis mikilvægur fyrir hana sjálfa. „Frekar finnst mér það skipta miklu máli fyrir dragkeppnir almennt að það sé búið að brjóta blað í sögunni hér á Íslandi og stelpur fái loksins að taka þátt. Það er æðislegt og ég vona að þetta sé hvatning til fleiri stelpna að skrá sig. Það skiptir ekki máli hvort þú ert sam-, tví- eða gagnkynhneigður því þetta snýst um persónusköpun, er leikur og ákveðin tegund af leikhúsi. Ég fékk að minnsta kosti mjög mikið kikk út úr þessu,“ segir Halla, sem vinnur dags daglega sem ráðgjafi hjá Hinu húsinu. Hún verður að sjálfsögðu mjög sýnileg á Gay Pride hátíðinni sem nú stendur yfir og sérstaklega í skrúðgöngunni á laugardaginn.

**hilda@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það hefur að vonum vakið athygli að samkvæmt nýrri Gallup-könnun telja 37% Reykvíkinga **Gísla Martein Baldursson** líklegastan til að leiða lista sjálfstæðismanna til sigurs í næstu borgarstjórnarkosningum. Gísli Marteinn hefur svarið könnunina af sér þótt hún virðist runnin undan rifjum stuðningsmanna hans en talsmaður aðstandenda könnunarinnar, **Einar Örn Ólafsson**, er nágranni Gísla Marteins á Melhaganum. Þeir sem könnunin var gerð fyrir hafa upplýst hvernig fylgi borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins skiptist eftir aldri og kyni aðspurðra. Þeir sem lentu í úrtaki Gallup voru þó ekki aðeins spurðir um viðhorf sín til borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins heldur einnig hvernig þeir hygðust verja atkvæði sínu í næstu borgarstjórnarkosningum. Það vekur því óneitanlega forvitni að aðstandendur könnunnarinnar hafa ekki gefið neitt uppi um það hvernig fylgið skiptist á milli frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins eftir því hvernig hinir spurðu hugðust kjósa í næstu kosningum og því er ekki úr vegi að ætla að sú niðurstaða sé aðstandendum könnunnarinnar ekki að skapi og hún því látin liggja milli hluta. Þar til annað kemur í ljós má því ætla að sá maður sem næstflestir borgarbúar telji að geti sigrað R-listann, **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson**, eigi jafnvel frekar upp á pallborðið hjá kjósendum Sjálfstæðisflokksins en Gísli Marteinn.





Indverska söngprinsessan **Leoncie** hefur lengi haft í hyggju að yfirgefa Ísland en nú segist hún vera byrjuð að pakka niður. Hún segist vera búin að fá sig fullsadda af spilltu kerfinu á Íslandi og ráðherrum sem þekki ekki muninn á réttu og röngu. Leoncie hefur margsinnis kvartað undan ofsóknum og kynþáttafordómum samborgara sinna á Íslandi og segist hafa vakið athygli erlendra fjölmiðla á hrakförum sínum á Íslandi. Leoncie er að sögn mjög ánægð með þá ákvörðun sína að yfirgefa klakann enda seljist nýja platan hennar, Invisible Girl, vel á erlendri grundu. Hún er orðin svo langþreytt á Íslendingum að hún segist ekki einu sinni munu heimsækja landið aftur eftir að hún flytur á brott. Hún hafi meira að segja sagt **Viktori**, íslenskum eiginmanni sínum, að hún muni skilja við hann reyni hann að draga sig aftur til landsins.




Humar
1.290,-kr.kg
Ótrúlegt verð á fínum humri.
Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Opið laugardaga 10.00 - 14.30


# Plata Sigur Rósar komin á netið

Þeir sem vilja heyra nýjustu plötu Sigur Rósar, Takk, sem kemur út 13. september geta stimplað sig inn á heimasíðuna oink.me.uk en þangað var henni nýlega lekið.

Þessi tíðindi hljóta að koma sér illa fyrir sveitina og útgáfufyrirtæki hennar, rúmum mánuði áður en platan kemur út. Jónsi, söngvari Sigur Rósar, var staddur í Ástralíu með hljómsveit sinni þegar Fréttablaðið náði í hann. Hann segist hafa verið búinn að heyra af þessu en kippti sér lítið upp við tíðindin.

„Ég held að þetta skipti ekki neinu máli og er bara fínt. Netið er búið að gera okkur svo gott. Margt fólk hefur kynnst tónlistinni okkar í gegnum netið þannig að ég held að þetta sé til góða, þó að þetta sé dálítið leiðinlegt. Þetta eyðileggur smá spennu fyrir fólki. En þetta er búið að gerast og þá gerist það og menn verða að sjá það góða í því,“ segir hann.

Jónsi býst ekki við að útgáfudegi plötunnar verði flýtt eins og oft er gert með plötur sem er lekið svo snemma á netið. Aðspurður segir Jónsi að tónleikaferð Sigur Rósar um heiminn hafi gengið rosalega vel og í raun framar öllum vonum. Hljómsveitin sé nýbyrjuð að spila nýju lögin á tónleikum og þau hafi komið vel út. ■



**SIGUR RÓS** Platan Takk með Sigur Rós er komin á netið, rúmum mánuði fyrir áætlaðan útgáfudag.




ThinkPad **R50e** - UR059DE

Örgjörvi: Pentium M 745 1,8GHz
Minni: 512MB
Skjár: 15" 1024x768 upplausn
Skjákort: 64MB Intel Extr.II
Diskur: 60GB 5400sn
Drif: DVD+/-RW Multiburner
Þráðlaust net: b / g
Stýrikerfi: Windows XP Pro



**SKÓLATILBOÐ 134.900 kr.**

ThinkPad **R52** - UN442DE

Örgjörvi: Pentium M 740 1,70Hz
Minni: 512MB
Skjár: 15" 1400x1050 upplausn
Skjákort: 64MB ATI Radeon x300
Diskur: 40GB 5400sn
Drif: DVD+/-RW Multiburner
Þráðlaust net: a / b / g
Firewire og Bluetooth
Stýrikerfi: Windows XP Pro



**SKÓLATILBOÐ 154.900 kr.**

## 3 FYRIR 1

Góð tölva verður enn betri með góðum hugbúnaði. Microsoft Office 2003 inniheldur verkfærin sem enginn vill vera án, sbr. Outlook, Word, Excel og PowerPoint.
Þú færð þrjú leyfi fyrir aðeins eitt.



**VERÐ AÐEINS**
**14.900 kr.**

Microsoft Office

Birt með fyrirvara um verðbreytingar, gengisbreytingar og innsláttarvillur

## LYKILORÐIÐ SEM ÞÚ GETUR EKKI GLEYMT

Fingrafaralesarinn á völdum ThinkPad T43 og X41 gerðum er greiptur á þægilegan hátt í tölvuna en þannig fæst öryggisstjórnun sem byggist á líkamanum. Kemur í stað lykilorða með ósigrandi þægindum.

## FALLPÚÐAVÖRN VERNDAR GÖGNIN ÞÍN

Eins og loftpúðaskynjari, greinir varnarkerfi ThinkPad snöggar breytingar á hreyfingu og læsir lestrarhaus harða disksins í stutta stund til að vernda mikilvæg gögn fyrir óhöppum. Í öllum gerðum nema R50e.

## MEST VERÐLAUNAÐA FARTÖLVAN

ThinkPad fartölvur hafa unnið til yfir 1200 verðlauna og er þ.a.l. mest verðlaunaða fartölva sögunnar. Kíktu á **www.thinkpad.is** þar sem þú getur skoðað 20 ástæður fyrir því að velja ThinkPad.

**VERÐ FRÁ AÐEINS 89.900 KR.**

Vertu velkomin(n) í verslun Nýherja, Borgartúni 37.
Sími: 569 7700 – Netfang: thinkpad@nyherji.is

Söluaðilar um land allt.

ThinkPad **T43** - UC514DE

Örgjörvi: Pentium M 730 1,6GHz
Minni: 512MB
Skjár: 14" 1024x768 upplausn
Skjákort: 128MB Intel 900
Diskur: 40GB 5400sn.
Drif: DVD+/-RW Multiburner
Þráðlaust net: b / g
Þyngd: Aðeins 2,3 kg
Bluetooth
Stýrikerfi: Windows XP Pro



**SKÓLATILBOÐ 159.900 kr.**

ThinkPad **T43** - UC34NDE

Örgjörvi: Pentium M 750 1,86GHz.
Minni: 512MB
Skjár: 14" 1400x1050 upplausn
Skjákort: 64MB ATI Radeon x300.
Diskur: 60GB 5400sn.
Drif: DVD+/-RW Multiburner
Þráðlaust net: a / b / g
Fingrafaralesari
Þyngd: Aðeins 2,3 kg
Bluetooth
Stýrikerfi: Windows XP Pro



**SKÓLATILBOÐ 199.900 kr.**

ThinkPad

**WWW.THINKPAD.IS**

NÝHERJI

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**
**SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR**

## *Tækni og heilkenni*

Það er alltaf verið að velta því fyrir sér hvers vegna tíðni andlegra vandkvæða og geðrænna sjúkdóma sé stöðugt að aukast. Fyrir utan geðhvörf og þunglyndi erum við komin með ótal einkenni sem hafa fengið heiti eins og athyglisbrestur, misþroski, bi-polar (einhvers konar tvískautun í sálinni), og svo mætti lengi telja.

**EFTIR AÐ HAFA** verið í Bandaríkjunum í hálft ár er ég orðin sannfærð um að tengsl séu á milli tækniframfara og allra nýrra andlegra einkenna og heilkenna sem mannkynið hefur uppdiktað á síðustu árum, ásamt aukinni tíðni geðsjúkdóma. Hér situr maður tengdur við öflugasta símakerfi, netkerfi, póstkerfi í heimi, sem er, hins vegar, sjaldnast í lagi.

**EN ÞAÐ VANTAR** ekki að allir eru með mikilfengleg þjónustunúmer sem hægt er að hringja í. Þegar maður svo hringir fær maður samband við tölvu sem býður manni að velja einn af níu kostum. Maður velur einn og fær að hlusta í tvær til þrjár mínútur á auglýsingaskrum um þjónustuna hjá fyrirtækinu áður en maður er beðinn að velja einn af næstu níu kostum. Maður velur einn, hlustar aftur á auglýsingaskrum í þrjár mínútur áður en maður er beðinn um að velja einn af næstu níu kostum. Svona gengur þetta lengi dags. Vandinn sem maður situr frammi fyrir er sjaldnast einn af valkostunum, þannig að þegar loksins næst samband við líf á jörðu er maður ekki með réttan aðila og verður að byrja upp á nýtt.

**ÉG SÁ ÞÁTT** um alls kyns nútímakvilla í sjónvarpinu í gær og geri mér grein fyrir að eftir hálfs árs dvöl er ég komin með athyglisbrest, alvarlegan misþroska, er illa þunglynd og örugglega með þessa tvískautun. Ef ég þarf að hringja í „þjónustu“ fyrirtæki fyllist ég kvíða og angist og það tekur mig einn til tvo daga að safna kjarki til þess. Þegar ég hef setið við símann í klukkutíma eða svo er ég orðin mannýg af pirringi, rek mig í allt sem ég geng framhjá, missi allt út úr höndunum og garga á mína nánustu. Verð síðan svo miður mín eftir allt saman að ég sé bara allt svart fram undan og langar til að drepa mig. ■





ÖFLUGAR TOSHIBA FARTÖLVUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Toshiba Satellite M40-133
Intel® Centrino™ tækni
Örgjörvi: Intel Pentium M 1.6GHz 2MB
Minni: 512MB DDR Minni (Mest 2GB)
Diskur: 60GB
Skjár: 15.4” WXGA (1280x800)
Skjástýring: ATI X300 64MB
Geisladrif: DVD Geislaskrifari
Media Bay kortalesari
Þráðlaus netstýring 54Mbps
10/100 netspjald og V.90 mótald
VGA & Sjónvarpstengi
3x USB 2.0, FireWire
Þyngd: 2.78 kg
Rafhlaða allt að 3.7 klst
Hugbúnaður: Windows XP Home, Internet Security (90 daga), MS OneNote 2003
Verð: 149.700 kr.

Toshiba Satellite M40X-105
Örgjörvi: Intel Celeron M 1.5GHz 1MB
Minni: 256MB DDR Minni (Mest 1.25GB)
Diskur: 40GB
Skjár: 15.4” WXGA (1280x800)
Skjástýring: Intel GMA 900
Geisladrif: CRRW/DVD Combo
SD minniskortalesari
10/100 netspjald og V.90 mótald
VGA & Sjónvarpstengi
3x USB 2.0, FireWire
Þyngd: 2.95 kg
Rafhlaða allt að 3.4 klst
Hugbúnaður: Windows XP Home, Internet Security (90 daga), MS OneNote 2003, MS Works
Verð: 89.700 kr.

MS OneNote fylgir með frítt.

TM tölvukaupalán
100% lán til allt að 36 mánaða á 9,5% vöxtum. Einnig býðst fartölvutrygging fyrir lántakendur. Greitt er fyrir eitt ár en annað ár er frítt.

Kaupauki:

Toshiba Satellite Pro L10 / Toshiba Portégé R200 / Toshiba Qosmio G20 / Toshiba Qosmio F10

50 fyrstu kaupendur Toshiba fartölva fá inneign í Pennanum að verðmæti 3.000 kr.

*Starfsfólk í þjónustudeild Tæknivals svarar fyrirspurnum hratt og vel í síma 550 4000.*

Hvaða TOSHIBA týpa ert þú?
>> Kíktu á www.taeknival.is og taktu þátt í TOSHIBA-týpuleiknum og þú gætir unnið fartölvu.

SAMSTARFSAÐILAR:
Penninn - Hallarmúla / Penninn - Akureyri - www.penninn.is / Tölvuþjónusta Vesturlands - Borgarnes - tvest@simnet.is
Netheimar - Ísafjörður - www.netheimar.com / Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - www.eyjatolvur.com
Tölvuþjónusta Vals - Keflavík - tvals@mi.is / Tölvu- og tækjabúðin - Ólafsvík
Martölvan - Höfn í Hornafirði - www.martolvan.is

Tæknival
SKEIFUNNI 17 SÍMI: 550 4000 www.taeknival.is

FABRIKAN / BALDUR KRISTJÁNS

SPARIDAGAR
...í fjórum verslunum og hjá umboðsmönnum
2005 3.–20. ágúst

Tilboðsverð: Kr. 8.490
AEG ÖRBYLGJUOFN

AEG
ÞVOTTAVÉLAR
ÞURRKARAR
UPPÞVOTTAVÉLAR
KÆLISKÁPAR
OFNAR - VIFTUR
HELLUBORÐ
15% afsláttur

SHARP
Tilboðsverð: Kr. 74.900
SHARP LC-20SH1E LCD VEGGSJÓNVARP

SAMSUNG
Tilboðsverð: Kr. 129.900
SAMSUNG LE26A41B 26˝ LCD VEGGSJÓNVARP

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 Sími 530-2800 Opið virka daga frá 9-18 Laugardaga frá 11-15
SMÁRALIND Sími 530-290 Opið virka daga frá 11-19 Laugardaga frá 11-18 Sunnudaga frá 13-18
SÍÐUMÚLA 9 Sími 530-280 Opið virka daga frá 9-18 Laugardaga frá 11-15
RADIONAUST FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu